

**Fjölskylduvænt fram undan**
*Hvert á að fara?*
**sérblað**



**Sultur, hosur og harðfiskur**
*Markaðir um allt land*
**ferðast 20**



**Pitsur fortíðarinnar**
*Réttur sem vandist vel*
**matarmenning 18**



**spottið 10**


# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

24. júlí 2010 — 172. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000




## 40 vilja stjórna bíóteki

*Fjörutíu manns sóttu um stöðu framkvæmdastjóra bíóteks í Regnboganum.*

**fólk 42**

## Augun spegla skrokkinn

*Ekki eru allir á eitt sáttir um ágæti þess að lesa heilsufarsupplýsingar úr augum fólks.*

**lithimnufræði 16**



## Atvinnumaðurinn efstur

*Birgir Leifur Hafþórsson leiðir Íslandsmótið í golfi.*

**sport 36**

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Hvert á að fara? | Allt | Allt atvinna







FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**NÆR ALLIR FLAUTUÐU** Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn mótmæltu á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í gær. Verkfall þeirra stóð milli klukkan átta og fjögur. Sverrir Björn Björnsson, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, segir boðtæki sem lögð voru inn ekki verða sótt fyrr en samningum verði náð. „Við erum að bíða eftir því að menn setjist að borðinu og semji,“ segir hann. Kjararáð fundar eftir helgi.

# Vonast eftir sátt um dóminn

**Seðlabankavextir skulu koma í stað gengistryggingar og samningsvaxta á erlendum bílalánum, samkvæmt dómi héraðsdóms. Fjármálaráðherra segir niðurstöðuna sanngjarna. Enn sé þó óvissa um ýmsa samninga.**

**EFNAHAGSMÁL** Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur varðandi uppgjör gengistryggðra bílalána er sanngjörn og eðlileg, að mati fjármálaráðherra. Samkvæmt henni skulu hagstæðustu óverðtryggðu vextir Seðlabankans koma í stað gengistryggingar og samningsvaxta, í samræmi við tilmæli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.

„Ég tel að þetta sé í sjálfu sér tiltölulega sanngjarn dómur og mér finnst að þetta eigi að vera niðurstaða sem báðir aðilar geta vonandi unað sæmilega við,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í samtali við Fréttablaðið að loknum upplýsingafundi ráðherra með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans í gærkvöldi.

Dómnum verður áfrýjað til Hæstaréttar. Steingrímur segir að jafnvel þótt Hæstiréttur muni komast að sömu niðurstöðu muni enn ríkja mikil óvissa um uppgjör ýmissa samninga. Langstærstur hluti gengistryggða lána hafi verið til fyrirtækja, og þeir lánasamningar séu að mörgu leyti frábrugðnir þeim samningum um bílalán sem dómurinn tekur til.

„Það er heilmikill frumskógur að lesa úr því öllu og menn treysta sér ekki til að fullyrða mikið um það enn hversu víðtækt fordæmisgildi þegar gengnir dómar kynnu að hafa,“ segir Steingrímur.

Steingrímur segir fundinn í gær hafa verið upplýsingafund þar sem nýjustu talnagögn hafi verið skoðuð en þar hafi engar ákvarðanir verið teknar. Hann segir að ekki hafi verið kannað hver eiginfjárþörf bankanna yrði ef niðurstaðan verður staðfest. Ljóst sé að hún yrði þó miklum mun minni en ef samningsvextir myndu gilda.

**- sh /** **sjá síðu 6**










## SPURNING DAGSINS



*„Magni, hefur ykkur Borgfirðingum tekist að bræða hjörtu landsmanna?“*

„Ef okkur hefur ekki tekist það enn þá gerist það í bráð!“

Guðmundur Magni Ásgeirsson tónlistarmaður, er einn skipuleggjenda tónlistarhátíðarinnar Bræðslunnar sem fram fer um helgina á Borgarfirði eystri. Uppselt er í forsölu og búist er við miklum mannfjölda í bænum.



**UNDIRRITUN** Í gær var skrifað undir samning um samstarf Gekon og KPMG. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ísland verður fyrirmynd:

## Gera alheimsúttekt á jarðvarmageiranum

**ORKUMÁL** Greining íslenska ráðgjafarfyrirtækisins Gekon og doktor Michaels Porter á íslenska jarðvarmaklasanum verður undirstaða heildarúttektar endurskoðunarfyrirtækisins KPMG á jarðvarmageiranum á heimsvísu, arðsemi hans og tækifærum.

Gekon og KPMG undirrituðu í gær samkomulag þessa efnis.

Niðurstöðurnar verða kynntar á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin verður í Háskólabíói 1. nóvember næstkomandi, að því er fram kemur í tilkynningu. Þar mun Michael Porter meðal annars leggja fram tillögur um með hvaða hætti best sé að haga uppbyggingu íslenska jarðvarmaklasans og ekki síst tækifærum hans í alþjóðlegu samhengi. - sh

Fólk ekur hægar á Akureyri:

## Brotum fækkar um helming

**LÖGREGLUMÁL Umferðarlagabrotum í umdæmi lögreglunnar á Akureyri hefur fækkað um meira en helming milli ára. Í júní 2009 voru framin 332 umferðarlagabrot en 161 í júní í ár.**

**Engin ein skýring er á fækkuninni að mati lögreglunnar á Akureyri, en svo virðist sem ökulag sé að breytast. Ölvunarakstur og akstur undir áhrifum fíkniefna minnkar ekki en hraðakstur og akstur án bílbelta hefur minnkað mikið.**

**Hegningarlagabrotum fækkar einnig milli ára, voru 91 í fyrra en 65 í ár. Þá fækkaði fíkniefnabrotum úr fimmtán í átta.** - þeb

Viðrar vel til fjallgöngu:

## Enn hægt að klífa Hnjúkinn

**NÁTTÚRA** Aðstæður fyrir göngu á Hvannadalshnúk eru góðar þessa dagana þrátt fyrir að komið sé fram yfir miðjan júlí og veturinn hafi verið snjóléttur.

Helsti göngutíminn er í maí og fram yfir miðjan júní en aðstæður til göngu í sumar hafa verið óvenju góðar.

Fyrirtækið Íslenskir fjallaleiðsögumenn býður upp á göngur á Hvannadalshnúk þrisvar sinnum í viku, þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga, og verður þeim ferðum haldið áfram meðan aðstæður leyfa. - mþl

Stór grindhvalavaða rekin á land í Þórshöfn í gær:

# Hundrað hvalir skornir

**FÆREYJAR** Sjómenn í Þórshöfn í Færeyjum ráku í gærmorgun á land grindhvalavöðu sem í voru um 110 skepnur.

Nær allir sjómenn í bænum fóru til móts við vöðuna árla morguns eftir að fréttin barst um hana frá skipstjóra úti fyrir landinu. Hún var rekin upp í Sandfjöru þar sem allir hvalirnir voru skornir á litlum sjö mínútum. Ernst Kass, reyndur skipstjóri, segir drápið hafa verið til fyrirmyndar og gengið hratt fyrir sig.

Hvalnum er skipt á milli þeirra sem sigla út og fjölda fullorðinna og barna sem koma í fjöruna. Sá sem sér eða tilkynnir um vöðuna fær stærsta hvalinn eða þrjá minni og sjúkrahúsið og elliheimilið fá hvort sinn hvalinn. Öðrum er skipt á milli þeirra sem skrá sig hjá yfirumsjónarmanni. Hverjum hval er skipt í einingar sem kallaðar eru skinn og eru um átta skinn í meðalstórum hval. Á einu skinni er bæði spik og kjöt sem verka þarf strax.

Ernst segir grindhval vera herramannsmat. Kjötið sé borðað ferskt og þurrkað og spikið ferskt með signum fiski eða harðfiski. - sh



**LÍF OG FJÖR** Fólk á öllum aldri þusti niður í fjöru og sumir klæddu sig úr skóm og sokkum til að leyfa rauðlituðum sjónum að leika við fæturna. MYND/PÁLL JÖKULL

# Fimm dæmdir fyrir dópsmygl frá Spáni

**Fimm menn fengu samtals sautján og hálfs árs fangelsisdóm fyrir að smygla einu og hálfu kílói af kókaíni til landsins frá Alicante. Símar voru hleraðir í meira en hálft ár. Einn meintra höfuðpaura málsins fer enn huldu höfði á Spáni.**

**DÓMSMÁL** Fimm menn voru í gær dæmdir í samtals sautján ára fangelsi fyrir að standa saman að innflutningi á hálfu öðru kílói af mjög sterku kókaíni til landsins frá Alicante á Spáni.

Þyngsta dóma, fjögur og hálft ár, hlutu Guðlaugur Agnar Guðmundsson, sem skipulagði smyglið og fjármagnaði það, og Davíð Garðarsson, sem gegndi veigamiklu hlutverki í að útvega burðardýr til verksins. Annar skipuleggjandi, Orri Freyr Gíslason, fékk þriggja og hálfs árs dóm, milliliðurinn Pétur Jökull Jónasson þrjú ár og burðardýrið Jóhannes Mýrdal tvö ár.

Lögregla fékk veður af því síðsumars 2009 að Guðlaugur Agnar og Orri Freyr hygðust smygla fíkniefnum til landsins. Símar þeirra voru í kjölfarið hleraðir og eftirfararbúnaði komið fyrir á þeim og öðrum sem síðar kom í ljós að tengdust málinu.

Þáttur hinna varð fljótt ljós og viðurkenndu Pétur Jökull og Orri Freyr við skýrslutökur hjá lögreglu að Davíð hefði átt hlut að máli. Fyrir dómi, eftir að hafa átt samskipti við meðákærðu, þeirra á meðal Davíð, tók framburður þeirra hins vegar stakkaskiptum og könnuðust þeir þá skyndilega ekki við að Davíð hefði nokkuð komið nærri málinu. Gerði saksóknari því skóna að þeir væru að halda hlífiskildi yfir Davíð.

Davíð hefur lengstan sakaferil mannanna fimm, og nær hann allt aftur til ársins 1985. Hann hefur hlotið fjórtán refsidóma, meðal annars fyrir nauðgun og fíkniefnamisferli. Davíð var á flótta undan réttvísinni erlendis í hálft annað ár



**DAVÍÐ GARÐARSSON** Tveir sakborningar gjörbreyttu framburði sínum við meðferð málsins, að því er virðist til að halda hlífiskildi yfir þessum manni, Davíð Garðarssyni. Hann hlaut fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

eftir að nauðgunardómurinn féll. Hann var á skilorði þegar kókaínmálið kom upp í apríl og eru eftirstöðvar fyrri dómsins dæmdar með nú.

Guðlaugur Agnar á að baki fimm dóma frá 2003. Hinir eiga styttri sakaferil.

Guðlaugur Agnar og Orri Freyr eru jafnframt sakfelldir fyrir peningaþvætti, enda þykir sannað að þeir hafi hagnast um milljónir á fíkniefnasölu. Átta og hálf milljón króna og skartgripir að verðmæti tveggja milljóna eru gerð upptæk.

Einn af meintum höfuðpaurum í málinu er hins vegar enn ófundinn. Sá heitir Sverrir Þór Gunnarsson, betur þekktur sem Sveddi tönn, og er talinn fara huldu höfði á Spáni. Hann var einn af aðalmönnunum í stóra fíkniefnamálinu sem upp kom um aldamót, er grunaður um að tengjast mörgum stórum fíkniefnamálum sem upp hafa komið hérlendis síðustu ár og var bendlaður við þetta mál af sakborningum. Hann er nú eftirlýstur ytra. Komi hann í leitirnar er ekki útilokað að hann verði ákærður fyrir sinn þátt. stigur@frettabladid.is

Þingflokkur Vinstri grænna sendir Samfylkingunni afdráttarlaus skilaboð:

# Krefjast riftunar á kaupum Magma

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Vinstri grænna hefur komið þeirri skýlausu kröfu á framfæri við samstarfsflokkinn í ríkisstjórn að fundin verði leið til að rifta kaupum kanadíska orkufyrirtækisins Magma Energy á HS Orku. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins varð þetta einróma niðurstaða þingflokksfundar sem haldinn var um Magma-málið í gærkvöldi.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins telja þingmenn Vinstri grænna Samfylkinguna að einhverju leyti hafa farið á bak við sig í málinu, og í ljósi þess að tilvist Vinstri grænna grundvallist að hluta til á stefnunni í orkumálum sé afar brýnt að málið leysist. Samfylkingin hafi gert mistök í stjórnarsamstarfinu með því að stilla sér upp með öðrum flokkum í þessu tiltekna máli, gegn samstarfsflokknum.

Hefur þeim skilaboðum verið komið til Samfylkingarinnar að hún þurfi að íhuga sína stöðu gagnvart Vinstri grænum með þetta í huga, án þess þó að rætt sé um stjórnarslit í því samhengi.

Vinstri græn munu jafnframt gera þá kröfu að eignarhald á orkuauðlindum verði endurskoðað frá



**ÞINGFLOKKSFUNDUR** Vinstri græn telja að Samfylkingin hafi að sumu leyti komið í bakið á þeim í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

grunni ásamt lögum um erlenda fjárfestingu.

Skúli Helgason, formaður iðnaðarnefndar og varaformaður þingflokks Samfylkingarinnar, hafði ekki heyrt af niðurstöðu þingflokksfundar VG í gær, en sagði að Samfylkingin ynni nú að farsælli lausn málsins í samstarfi við VG og áréttaði mikilvægi þess að efna til rannsóknar á sölu Hitaveitu Suðurnesja og kaupum Magma. - sh

Skýrsla Ríkisendurskoðunar:

## Bæjarstjórn kennt um þrot

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Rangar ákvarðanir bæjarstjórnar Álftaness á árunum 2006 til 2009 eru meginorsök greiðsluþrots Álftaness, að mati Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun segir í nýrri skýrslu að bæjarstjórnin hafi ekki brugðist við viðvörunum og að útþensla bæjarins hafi byggt á óraunhæfum væntingum. Skuldir sveitarfélagsins sjöfölduðust á tímabilinu 2006 til 2009 og námu samtals um 7,3 milljörðum króna í árslok 2009.

Sérstaklega eru nefndar ákvarðanir um að semja við einkaaðila um að byggja sundlaug, íþróttahús og aðrar þjónustubyggingar og leigja síðan þessi mannvirki af þeim. Samningarnir eru ýmist til 30 eða 50 ára og óuppsegjanlegir. - sh

27 ára svefn á enda:

## Þeyr vaknar í gjörningi

**FÓLK Hljómsveitin Þeyr kemur fram á 100 ára afmæli íslensku hljómplötunnar í Norræna húsinu 23. ágúst næstkomandi. Hljómsveitin hætti árið 1983 eftir stuttan en farsælan feril sem hófst, að sögn Guðlaugs Kristins Óttarssonar, fyrir alvöru þegar hin eiginlega Þeyr varð til í janúar 1981.**



**GUÐLAUGUR K. ÓTTARSSON**

**„Þetta verður táknrænn gjörningur,“ segir gítarleikarinn Guðlaugur Kristinn. Þeir Hilmar Örn Agnarsson bassaleikari og söngvarinn Magnús Guðmundsson verða fulltrúar hljómsveitarinnar ásamt allsherjargoðanum Hilmari Erni Hilmarssyni.** - afb / sjá síðu 42

Vestia selur fyrsta fyrirtækið:

## Söluverðið 250 milljónir króna

**VIÐSKIPTI** Lyfjaþjónustan ehf. hefur keypt dreifingarfyrirtækið Parlogis á 250 milljónir króna. Fyrirtækið var að 80 prósentum í eigu eignarhaldsfélags Landsbankans, Vestia, og að fimmtungi í eigu Atorku Group.

Fram kemur í tilkynningu að fyrirtækið sé það fyrsta sem selt er úr eignasafni Vestia, en salan er með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Alls fengu tólf kynningargögn um Parlogis, en fjórir lögðu svo fram óskuldbindandi tilboð. Þeir fengu svo aðgang að gögnum til áreiðanleikakönnunar, áður en lagt var fram bindandi tilboð.

Rekstur Parlogis er sagður í ágætu horfi, en fyrirtækið varð fyrir miklum skakkaföllum í tengslum við efnahagshrunið og gengisfall krónunnar. - óká



19.900
23.590
Gasgrill
Gasgrill Omega 200
3000235
Regn og vindsett m/öndun
dömu til í gráu og rauðu, herra til grá og blá, (barnastærðir rautt og grátt jakki 3999 buxur 3999)
5868030-5868088
JAKKI
3.999
5.999
BUXUR
2.999
3.999
TRJÁPLÖNTUÚTSALA
ÖLL SUMARBLÓM & GARÐPLÖNTUR
50%
AFSLÁTTUR
GARÐÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA
26.900
37.294
Öryggisnet
F/trampólín 13 ft.
3900566
14.900
20.795
Trampólín 13 ft
ø 396 sm, hæð 88 sm
3900563
Garðhús 7.2 m2
320.000
359.000
Garðhús 7.2 m2
Með fylgihlutum.
600236
12.700
16.990
Rafmagnssláttuvél
Sláttuvél Texas Garden
5085124
GARÐSETT
19.900
27.990
ÖLL GARÐHÚSGÖGN
25%
AFSLÁTTUR
Garðsett
80 sm borð með 4 stólum
3899138
Húsa Útimálning
10L Hvítt
7207040
10 lítrar
6.795
8.995
Hi Point GREINA-& GARÐKLIPPUR
40%
AFSLÁTTUR
Þekur 50m2 í tveimur umferðum
GORI 44+
ÖLL VIÐARVÖRN
25%
AFSLÁTTUR
Látum verkin tala!
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
Skútuvogur opið alla daga til 21:00
Grafarholt opið alla daga til 18:00
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
blómaval
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 23.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,90 | 122,48 |
| Sterlingspund | 188,12 | 189,04 |
| Evra | 157,77 | 158,65 |
| Dönsk króna | 21,169 | 21,293 |
| Norsk króna | 19,794 | 19,910 |
| Sænsk króna | 16,703 | 16,801 |
| Japanskt jen | 1,399 | 1,4072 |
| SDR | 184,39 | 185,49 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,139

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Heimsókn sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hingað til lands er nú lokið:

# Þriðja endurskoðun í september á áætlun

**EFNAHAGSMÁL** Sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum mælir með því að stjórn sjóðsins afgreiði og samþykki þriðju endurskoðun á áætlun sjóðsins á Íslandi sem fara á fram í september. Mark Flanagan, yfirmaður áætlunar AGS á Íslandi, fór fyrir nefndinni, sem kom hingað til lands á mánudag, fór af landi brott á fimmtudag. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá AGS.

„Nýlokin heimsókn sendinefndarinnar kom í framhaldi af sambærilegri heimsókn 14. til 28. júní. Sendinefndin lauk umræðum um áætlun AGS á Íslandi og komst að samþykki sín á milli um að klára skuli þriðju endurskoðun sjóðsins. Nokkur tæknileg atriði eru enn óútkljáð en stefnt er að því að endurskoðunin verði tekin fyrir af stjórn AGS snemma í september,“ sagði Franek Rozwadowski, sendifulltrúi AGS á Íslandi, við þetta tilefni. „Áætlunin hefur verið að skila árangri. Niðursveiflan hefur verið grynnri en búist var við, verðbólga hefur lækkað, dregið hefur úr viðskiptahalla og gengi krónunnar er stöðugra en áður. Ríkisfjármálin eru betri og umgerð og eftirlit með fjármálakerfinu hefur verið bætt. Á þessari velgengni má byggja með áframhaldandi þrautseigju og vel tímasettri stefnumörkum,“ sagði Rozwadowski enn fremur. - mþl



**FRANEK ROZWADOWSKI OG MARK FLANAGAN** Fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem mest hafa unnið að áætlun sjóðsins á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Runólfur Ágústsson hæfastur:

# Umboðsmaður skuldara ráðinn

**STJÓRNSÝSLA** Runólfur Ágústsson, lögfræðingur og fyrrverandi rektor á Bifröst, hefur verið ráðinn í embætti umboðsmanns skuldara. Embættið tekur til starfa 1. ágúst og tekur þá við verkefnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, sem starfrækt hefur verið um skeið á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Níu manns sóttu um embættið en niðurstaða hæfnismats var sú að Runólfur væri hæfastur í starfið.

Runólfur var framkvæmdastjóri Keilis frá 2007 til 2009 og hefur frá 2009 verið stjórnarformaður Vinnumálastofnunar og Atvinnuleysistryggingasjóðs. - sh

## VEGAGERÐ

### Kalkofnsvegur þrengdur

Kalkofnsvegur verður þrengdur tímabundið vegna framkvæmda við lagnir tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu. Ein akrein verður í hvora átt og umferðarhraði takmarkaður við 30 kílómetra á klukkustund. Áætlað er að framkvæmdum ljúki seinni hluta ágústmánaðar.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Kannabisræktun stöðvuð

Kona á fimmtugsaldri var handtekin í fyrradag þegar lögreglan stöðvaði kannabisræktun í bílskúrnum á heimili hennar í Garðabæ. Alls fundust 72 plöntur í bílskúr konunnar sem játaði sinn þátt í málinu. Hún hefur ekki komið við sögu lögreglunnar áður.

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu á fimmtudag kom fram að seinni tónleikar Basil-karlakórsins frá dómkirkjunni í Moskvu í Langholtskirkju í kvöld færu fram á miðnætti. Það er ekki rétt, tónleikarnir hefjast klukkan 22.30.

## Umhverfis landið



### Rannsaka skólpmengun í Skutulsfirði

**SKUTULSFJÖRÐUR** Umhverfisnefnd Ísafjarðar vill að farið verði í rannsóknir og mælingar á skólpmengun í Skutulsfirði. Lagt hefur verið til að gerð verði kostnaðaráætlun vegna þess. Bæjaryfirvöld hafa óskað eftir því að fjörðurinn verði skilgreindur síður viðkvæmur viðtaki, sem þýðir að endurnýjun vatns sé mikil og losun ákveðinna mengunarefna ekki talin hafa skaðleg áhrif. Stofnuninni þótti gögn ekki fullnægjandi og verður því ráðist í þessar rannsóknir.

### Mótmæla lagningu háspennukapla

**SIGLUFJÖRÐUR** Íbúar á Siglufirði eru margir hverjir óánægðir með lagningu sex háspennukapla í gegnum bæinn. Íbúar hafa kvartað yfir því að framkvæmdin hafi hvorki farið í umhverfismat né grenndarkynningu, að því er fram kemur á vefnum siglo.is. Íbúar mótmæltu í vikunni, en mótmælin voru mjög friðsamleg. Starfsmönnum Steypustöðvar Skagafjarðar, sem sjá um framkvæmdina fyrir Rarik, var boðið upp á kaffi og með því. Sérfræðingur mun vera á leið til Siglufjarðar til að skoða málið, og þá ætla Geislavarnir ríkisins að skoða málið.

### Mótorhjól á 222 kílómetra hraða



**AKUREYRI** Lögreglan á Akureyri mældi mótorhjól á 222 kílómetra hraða aðfaranótt föstudagsins. Það er mesti hraði sem nokkurn tímann hefur mælst í umdæmi lögreglunnar. Ökumaður hjólsins var á Svalbarðsstrandarvegi á leið til Akureyrar um klukkan eitt aðfaranótt föstudags. Hann hélt för sinni áfram þó að lögregla hafi veitt honum eftirför, og segir lögregla ekki víst að hann hafi gert sér grein fyrir því að lögregla hafi mælt hann vegna þess á hve miklum hraða hann var. Lögregla segir mikla mildi að enginn hafi slasast við ofsaaksturinn. Ökumaðurinn er ófundinn.



### Borgfirðingar fá frítt á Bræðsluna

**BORGARFJÖRÐUR EYSTRI** Allir þeir sem eiga lögheimili á Borgarfirði eystri fá frítt inn á tónlistarhátíðina Bræðsluna sem haldin verður þar um helgina. Aðstandendur Bræðslunnar ákváðu að bjóða Borgfirðingum til þess að sýna þakklæti sitt fyrir allan stuðning sem þeir hafa fundið fyrir frá því að Bræðslan varð til. Hátíðin fékk Eyrarrósina, verðlaun sem veitt eru fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni, í vetur.



### Barnadagur í Viðey á morgun

**REYKJAVÍK** Árlegur barnadagur verður haldinn í Viðey á morgun. Öllum börnum sem þangað koma verður boðið á hestbak og alls kyns afþreying verður jafnframt í boði. Lalli töframaður mun skemmta börnunum, barnamessa verður haldin í Viðeyjarkirkju og Gunni og Felix skemmta með tónlist og spjalli. Þá verður opið í Viðeyjarstofu fram til klukkan fimm og munu börn fá íspinna þar á meðan birgðir endast. Síðasta ferð Viðeyjarferjunnar verður úr eyjunni kl. 18.30.

### Barnavernd á vakt í Eyjum



**VESTMANNAEYJAR** Barnaverndaryfirvöld í Vestmannaeyjum munu hafa sérstakar bakvaktir yfir Þjóðhátíðarhelgina, frá fimmtudagskvöldi til hádegis á mánudag. Starfsmenn fjölskyldu- og fræðslusviðs sinna bakvöktunum og munu lögregla og gæsla hafa bakvaktarsímanúmer. Barnaverndaryfirvöld hafa haft þennan háttinn á undanfarin ár. Fjölskyldu- og tómstundaráð bæjarins beinir því einnig til foreldra að börn undir 18 ára eru á ábyrgð þeirra. Það gildir líka um gestkomandi börn í bænum.





Livostin verkar innan 15 mínútna

Livostin® (levokabastin); nefúði 50 míkróg/skammt og augndropar 0,5 mg/ml. Livostin er fáanlegt án lyfseðils og er notað gegn ofnæmisbólgum í nefi og augum. Verkun lyfsins hefst innan 15 mínútna og stendur í margar klukkustundir. Skammtastærðir eru þær sömu fyrir börn og fullorðna: Nefúði: 2 úðaskammtar í hvora nös 2 sinnum á dag. Hver úðaskammtur inniheldur um 50 míkróg af levokabastini. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Augndropar: 1 dropi í hvort auga 2 sinnum á dag. Ef þess gerist þörf má gefa skammtinn allt að 4 sinnum á dag. Hver dropi inniheldur u.þ.b. 15 míkróg af levokabastini. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Varúð: Ekki má nota Livostin ef þekkt er ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju hjálparefnanna. Ekki er ráðlegt nota mjúkar augnlinsur með Livostin augndropum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Aukaverkanir: Tímabundin erting í nefi strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 5% sjúklinga). Tímabundin erting í augum, strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 16% sjúklinga). Ofnæmi hefur í einstaka tilvikum komið fram. Meðganga og brjóstagjöf: Lyfið veldur fósturskemmdum í dýratilraunum og ætti því ekki að nota á meðgöngutíma. Lyfið skilst út í móðurmjólk, en áhrif á barnið eru ólíkleg við venjulega skömmtun. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**BEST NA-LANDS**
Helgarveðrið einkennist af heldur hægum vindi og björtu veðri N- og NA-til. Í dag rignir aðeins S- og SA-lands en léttir síðan til. Í fyrramálið þykknar upp, fyrst SV-lands og á morgun má búast við súld eða rigningu með köflum víða S- og V-lands.




Á MORGUN
5-10 m/s
Hvassast allra syðst.

MÁNUDAGUR
Hæg breytileg eða austlæg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 23° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 37° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 22° |
| París | 23° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is




# Aðeins 25 kr. dagurinn

Farðu á Netið í símanum og fylgstu með fréttum, sendu tölvupóst,
uppfærðu Fésbókina eða spjallaðu við vini þína á MSN. Netið í
símanum fylgir þér um landið þvert og endilangt.
Dagurinn kostar aðeins 25 kr. / 5 MB

**Kynntu þér 3G áskriftarleiðirnar á siminn.is**

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

ENNEMM / SIA / NM42980

**KJÖRKASSINN**



*Líst þér vel á að dregið verði úr tekjutengingu bóta?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 70,2% |
| NEI | 29,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt(ur) við dóm héraðsdóms vegna gengistryggðra bílalána?*

Segðu þína skoðun á visir.is **vísir**

Fyrrverandi seðlabankastjóri:

## Biðst afsökunar á ummælum

**DÓMSMÁL Eiríkur Guðnason, fyrrverandi seðlabankastjóri, segir að það hafi verið mistök hjá sér að hafa haldið því fram í viðtali við vefmiðilinn Pressuna að þeir sem tóku gengistryggð lán beri sömu ábyrgð og lánveitendur.**



EIRÍKUR GUÐNASON

**„Ég sé eftir því að hafa notað stór orð í viðtali við blaðamann Pressunnar þegar ég benti á að báðir aðilar að lánasamningi gengisbundinna lána hafi brotið lög. Vil ég biðjast afsökunar á því,“ segir í yfirlýsingu sem Eiríkur sendi Pressunni. Hann segir flesta lántakendur treysta því að samningar lánafyrirtækja standist lög.** - bj

Setið um Chelsea Clinton:

## Lögregla handtók tvo norska blaðamenn

**NOREGUR** Tveir norskir blaðamenn hafa verið handteknir í Bandaríkjunum fyrir að taka myndir af framtíðarheimili Chelsea Clinton, dóttur forsetans fyrrverandi og utanríkisráðherrans núverandi.



CHELSEA CLINTON

Hún gengur í hjónaband í dag.

Blaðamennirnir frá Verdens Gang eru sakaðir um að fara inn á annarra manna lóð við myndatökuna. Ritstjóri VG segir að þeir hafi ekki vitað af myndaranum.

Ritstjórinn segir að blaðið muni borga sektina en það sé skoðun hans að bandaríska lögreglan fari þarna offari. - ót

**VIÐSKIPTI**

### Microsoft sló met

Methagnaður varð af starfsemi Microsoft á öðrum ársfjórðungi þessa árs. Hagnaðurinn nam 16 milljörðum dollara eða tæplega 2.000 milljörðum króna. Þessi hagnaður er töluvert umfram væntingar sérfræðinga og hækkuðu hlutabréf í Microsoft um þrjú prósent í utanmarkaðsviðskiptum í gær þegar uppgjörið var kynnt.

**FRÉTTASKÝRING: Hvað gerist eftir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um gengislánavexti?**

# Fallist var á kröfu um vexti Seðlabankans á gengisláni

**Gengistryggt bílalán skal gera upp miðað við óverðtryggða vexti Seðlabankans samkvæmt dómi héraðsdóms. Ósanngjörn niðurstaða sem verður áfrýjað segir verjandi lántakanda. Lýsing bíður eftir Hæstarétti.**

**DÓMSMÁL** Skuld manns vegna gengistryggðs bílaláns hjá Lýsingu verður gerð upp eins og ef lánið hefði verið tekið með óverðtryggðum vöxtum Seðlabanka Íslands, samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í gær.

Fullvíst er að dóminum verður áfrýjað til Hæstaréttar, enda mun niðurstaða dómsins hafa fordæmisgildi fyrir önnur gengistryggð lán, sem Hæstiréttur dæmdi nýverið ólögmæt.

Dómurinn gengur út frá því að báðum aðilum hafi verið ljóst að lánið væri í raun verðtryggt í erlendri mynt. Þar sem gengistryggð lán hafi verið ólögmæt sé því eðlilegt að miða við óverðtryggða vexti Seðlabankans.

Dómurinn sem féll í gær varðaði gengistryggt bílalán sem tekið var í nóvember 2007. Lánsupphæðin var tæplega 3,6 milljónir króna. Lántakandinn greiddi af láninu þar til í apríl 2009 og skilaði bílnum í lok júlí það sama ár.

Lýsing stefndi lántakandanum og krafðist þess að fá greitt til baka eins og ef lánið hefði verið tekið með verðtryggingu í íslenskum krónum samkvæmt gjaldskrá félagsins. Vildi Lýsing fá alls 1,3 milljónir króna, auk dráttarvaxta.

Á það féllst lántakandinn ekki, og taldi sig eiga að greiða af láninu miðað við vaxtakjör sem fram komu í samningnum. Hann hélt því fram fyrir dómi að honum bæri að greiða tæplega 123 þúsund krónur auk dráttarvaxta.

Lýsing setti fram fimm varakröfur í málinu, og féllst dómarinn á þá fjórðu. Þar var þess krafist að lántakandinn greiddi af láninu eins og ef það hefði verið tekið miðað við óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Var lántakandinn því dæmdur til að greiða um 796 þúsund krónur, auk dráttarvaxta.

Dómarinn bendir í umfjöllun sinni á að Lýsing hafi boðið ýmis konar lán, og lántakanda hafi mátt vera fullkunnugt um að hann væri að taka lán sem væri verðtryggt í erlendri mynt, og að vextir á láninu miðuðu við þá verðtryggingu. Gengistryggingin hafi verið forsendan fyrir því að Lýsing hafi veitt lánið á svo lágum vöxtum, og því eigi samningur um vaxtakjör ekki að binda fyrirtækið eftir að gengistryggingin hafi verið dæmd ólögmæt.

Því kemst dómarinn að þeirri niðurstöðu að Lýsing eigi rétt á því að lántakandinn greiði til baka þá fjárhæð sem „ætla má að aðilar hefðu ellegar sammælst um, án tillits til villu þeirra beggja“.




**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is




**DÓMUR FALLINN** Jóhannes Árnason, verjandi lántakandans (til hægri), rýnir í niðurstöður dómsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær ásamt samstarfsmanni sínum, Árna Helgasyni lögmanni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fráleitt að lögbrot leiði til forsendubrests



MARINÓ G. NJÁLSSON

„Þessi niðurstaða er vissulega vonbrigði, en maður átti svo sem von á þessari niðurstöðu,“ segir Marinó G. Njálsson, stjórnarmaður í Hagsmunasamtökum heimilanna. Hann segir að þó mikilvæga sé að nú fari málið til Hæstaréttar, þar sem endanleg niðurstaða fáist.

Marinó segir það einkennilegt hjá dómaranum að telja að lánafyrirtækið hafi orðið fyrir forsendubresti þegar Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að gengistryggð lán væru ólögleg. Fráleitt sé að telja það forsendubrest brjóti lánveitandinn lög. Í öllu falli sé óeðlilegt að tekið sé tillit til forsendubrests lánveitandans en ekki lántakans.

Í dómnum segir að Lýsing eigi rétt á greiðslum samkvæmt því sem líklegt sé að samið hefði verið um, „án tillits til villu þeirra beggja“.

Marinó gerir athugasemdir við þetta orðalag, þar sem augljóst sé að lánveitandinn hafi brotið lög. „Neytandinn á ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því hvort vara sem í boði er á markaði sé lögleg eða ekki.“

## Vonast eftir niðurstöðu strax í haust

„Í dóminum segir að miða skuli við óverðtryggða vexti Seðlabankans á hverjum tíma, sem fóru yfir 20 prósent um tíma, svo það er ekki sérlega sanngjörn niðurstaða,“ segir Jóhannes Árnason, verjandi lántakandans sem Lýsing stefndi.

„Við teljum að það séu ekki forsendur til að setja þessi ákvæði inn í samninginn, og hækka samningsbundna vexti eftirá, skuldaranum í óhag.“

Jóhannes segir að málinu verði augljóslega áfrýjað til Hæstaréttar. Hann segir það dómsins að ákveða hvenær málið verður tekið fyrir, en hann vonast til þess að það fái flýtimeðferð hjá dómstólnum.

„Þangað til annað kemur í ljós gildir þessi niðurstaða um samninga sem eru gengistryggðir og óverðtryggðir vextir Seðlabankans taka við. En málinu verður áfrýjað, og mun fá endanlega niðurstöðu hjá Hæstarétti,“ segir Jóhannes. „Ég held að það geri sér allir grein fyrir því að það sé mikilvægt að fá botn í þessi mál, og vonandi kemur niðurstaða strax í haust.“

## Lítið fordæmi

Fordæmisgildi dóms Héraðsdóms Reykjavíkur vegna gengisláns hefur takmarkað fordæmisgildi, þar sem fyrir lá áður en málið var höfðað að því yrði áfrýjað til Hæstaréttar, að því er fram kemur í tilkynningu frá Lýsingu vegna niðurstöðu héraðsdóms.

„Mikilvægi þessa dóms felst fyrst og fremst í því að dómurinn er nauðsynlegur áfangi til að ná fram endanlegri niðurstöðu í þessu mikilvæga máli,“ segir þar ennfremur.

Vonir standa til þess að Hæstiréttur kveði upp dóm í málinu í september.

## Segir fjármálastöðugleika ekki ógnað

„Ef þetta verður niðurstaðan verður fjármálakerfið fyrir talsverðu tjóni, en mun minna en ef samningsvextir verða látnir gilda,“ segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, spurður um áhrif dómsins á fjármálakerfið.



GYLFI MAGNÚSSON

Hann segir að staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms sé fjármálastöðugleika ekki ógnað. Eitthvað tap myndi þó falla á ríkissjóð vegna málsins, vegna eignarhlutar í Landsbankanum og öðrum fjármálafyrirtækjum.

„Þessi niðurstaða kom ekki á óvart, dómarinn miðar við vexti sem tilgreindir eru í lögum,“ segir Gylfi. Hann segir að niðurstaðan sé mitt á milli ýtrustu krafna beggja aðila, og allir ættu að geta sæst á slíka niðurstöðu.

Verði niðurstaða Hæstaréttar í takt við dóm héraðsdóms mun fólk sem tók gengistryggð lán vonandi vera í svipaðri stöðu og þeir sem tók verðtryggð íslensk lán, segir Gylfi. Hann bendir á að fyrirtækin hafi verið með mun hærri upphæðir í gengistryggðum lánum en heimilin, og þau gætu sett fjármálakerfið í vanda yrðu samningsvextir á þeim látnir standa.


**Drífðu þig brosandi á...**

Arnarfell - Bárðarbungu - Bjarnarfell
- Blákoll - Borgarhóla - Brimlárhöfða - Búrfell í Mýrdal - Búrfell í Þjórsárdal - Dagmálafjall -
Dragafell - Dyngjufjöll ytri - Efstadalsfjall - Eiríkshnjúk - Eldhnjúka - Ennishnjúk - Esju - Eyrarfjall í Kjós - Eyrarfjall á Snæfellsnesi - Fagradalsfjall -
Fagrafell - Fell í Sléttuhlíð - Fíflavallafjall - Fjallið eina - Geitahlíð - Geldingafell - Grímsfjall - Grundarhlass - Grænudyngju - Grænavatnseggjar - Gusthnjúk - Hafratind - Hafursfell - Hamarinn - Háafell í Hvalfirði - Háafell í
S-Þingeyjarsýslu - Heiðina háu - Helgatind - Hestfjallahnúk - Hest - Hjartafell - Hofstaðahnjúk - Horn á Snæfellsnesi - Hrafnaskálafjall - Hreggnasa - Hróa - Hrómundartind - Hvalhnúk - Hyrning - Hött - Klakk - Korra - Krossbæjartind - Kvíahnúk - Laugarvatnsfjall -
Lágafell - Lágafellshyrnu - Lónfell - Lyngdalsheiði - Meðalfell - Miðdegishnúk - Miðfell - Miðfellsmúla - Miklafell - Molduxa - Móbergsfjall í Langadal - Múlafjall - Mælifell - Pálsfjall - Pétursey - Ragnarstind - Rauðafell - Rauðahnúkafjall og Svartatind -
Reyðarbarm - Reykjanesfjall - Svínadalsfjall og Reykjanibbu í Húnaþingi - Reynisfjall í Mýrdal - Reynivallaháls - Sandfell í Kjós - Selfjall í Hvalfirði - Sjónfríði - Skarðsfjall - Skálarfjall - Skefilsfjöll - Sólheimafjall - Stóra-Sandfell -
Stórahrút - Suðurnámur - Tindaskaga - Valadalshnjúk - Valafell - Vaxtrarhyrnu - Vestursúlu - Vikrafell - Víðhamrafjall - Vörðufell - Þingmúla - Þórðarhyrnu -
Þórðarhöfða - Þórólfsfell - Þríhyrning - Þursaborg - Ölver/Blákoll - Örkina




Þar sem þekkingin á sér samastað **OPNA**

Nú er rétti tíminn til framkvæmda:

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

# 100% endurgreiðsla

á virðisaukaskatti af keyptri vinnu
og allt að 300.000 kr. frádráttur
frá skattstofni.

Sjá nánar á www.allirvinna.is

## Gæða-steinull í BYKO!

Íslensk framleiðsla
í hæsta gæðaflokki.

Rakavarin eingangrun með viðurkennda vörn
gegn bruna og hljóði.
Í BYKO færðu gæðaeinangrun á frábæru verði.



BYKO

EXPO · www.expo.is








N-Kórea segir „áþreifanlegra aðgerða" að vænta:

# Hóta vegna heræfinga

**N-KÓREA, AP** N-Kóreumenn hafa hótað að mæta heræfingum S-Kóreu og Bandaríkjanna með „áþreifanlegum hætti". Heræfingarnar eiga að hefjast á sunnudag og standa í þrjá daga.

Ri Tong Il, talsmaður stjórnvalda í N-Kóreu lét þessi orð falla á ráðstefnu Suðaustur-Asíuríkja í Víetnam í gær. Hann hafði einnig tjáð sig um málið á fimmtudag og ítrekaði í gær að N-Kóreumenn neituðu allri aðild að því að hafa sökkt suðurkóresku skipi í mars. Um það hafa staðið miklar deilur síðan, og er það meðal annars ástæða þess að Bandaríkjamenn hafa tilkynnt um hertar refsiaðgerðir gagnvart Norður-Kóreu. Evrópusambandið hefur einnig upplýst um að nýjar refsiaðgerðir séu til skoðunar.

Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, svaraði með því að segja Bandaríkin reiðubúin til að hitta og semja við N-Kóreu, en aðeins gegn breyttri hegðan. Áframhaldandi hótanir N-Kóreumanna væru áhyggjuefni og yllu spennu meðal nágrannaþjóða og á svæðinu í heild. - þeb



**LÁN TIL TÆKJAKAUPA** Kaupleigusamningar voru aðallega gerðir um kaup einstaklinga á bílum en fjármögnunarleigusamningar um kaup fyrirtækja á tækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Leigusamningar áfram í erlendri mynt

## Íslandsbanki og Lýsing telja dóm Hæstaréttar um gengislán ekki ná yfir fjármögnunarleigusamninga.

**EFNAHAGSMÁL** Íslandsbanki og Lýsing hafa komist að þeirri niðurstöðu að dómur Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggingu lána nái eingöngu yfir kaupleigusamninga en ekki aðra leigusamninga svo sem fjármögnunarleigusamninga.

Íslandsbanki sendi tilkynningu til viðskiptavina sinna í síðustu viku varðandi málið og Lýsing birti frétt á vefsíðu sinni í gær. Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka er um að ræða á þriðja þúsund leigusamninga af þeirra hálfu en slíkir samningar eru aðallega gerðir við fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri.

Í umfjöllun Fréttablaðsins um fjármögnun vinnuvéla í ágúst 2007 kemur fram að bændur hafi fremur nýtt sér kaupleigusamninga, vegna möguleika sem slíkir samningar hafi veitt í afskrift á tækjakosti. Þar er um leið haft eftir starfsmanni Glitnis banka að verktakar hafi fremur kosið fjármögnunarleigusamninga vegna möguleika til skattfrestunar sem sú leið hafi haft í för með sér.

Arion banki veitti engin gengistryggð bílalán og hefur því ekki skoðað málið. Avant gerði nær eingöngu kaupleigusamninga við sína viðskiptavini og hefur því ekki skoðað þetta heldur. Ekki fengust upplýsingar frá Landsbankanum og SP-fjármögnun um málið.

Í tilkynningu Íslandsbanka segir að efni fjármögnunarleigusamninga sé í veigamiklum atriðum frábrugðið kaupleigusamningum og að dómur Hæstaréttar hafi einungis náð til slíkra samninga, því verði áfram miðað við umsamda myntsamsetningu við útreikninga framtíðarleigureikninga á fjármögnunarleigusamingum.

Túlkun fyrirtækjanna byggist á því að dómur Hæstaréttar hafi eingöngu náð til lánasamninga og ekki sé hægt að skilgreina fjármögnunarleigusamning sem lánasamning þar sem eignin sem leigð er skiptir ekki um hendur.

magnusl@frettabladid.is

### Hver er munurinn?

- Í kaupleigu felst að viðskiptavinur og fjármögnunarfyrirtæki gera með sér samning um það að fyrirtækið kaupir þann bíl sem leigutaki óskar eftir og leigir honum svo bílinn í umsaminn tíma. Í lok samningstímans greiðir leigutaki svo lokaafborgun og eignast bílinn í kjölfarið eða notar bílinn sem greiðslu upp í nýjan bíl. Slíkir samningar eru algengasta leið fjármögnunar á bílum og henta betur þegar bíllinn er ekki ætlaður til atvinnurekstrar.
- Fjármögnunarleiga er ólík að því að leyti að leigutakinn hefur val um að kaupa tækið í lok samningstímans en er ekki skuldbundinn til þess og getur kosið að leigja tækið áfram. Einnig er skattaleg meðhöndlun tækja sem keypt eru með fjármögnunarleigu öðruvísi, sem gerir það að verkum að slík leiga hentar fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri betur en kaupleiga.

Húsnæðislán í erlendri mynt

# 5.000 kr. af hverri milljón á mánuði

## Íslandsbanki býður einstaklingum með erlend húsnæðislán að greiða 5.000 krónur af hverri milljón á mánuði

Nú ríkir óvissa um lánasamninga í erlendri mynt. Íslandsbanki hefur ákveðið að bjóða einstaklingum í viðskiptum við bankann, sem eru með erlend húsnæðislán, að greiða mánaðarlega sem svarar 5.000 kr. fyrir hverja milljón sem upphaflega var fengin að láni.*

**Þessi tímabundni valkostur gildir til 31. mars 2011.**

Sækja þarf um breytinguna fyrir 20. dag mánaðar svo breyting nái fram að ganga fyrir gjalddaga næsta mánaðar á eftir.

Sækja má um þennan valkost á heimasíðu bankans islandsbanki.is, í þjónustuveri í síma 440 4000 eða í útibúum.

Íslandsbanki vill þakka viðskiptavinum sínum fyrir þolinmæðina undanfarna daga. Jafnframt þykir bankanum miður sú óvissa sem ríkt hefur og þau óþægindi sem viðskiptavinir hafa orðið fyrir.

*Athugið að ef gjalddagar eru t.d. á þriggja mánaða fresti mun greiðsla hvers gjalddaga taka mið af því. Gjalddaga lána verður ekki breytt í mánaðarlega gjalddaga, þótt skilgreiningin sé miðuð við mánuð.

**Ekki er öruggt að mánaðarleg fastgreiðsla verði lægri en það sem greitt er í dag og er því mikilvægt að fara yfir greiðsluseðla áður en ákvörðun er tekin.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-1281



### Dæmi um greiðslubyrði

Greiðsla af láni með upphaflegum höfuðstól að upphæð 10 milljónir króna yrði miðað við þetta **50.000 krónur á mánuði.****

### Umsóknir berist fyrir 20. dag mánaðar

Ef gjalddagi er 1. ágúst þarf að **sækja um breytingu fyrir 20. júlí**.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Dómur Héraðsdóms um gengistryggð lán:

## Að eiga kökuna og éta hana líka

Nokkur eftirvænting hefur verið eftir dómi Héraðsdóms Reykjavíkur vegna gengistryggðra lána. Hann er þó vissulega aðeins áfangi á leið málsins til Hæstaréttar.

Segja má að almenningur hafi fagnað gengistryggðum lánum, eða myntkörfulánum eins og þau voru kölluð meðan allt lék í lyndi, þegar þau fóru fyrst að bjóðast. Þau þóttu aðlaðandi kostur á lánamarkaði veikrar myntar þar sem áður höfðu um langt skeið ekki boðist lán að neinu marki nema verðtryggð.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Einhverjir urðu til að benda á að alltaf væri falin í því áhætta að skulda fé, ekki síst mikið fé, í mynt sem viðkomandi hefði ekki tekjur í en meðan íslenskir neytendur högnuðust á gengismuninum var þessu sjónarmiði takmarkaður gaumur gefinn.

Myntkörfulánin áttu svo eftir að snúast upp martröð í heimilisbókhaldi margra við fall krónunnar. Sú martröð stóð í nærri tvö ár og var leyst af hólmi með ákveðnum létti en um leið mikilli óvissu sem varð þegar Hæstiréttur kvað upp sinn dóm, að óheimilt hefði verið að tengja lán í íslenskum krónum við erlenda mynt eins og tíðkast hafði.

Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur í dag var í þeim anda sem flestir bjuggust við og í samræmi við tilmæli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins þar sem gengið var út frá því grundvallarsjónarmiði að skuld sé greidd. Mörgum þóttu þessi tilmæli sanngjörn meðan öðrum þótti rétt að þeim sem hefðu tekið gengistryggð lán bæri með réttu sá happdrættisvinningur sem felst í að greiða af láni þar sem höfuðstóll er færður í íslenskar krónur en vextir reiknast í samræmi við myntir sem búa við mun stöðugra gengi en íslenska krónan.

Hópur fólks sem tók gengistryggð lán hefur haft sig mjög í frammi og talað fyrir happdrættishugmyndinni. Þessi hópur talar þó áreiðanlega ekki fyrir munn allra þeirra sem tóku gengistryggð lán. Það er alls ekki hagur neytenda að tiltekinn hluti þeirra, þ.e. þeir sem tóku lán í mynt sem er mun stöðugri en sú íslenska og sömdu um að greiða vexti í samræmi við það, eigi bæði að geta átt kökuna og étið hana með því að aftengja erlendu myntina en halda vöxtunum sem við hana miðuðust.

Niðurstaða Héraðsdóms er sanngjörn vegna þess að lánin sem um ræðir eru með dómi Hæstaréttar frá í júní orðin að óverðtryggðum lánum í íslenskum krónum. Því er það réttmætt að til grundvallar liggi sambærilegir vextir og þeir sem tíðkuðust þegar tekin voru óverðtryggð lán í íslenskum krónum. Ekki má heldur gleyma því að staða langflestra skuldara er til muna betri miðað við þessa niðurstöðu en hún var fyrir dóm Hæstaréttar fyrr í sumar.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í gær er vonandi skref í áttina til sáttar. Mikilvægt er að óvissunni um þetta mál verði endanlega eytt sem allra fyrst. Íslenskt samfélag hefur næg önnur verkefni að glíma við.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Bókaútgáfan Crymogea gefur út heildarskrá yfir öll verk Birgis Andréssonar

Átt þú verk eftir Birgi Andrésson?




Bókaútgáfan Crymogea hyggst gefa út heildarskrá (Catalogue raisonné) yfir öll verk Birgis Andréssonar (1955-2007) á ensku og íslensku. Í haust kemur út fyrri hluti þessa verks, bókin ***Birgir Andrésson í íslenskum litum*** eftir Þröst Helgason.

Unnið er að skipulegri skráningu og ljósmyndun allra verka Birgis og því er óskað eftir því að þeir sem eiga verk eftir hann í fórum sínum tilkynni um þau svo útgáfan verði tæmandi. Ef þið eigið verk eftir Birgi, vinsamlegast sendið póst á **audur@crymogea.is**

CRYMOGEA Barónsstígur 27 | 101 Reykjavík | S: 5110910 | crymogea.is




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Stjórn eða skuggastjórn?

Vinstri vængur VG lítur á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem óæskilega skuggaríkisstjórn. Sjóðurinn hefur lánað Íslandi mikla fjármuni sem það átti ekki kost á annars staðar. Löngu fyrir hrun bankanna 2008 var búið að loka öllum dyrum á Seðlabankann erlendis.

Aðstoðinni fylgja hins vegar skilyrði sem bæði núverandi ríkisstjórn og sú fyrri hafa samþykkt. Þau fela í sér nauðsynlegar ráðstafanir til að koma Íslandi út úr Hrunadansinum. Í því ljósi er hugtakið skuggaríkisstjórn ekki rétt.

Það var hins vegar til marks um vanmátt stjórnarinnar þegar hún bað sjóðinn um útfærslu á skattatillögum. Það er ekki í samræmi við hlutverk hans hér og ýtir undir skuggastjórnar ímyndina.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Nokkur árangur hefur náðst vegna þessa samstarfs. Er Ísland þá sáluhólpið? Þegar þeirri spurningu er svarað er rétt að horfa á þrjú atriði sem gera framreikning á hagtölum óvissan.

Fyrsta atriðið er að ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki meirihluta í eigin röðum fyrir framkvæmd efnahagsstefnu á grundvelli samstarfssamningsins. Það eitt hefur sett endurreisnina í uppnám á ýmsum sviðum og á eftir að gera í enn ríkari mæli.

Í annan stað er sjóðurinn á förum eftir eitt ár. Þá hverfur allt ytra aðhald. Hvorki ríkisstjórnin né stjórnarandstaðan hafa mótað stefnu um framhaldið.

Í þriðja lagi hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn brugðist mjög alvarlega með því að viðurkenna bókhaldsblekkingar að grískum hætti varðandi nokkrar stórar opinberar framkvæmdir. Þær nema varla lægri upphæð en 130 milljörðum króna. Sjóðurinn verður svo farinn þegar blekkingarnar byrja að bíta skattgreiðendur.

### Árangurinn

Á þessum vettvangi var í byrjun ársins lýst efasemdum um að fjárlögin héldu í framkvæmd. Fyrstu tölur um útgjöldin benda til að það mat hafi verið of svartsýnt. Ástæða er til að fagna þeim óvænta árangri. Tekjuáformin ætla hins vegar að bresta eins og sjá mátti.

Þá er fall þjóðarframleiðslu heldur minna og atvinnuleysistölur heldur lægri en upphaflegar spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gerðu ráð fyrir. Hvort tveggja ætti að gefa tilefni til nokkurrar bjartsýni. Aðgæslu er þó þörf við það mat. Viðurkennt er að upphaflegar spár voru neikvæðari en efni stóðu til. Skárri tölur eru því ekki vísbending um sneggri bata.

Hér þarf einnig að hafa í huga að áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gekk út á mjög hæga aðlögun ríkissjóðs að nýjum aðstæðum. Umsvifum hefur verið haldið uppi með lántökum. Lífskjörin eru því fölsk að hluta og Hrunadansinn er enn stiginn.

Aðlögunartíma ríkissjóðs átti að nota til að skjóta stoðum undir atvinnulífið og nýja verðmætasköpun. Það hefur ekki gerst. Hvorki bólar á fjárfestingum í orkufrekum iðnaði né annars konar iðnaði og þjónustu.

Þjóðin þarf því að ganga inn í lokaáfanga ríkisfjármálaaðgerðanna áður en ný fjárfesting er farin að skila sér í auknum umsvifum og gefa von um vöxt í þjóðarbúskapnum eins og reiknað var með.

### Fölsk fyrirheit

Þessar alvarlegu framtíðarhorfur eru afleiðing pólitískrar kreppu frá haustdögum 2008. Hún gerir efnahagsþrautina þyngri.

Fjármálaráðherra og talsmenn Heimssýnar keppast við að sannfæra almenning um að sjávarútvegur og landbúnaður geti lagt til þann hagvöxt sem þörf er á til að fjölga störfum um tuttugu þúsund og bæta lífskjörin. Þetta eru fölsk fyrirheit. Þau virðast vera gefin í þeim eina tilgangi að telja fólki trú um að unnt sé að nota krónuna sem framtíðarmynt. Ljóst má þó vera að vegna náttúrulegra takmarkana verður sjávarútvegurinn ekki uppspretta hagvaxtar. Af sömu ástæðu verða ekki til ný störf þar. Þverstæðan lýsir sér svo í því að útvegsmenn gera bókhaldið upp í erlendri mynt.

Fjölgun starfa verður á nýjum sviðum iðnaðar og þjónustu. Til þess að vænta megi fjárfestinga á nýjum sviðum þarf traust á peningakerfinu. Ríkisstjórnin er klofin um markmið og leiðir í þeim efnum. Eigi krónan að verða nothæf þarf margvíslegar ráðstafanir sem aftur rýra lífskjörin enn frekar.

Um það þegja flestir þunnu hljóði. Framsóknarflokkurinn birti þó mjög upplýsandi skýrslu um þann veruleika fyrir tveimur árum.

Sjálfstæðisflokkurinn og VG ætla að treysta á krónuna til frambúðar. Á sama tíma hafna útvegsmenn henni vegna óhagræðis. Þeir ætlast hins vegar til að heimilin sætti sig við það óhagræði.

Gjaldeyrishöftin áttu að vera tímabundin en stefna nú í að verða varanleg þungamiðja efnahagsstefnunnar. Afleiðingin er stöðnun. Ofan í þessi kaup kemur að vinstri vængur VG hefur sterklega gefið til kynna að hann muni ekki standa að næsta áfanga ríkisfjármálaaðgerðanna.

Af þessu má ráða að sá árangur sem samstarfsáætlunin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hefur þrátt fyrir allt skilað getur runnið út í sandinn ef ekkert breytist á pólitíska sviðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# „Þess í stað…“

**Viðskipti Björgólfs Thors Björgólfssonar**

Ragnhildur Sverrisdóttir
talsmaður Novators



Í grein í Fréttablaðinu í gær, föstudag, um Björgólf Thor Björgólfsson og fjárfestingar hans er m.a. fjallað um kaup eignarhaldsfélagsins Samson á Landsbankanum. Þar vísar blaðamaður til þeirra raka stjórnmálamanna að Björgólfsfeðgar kæmu með peninga til landsins. Í greininni er því hins vegar bætt við að „þess í stað“ hafi þeir fengið lán hjá Búnaðarbankanum fyrir kaupunum.

Margsinnis hefur komið fram að greiðslan og lánið voru í fullu samræmi við kaupsamning íslenska ríkisins og Samsonar sem undirritaður var 31. desember 2002. Í þeim samningi setti seljandi, íslenska ríkið, engin skilyrði um hvar kaupandi gæti tekið lán fyrir hluta kaupanna. Hins vegar var gerð krafa um að eigið fé kaupanda væri ekki lægra en 35%. Samson greiddi fyrir 45,8% hlut sinn í Landsbanka Íslands hf. eins og hér segir:

- Í febrúar 2003 greiddu eigendur með eigin fé erlendis frá 48,1 milljón bandaríkjadala.
- Í apríl 2003 greiddu eigendur 48,3 milljónir bandaríkjadala með láni frá Búnaðarbanka Íslands hf.
- Í desember 2003 greiddu eigendur með eigin fé erlendis frá 42,7 milljónir bandaríkjadala.

Heildargreiðslur námu samtals 139,0 milljónum bandaríkjadala, þar af voru 90,8 milljónir fjármagnaðar af eigendum eða 65%. Þær voru greiddar að fullu inn á reikning ríkissjóðs Íslands í Seðlabanka Bandaríkjanna í New York í árslok 2003 og átti þá sér stað fullnaðaruppgjör vegna kaupa Samsonar á hlut ríkisins í Landsbankanum. Lánið í Búnaðarbankanum var greitt að fullu upp snemma árs 2005, eins og sýnt hefur verið fram á með gögnum. Svo öðru sé haldið til haga, sem sífellt er ranglega farið með í þessu sambandi: Samson tók annað lán í bankanum, sem þá var orðinn einkabankinn Kaupþing, í árslok 2005. Björgólfur Thor og faðir hans voru í persónulegum ábyrgðum fyrir því. Það lán var ógreitt við fall bankanna, en hefur nú verið gert upp sem hluti af skuldauppgjöri Björgólfs Thors.

Eins og þessi upprifjun sýnir fram á, þá fer því afskaplega fjarri að kaupin hafi verið fjármögnuð með láni frá Búnaðarbanka og Samson ekki flutt fé til landsins. Nú er tími til kominn að þessi síendurtekna vitleysa hverfi úr fréttaflutningi af málinu.

Annað sem nefnt er í greininni er að Björgólfur Thor hafi undanfarið verið milli tannanna á fólki vegna „tæplega helmings hlutar hans í Verne Holding“. Fyrir margt löngu kom fram, að Björgólfur Thor á engan helmingshlut þarna lengur. Fjárfestingarfélag hans, Novator, stofnaði félagið með bandaríska fjárfestingarsjóðnum General Catalyst. Sá hlutur þynntist út vegna eignarhluta lykilstjórnenda og var um mitt ár í fyrra 38%. Í janúar sl. bættist breski góðgerðarsjóðurinn Wellcome Trust í hópinn og varð langstærstur hluthafa og þar með minnkaði hlutur þeirra sem fyrir voru verulega.

Vegna mikillar umræðu, jafnvel á sjálfri löggjafarsamkundunni, um að óeðlilegt væri að Björgólfur Thor nyti nokkurs konar fyrirgreiðslu í viðskiptum ákvað hann að afsala sér þeim ríkisstyrk sem felst í lögfestingu fjárfestingarsamning um gagnaverið Verne Global, að því er snertir fjárfestingarfélag hans. Novator fær því enga fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins vegna uppbyggingar gagnaversins, sem mun fjárfesta fyrir um 20 milljarða króna hér á landi fram til ársins 2013. Þá lýsti hann því jafnframt yfir að hann myndi ekki auka hlut sinn í félaginu eða taka leiðandi hlutverk við stjórn þess.

# Besti bankinn

**Viðskipti**

Jón Þór Ólafsson
stjórnmálafræðingur



Vandamálið sem Besti bankinn leysir er að borgarsjóður getur ekki tekið lán í Seðlabankanum. Í reglum Seðlabanka segir að einungis fjármálafyrirtæki hafi þau forréttindi að eiga viðskipti við Seðlabankann. Þar sem reglurnar hygla fjármálafyrirtækjum er lausnin sú að borgin stofni fjármálafyrirtæki, Besta bankann, sem hyglar borgarbúum. Vonandi taka hin sveitarfélögin sig svo saman um að stofna Sveitabankann.

Besti bankinn getur tekið lán hjá Seðlabankanum á stýrivöxtum sem borgarsjóður notar svo til að borga upp dýrari lán borgarinnar og fyrirtækja hennar. Borgin sparar sér vaxtamuninn að frádregnum kostnaði við rekstur bankans.

Samkvæmt ársreikningi Reykjavíkurborgar 2009 eru heildarskuldir borgarinnar og fyrirtækja í hennar eigu um 300 milljarðar. Vaxtalækkun um 1% sparar borginni þrjá milljarða á ári. Þrír milljarðar borga ansi mörg leikskólapláss fyrir ísbirni.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# Ætlar að vera níræður í sundi

**Ari Matthíasson** var ráðinn framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins í síðustu viku. Leikhúsið stendur frammi fyrir erfiðum niðurskurði en sjálfur segist Ari þrífast á krefjandi aðstæðum. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** ræddi við leikarann og hagfræðinginn.

Ari Matthíasson hefur varið meirihluta ævinnar í Vesturbæ Reykjavíkur. Hann er þriggja barna faðir, hefur verið giftur í 25 ár en komið ansi víða við hvað starfsvettvang varðar. Ari er sonur Ingibjargar Jónsdóttur, húsmóður og rithöfundar, og Ingva Matthíasar Árnasonar, sem lengst af starfaði hjá Flugleiðum. Hann er yngstur sex barna og viðurkennir að því hafi fylgt ákveðnir kostir, hann hafi fengið meira rými en eldri systkinin.

**Áhuginn smitaðist**

Í lok hinnar hefðbundnu vesturbæjarskólagöngu – Melaskóli, Hagaskóli og MR – segist Ari hafa „lent í vondum félagsskap“ eins og hann orðar það sjálfur; félagsskap fólks með leiklistaráhuga. „Þar fremstur í flokki var Stefán Jónsson, nú prófessor í leiklist við Listaháskóla Íslands. „Afi hans var Halldór Björnsson, fyrsti atvinnuleikarinn á Íslandi. Stefán var því alltaf viðloðandi leikhúsið og með sínum áhuga kveikti hann í mér og mörgum öðrum, þannig að hann er eiginlega ábyrgur fyrir þessu,“ segir Ari sem sá sjálfan sig alltaf í læknasloppi, ekki uppi á sviði. Eftir útskrift úr MR lá leiðin í togarasjómennsku, til útlanda og bókmenntafræði og íslensku við Háskóla Íslands. Og svo í Leiklistarskólann, þegar Ari var 23 ára gamall.

**Lán og launakjör**

Nánast strax eftir útskrift árið 1991 landaði Ari hlutverkum í tveimur kvikmyndum og vakti strax mikla athygli. Annars vegar var það hlutverk hommans Ugga í Veggfóðri og hins vegar hlutverk í Sódómu Reykjavík eftir Óskar Jónasson. Ari þótti sýna góð tilþrif og varð einn umtalaðasti leikari landsins. „Ég var eiginlega bara heppinn, fékk hlutverk í þessum tveimur kvikmyndum sem urðu síðan ótrúlega vinsælar.“ Næstu árin urðu Ara gjöful hvað hlutverk varðar og lék hann hjá Leikfélagi Reykjavíkur þar til honum var sagt upp árið 2000 ásamt nokkrum öðrum þegar nýr leikhússtjóri tók við. Ari segir líf leikarans ekkert sældarlíf, starfið krefjist mikillar vinnu og leikarar eigi oft erfitt með að segja nei við verkefnum. „Ég tók einhvern tímann saman ferilsskrá og sá þá að á tíu árum hafði ég leikið í 35 leikverkum, tíu bíómyndum og sjónvarpsmyndum og leikstýrt líka. Auðvitað segir þetta manni að maður var lánsamur að fá mikið að gera en þetta segir líka sitthvað um launakjör leikara, það er vinna öll kvöld og allar helgar.“

**Píning í barnasýningum**

Áfengið fylgdi hins vegar Ara eins og skugginn í leikhúsinu og þegar hann varð fertugur ákvað hann að fara í meðferð á Vog. Hann var ekki sá fyrsti úr vinahópnum, margir af hans nánustu félögum höfðu einnig farið í meðferð. Ástæðan fyrir meðferð var einföld. „Ég drakk of mikið. Og það tók mikið á að leika kannski í tveimur barnasýningum á einum og sama deginum timbraður og manni leið á eftir eins og maður hefði hlaupið maraþon. Eftir átökin var maður hins vegar búinn að svitna öllu áfenginu út og var þá auðvitað til í meiri bjór! Þetta var hálfgerð píning og kannski varð þetta til þess að ég fór út úr leikhúsinu á sínum tíma.“

Skrefin inn á Vog voru síður en svo auðveld. „Ég er stoltur maður og það var ekkert gaman að standa í sloppnum inni á Vogi, hlusta á fyrirlestra hjá Þórarni Tyrfingssyni sem sagði að maður væri með sjúkdóm í heila, ég meina hver vill vera með sjúkdóm í heila?“



**VEL Í STAKK BÚINN** „Ég hef framleitt sýningar á eigin kostnað og ef það er eitthvað hollt þá er það að vinna þannig. Ef þú tapar þá kemur það niður á heimilisbókhaldinu og ég hef reynt bæði – að tapa á sýningu og verið lengi að jafna mig á því en einnig grætt,“ segir Ari Matthíasson, nýr framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins.

> Ég drakk of mikið. Og það tók mikið á að leika kannski í tveimur barnasýningum á einum og sama deginum timbraður og manni leið á eftir eins og maður hefði hlaupið maraþon.

**Vann til að sýna og sanna**

Fram að þessum tímamótum hafði Ari unnið eins og brjálæðingur, aðallega til að sýna og sanna fyrir öllum að hann væri ekki fyllibytta. Hann vann með sjálfstæðum leikhópum, seldi fasteignir og fór svo í MBA-nám í stjórnun og markaðsfræði. „Ég var blautur allt námið og þegar námi lauk stóð ég allt í einu frammi fyrir þeirri spurningu hvort ég væri sáttur við það sem ég sá og ég spurði mig af hverju hlutirnir væru ekki eins og þeir ættu að vera. Svarið var það að ég drakk of mikið.“ Í dag er Ari algjör bindindismaður og syndir tvo kílómetra á dag. „Maður verður að hreyfa sig, ég vil verða einn af þessum níræðu körlum sem mæta á hverjum morgni í laugina, þeir synda kannski færri ferðir en þeir mæta.“

Það vakti töluverða athygli þegar leikarinn Ari fór í áðurnefnt nám í stjórnun og markaðsfræði í kringum 2003. Enda telst það til tíðinda þegar leikarar snúa baki við listinni sem þeir eiga að vera reiðubúnir að deyja fyrir. „Ég hafði skömmu áður sett upp eigin sýningu í Noregi og langaði í framhaldinu til að læra þetta fag, sem tengdist stjórnun. Ég fékk í kjölfarið mikinn áhuga á markaðinum og viðskiptum og þegar maður er búinn að fjárfesta í námi vill maður auðvitað fara að vinna við það.“

**Vakning nauðsynleg**

Í þrjú ár var Ari mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins innan handar, meðal annars Íbúðalánasjóði þegar bankarnir höfu innreið sína á fasteignamarkaðinn, og Strætó þegar mikilli leiðakerfisbreytingu var komið á koppinn. Þegar hann var enn í vinnu við markaðsstörfin var hann beðinn um að koma inn á framkvæmdasvið SÁÁ og ári seinna tók hann við framkvæmdastjórastöðu samtakanna. „Þessi heimur er alveg ótrúlega merkilegur og þetta var einstök lífsreynsla. Enda þegar ég var búinn að vera þarna í þrjú ár þá langaði mig til að kafa dýpra á þessu sviði og tók meistaragráðu í heilsuhagfræði.“

Meistararitgerð Ara vakti töluverða athygli nú í sumar og þá sérstaklega kaflinn um neyslu Íslendinga á örvandi efnum. Í ritgerðinni kom meðal annars fram að yfir sex hundruð manns koma í meðferð á ári hverju inn á Vog sem eru fíknir í örvandi vímuefni og séu alþjóðlegar viðmiðunarreglur notaðar þá eru að minnsta kosti tveir meðferðarlausir fíklar á hvern einn sem fer í meðferð. „Ef hver neytandi notar eitt gramm á dag þá er ársþörfin í kringum 740 kíló.“ Rannsóknin leiddi enn fremur í ljós að mjög mikið magn af fíkniefnum flæðir inn í landið.

„Í hvert skipti sem hald er lagt á mikið magn af amfetamíni vildi maður sjá að það hefði áhrif á markaðinn og birtist í hærra verði. Verðið hækkar jú en því miður í aðeins skamman tíma og það segir okkur mikið um framboðið. Fólk verður að fara að skilja hvað er að gerast, fangelsin eru full af ungu fólki sem hefur verið dæmt fyrir innflutning og sölu á vímuefnum.“ Ari bendir jafnframt á að eiturlyfjaneyslu fylgir mikill kostnaður fyrir samfélagið. „Við erum að missa ungt fólk, það verður óvinnufært og þessu fylgja mikil útgjöld fyrir löggæsluna, dómsviðið og svo heilbrigðiskerfið.“

**Hinum megin borðsins**

Eftir stífa vinnu í leikhúsunum næstu tæpu tíu árin eftir útskrift lék Ari aðeins í þremur sýningum frá aldamótum og leikaragervið er því svo að segja komið á hilluna. Leiðin liggur þó aftur í leikhúsið, þó ekki upp á svið, heldur var Ari valinn í starf framkvæmdastjóra Þjóðleikhússins á dögunum, af 27 umsækjendum. „Starfið er kannski í rökréttu samhengi við það sem ég hef gert undanfarið en þó er þetta allt öðruvísi ábyrgð. Ég á að sjá um reksturinn og gerð áætlana en Tinna þjóðleikhússtjóri er skipstjórinn, minn yfirmaður og listrænn stjórnandi.“ Og kannski, eftir tíu ára hlé, er leikarinn aftur kominn heim? „Ég hugsa það. Þótt ég hafi unnið með stjórnendum stórfyrirtækja, stjórnmálamönnum og allt þar á milli þá held ég að ég skilji listamenn alltaf best.“ Hann telur það kost að hafa verið hinum megin borðsins. „Ég hef framleitt sýningar á eigin kostnað og ef það er eitthvað hollt þá er það að vinna þannig. Ef þú tapar þá kemur það niður á heimilisbókhaldinu og ég hef reynt bæði – að tapa á sýningu og verið lengi að jafna mig á því en einnig grætt.

Í þessum bransa verður maður að velta fyrir sér hverri einustu krónu. Svo held ég að það sé kostur að maður skilji leikarana, leikstjórana og listafólkið. Þetta er tilfinningaríkt fólk. Þegar manni gengur vel þá er það manni sjálfum að þakka. Ef manni gengur illa þá er búningurinn óþægilegur, leikmyndin ómöguleg, leikstjórinn vitlaus og verkið lélegt.“

Ari undanskilur sjálfan sig ekki í þessari upptalningu og rifjar upp að fyrir ári síðan hafi hann stigið á svið í fyrsta skipti í allnokkurn tíma í sýningunni Við borgum ekki, Við borgum ekki. Ari fékk fína dóma í öllum tilvikum nema einu. „Það kom mér virkilega á óvart hvað ég tók dóminn nærri mér. Ég hélt að ég væri miklu svalari en þetta. En þetta er bara hluti af þessari viðkvæmni listamanna, vondi dómurinn stóð í mér. Auðveldast fyrir mig hefði verið að segja umræddan gagnrýnanda hálfvita en ég tók hins vegar þá ákvörðun að prófa að lesa það sem hann var að segja og nýta mér það. Ég held að ég hafi bara orðið betri fyrir vikið.“

**Sér um sultarólina**

Framkvæmdastjórastarfið verður ekki neinn dans á rósum; fram undan er erfitt ár þar sem krafa um niðurskurð frá stjórnvöldum til að ná böndum á fjárlagahallann er staðreynd. Ari kvíðir því ekki, segist kunna best við sig í erfiðum aðstæðum og sigrast á þeim, þá komi hann sjálfum sér mest á óvart. „Meginhluti af rekstrarkostnaði leikhússins er kannski í launakostnaðinum sem þýðir að maður þarf að leita leiða til að gera hlutina með hagkvæmari hætti og skoða hvernig hægt sé að ná fram sparnaði með sársaukaminnstum hætti. Rekstur Þjóðleikhússins er ekkert í molum, það þarf bara að herða sultarólina og það verður mitt að sjá til þess að það slakni ekki á henni.“

SÁ VERKLAUSNIR

**SÁ Verklausnir** er alhliða vertakafyrirtæki sem býður fram þjónustu á sviði jarðvinnu, byggingagerðar og lóðafrágangs og hefur á að skipa reyndum sérfræðingum á því sviði. Nýlegt dæmi um það er Farþegaaðstaðan við Landeyjahöfn.

**www.save.is**

# NÝ LANDEYJAHÖFN
# TIL HAMINGJU

Við hjá SÁ Verklausnum ehf. óskum SIGLINGASTOFNUN OG ÖÐRUM LANDSMÖNNUM til hamingju með nýja og glæsilega Landeyjahöfn!




SUMARM
Sprengfull búð af frábærum tilbo
20% AFSLÁTTUR AF DEVOLD FATNAÐI
PRIMUS LUGT m. kveikju 3.490 ÁÐUR 6.673
25–70% AFSLÁTTUR AF GASVÖRUM FYRIR FERÐALAGIÐ
CAMPINGAZ HELLUR 9.990 ÁÐUR 17.990
COLEMAN LUGT 3.990 ÁÐUR 10.691
25% AFSLÁTTUR AF DIDRIKSON FATNAÐI
COLUMBIA Silver Ridge herrajakki 27.743 ÁÐUR 36.990
COLUMBIA Pearl dömupeysa 14.925 ÁÐUR 19.900
COLUMBIA Silver Ridge herrabuxur 13.493 ÁÐUR 17.990
PRIMUS GASLAMPI 2.990 ÁÐUR 11.084
COLUMBIA Silver Ridge dömubuxur 14.993 ÁÐUR 19.990
25% AFSLÁTTUR AF COLUMBIA SKÓM
COLUMBIA gönguskór 20.993 ÁÐUR 27.990
COLUMBIA Trail Trip dömujakki með hettu 20.993 ÁÐUR 27.990
25–50% AFSLÁTTUR AF COLUMBIA FATNAÐI
COLUMBIA gönguskór 28.493 ÁÐUR 37.990
ellingsen.is
Columbia Sportswear Company
Coleman
CAMPINGAZ
DEVOLD
DIDRIKSONS1913 Grundsund SWEDEN
PRIMUS
PIPAR\TBWA • SÍA • 101746



ARKAÐUR
ðum!
ELLINGSEN GRILL
67.900
ÁÐUR 79.900
CAMPINGAZ GRILL
29.900
ÁÐUR 34.900
COLEMAN FERÐAGASGRILL
39.900
ÁÐUR 49.900
50%
AFSLÁTTUR AF
CHAR-BROIL
GRILLVÖRUM
GARÐSTÓLL
9.990
ÁÐUR 14.900
GARÐBORÐ
19.900
ÁÐUR 34.900
CAMPINGAZ PALLAHITARI
34.900
ÁÐUR 44.990
15%
AFSLÁTTUR AF
VEIÐIVÖRUM
LOOP VÖÐLUR
25.415
ÁÐUR 29.900
LOOP VEIÐIVESTI
16.915
ÁÐUR 19.900
50%
AFSLÁTTUR AF
FLUGUHNÝTINGAREFNI
25%
AFSLÁTTUR AF TJÖLDUM
OG VIÐLEGUBÚNAÐI
GASLUGTASTANDUR
1.990
ÁÐUR 2.990
COLEMAN FERÐASTÓLL
5.990
ÁÐUR 8.990
GLASASTANDUR
2.490
ÁÐUR 3.490
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra



**AUGNABLIK** Til eru þeir sem telja sig geta lesið úr litbrigðum augans hvaða mein hrjá líkamann. Erfitt virðist hins vegar að hrekja það sem augnlæknar benda á að lithimna augans breytist afar lítið yfir mannsævina og því hæpið að tímabundnir sjúkdómar setji mark sitt á hana. Ekki er þó alveg hægt að loka augunum fyrir því að sú meðferð sem sótt er í lithimnulestur kunni að gera einhverjum gott, af hvaða orsökum sem það annars er. Og ef til vill ólíklegt að fólk með „alvöru“ sjúkdómseinkenni leiti til lithimnufræðings áður en það leitar læknis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Augun sem spegill líkamans

Lithimnufræði nefnast ein grein óhefðbundinna lækninga sem gengur út á að lesa megi úr auganu ýmsa kvilla sem hrjá kunna líkamann. Skiptar skoðanir eru um gagnsemi slíkrar skoðunar. Sumir ganga jafnvel svo langt að segja fræðin brosleg því þau sé einna auðveldast að hrekja í þessum flokki lækninga. Enn aðrir segja trúna flytja fjöll. *Óli Kristján Ármannsson* skoðaði málið.

Þeirri fullyrðingu er oft kastað fram að augun séu spegill sálarinnar. Fyrir mörgum er sú hugmynd þó nýstárlegri að augun séu líka spegill líkamans eða ástands hans. Slíkt er þó fullyrt í fræðum sem kennd eru við lithimnugreiningu (eða *iridology* á enska tungu).

„Lithimnugreining eða augnlestur er sú list og þau vísindi að skoða litu og hvítu augans. Með lithimnugreiningu er hægt að læra margt um eigin heilsu; veikleika og styrkleika líffæra og líffærakerfa og ójafnvægi á öllum sviðum það er að segja bæði líkamlegum og andlegum,“ segir í grein Lilju Oddsdóttur, lithimnufræðings og formanns Félags lithimnufræðinga, sem birt er á vef Heilsubankans, heilsubankinn.is.

Þeir sem helst aðhyllast lithimnufræðin segja að finna megi fornar heimildir um notkun þeirra þótt flestir reki upphaf þeirra til ungversks læknis að nafni Ignatz von Péczely sem uppi var á 19. öld. Sá mun meðal annars hafa unnið að þróun augnkorta þar sem ákveðin svæði lithimnu augans eru tengd ákveðnum líffærum. „Fleiri rannsakendur bættu smátt og smátt upplýsingum á kortin og eitt stærsta nafnið í lithimnufræðum er án efa náttúrulæknirinn Dr. Bernard Jensen,“ segir Lilja í grein sinni, en hann lést 92 ára gamall árið 2001.

Á lithimnukorti er meltingarvegurinn tengdur svæði sem innst liggur við augasteininn. Utar koma svo önnur líffæri og líffærakerfi. Yst eru svo hringrásarkerfi og húðin, að því er fram kemur í grein Lilju. „Meltingin er því augljóslega miðpunkturinn.“

Læknar og vísindamenn blása á þessi fræði og benda á að lithimna augans taki litlum sem engum breytingum yfir ævina. Þar með sé strax búið að kippa stoðunum undan fullyrðingum um að lesa megi eitthvað úr lithimnunni um breytilegt ástand líkamans.

Svo má aftur spyrja sig hvort fræðin þurfi að eiga sér vísindalega stoð ef þeir sem leita til lithimnufræðinga finna bót sinna meina. Alla jafna virðist þarna um að vera ráðleggingar um heilbrigðari lifnaðarhætti og ber þeim saman um það sem rætt var við og hafa látið greina sig að ráðin hafi verið um margt gagnleg. Ein kona sem fór í slíka heimsókn fyrir um áratug síðan furðaði sig á því að hafa fengið ráð um að huga að nýrunum í sér, en í þeim hafi hún aldrei kennt sér meins, hvorki fyrr né síðar. Ráðum um mataræði og lifnaðarhætti hafi hún hins vegar fylgt um nokkurra mánaða skeið og fundið mikla breytingu til batnaðar á líðan sinni, allt fram að jólum þegar „óhollustan“ náði yfirhöndinni á ný.

Þá hafa viðmælendur sem kynnst hafa lithimnulestri líka haft á orði að ákveðin meðferð kunni að vera falin í viðtalinu sjálfu, þar sem einstaklingurinn fær óskipta athygli og áherslan er lögð á líðan hans á meðan á því stendur.

Vandséð er að lithimnugreining verði kölluð hættuleg, þótt vissulega megi setja upp ímynduð dæmi þar sem einstaklingur með hættuleg einkenni leitar ekki læknis eftir að hafa fengið einhvers staðar ranga greiningu. Í slíku dæmi er þó heldur lítið gert úr skynsemi fólk og verður að teljast ólíklegt að einhver sem teldi sig haldinn sjúkdómi myndi leita til lithimnufræðings fremur en heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Líklegra er að þeir sem leita þjónustu lithimnufræðinga geri það einhverri leit að betri almennri líðan. Ef þau ráð sem fólkið fær og fylgir virka þá er ekki nema gott eitt um það að segja. Virki þau ekki er ólíklegt að fólk haldi áfram að pínast áfram í að fylgja ráðleggingum sem ekkert fyrir það gerir.

## Sá ýmislegt í augunum sem kom á óvart



DILJÁ ÁMUNDADÓTTIR

Fyrir rétt um viku síðan brá Diljá Ámundadóttir sér í lithimnugreiningu án þess þó að vita alveg við hverju væri þar að búast. Hún segist hafa verið í leit að ráðleggingum hjá Kolbrúnu grasalækni, en verið komin í lithimnugreininguna áður en varði.

„Og það sem kom út úr því var alveg magnað. Hún las karakterinn minn mjög vel út frá augnsteininum og svæðinu þar í kring, þar sem liturinn er og æðunum í hvítunni. Og ég fékk heljarinnar útskýringar á því hvernig kerfið mitt virkar og af hverju það er eins og það er,“ segir Diljá, sem einnig fékk að sjá á korti hvernig svæði augans tengjast líkamanum.

Diljá kveðst hafa komið út úr lestrinum bæði upprifin og bjartsýn og segist síðan búin að skýra hverjum sem hlusta vill frá því hversu gagnlegt þetta hafi verið. „Þetta gekk alveg upp fyrir mér sem hún las úr þessu og ég hef mikla trú á því,“ segir hún. Í greiningunni fékk Diljá ráðleggingar um lifnaðarhætti og mataræði.

„Hún sýndi mér að ég væri með spennulínur yfir meðallagi í augunum sem þýðir að ég kunni ekki að slaka á vegna þess hve spennt ég væri yfir því að lifa lífinu lifandi.“ Og þótt Diljá hafi svo sem vitað það sjálf að hún væri of spennt hafi Kolbrún leitt henni fyrir sjónir hvað hún væri að gera kerfinu í sér. „Ég geymi alla spennu í maganum og þar af leiðandi hefur það kerfi ekki næði til að brjóta niður næringuna sem það fær.“

Í lestrinum kveðst Diljá hafa fengið mikilsverða yfirferð um virkni líkamans og samspil ólíkra þátta í honum. „Sem er nauðsynlegt til að maður geti tekið sig á, farið betur með sig og liðið betur.“

Raunar segir Diljá að Kolbrún grasalæknir hafi getað lesið ýmislegt úr augum hennar sem hafi komið henni á óvart. „Ég mæli sterklega með þessu,“ segir hún og telur lithimnugreiningu henta hverjum þeim sem er í almennri leit að auknum skilningi á líkama sínum og betri líðan. „Þetta var orðið eins og góður læknis- og sálfræðitími á sama tíma.“

## Gátu ekki greint sjúka

Fjallað er um lithimnulestur á vefnum vantru.is og vísað til rannsókna sem sýndu að lithimnufræðingar gátu ekki greint á milli heilbrigða og veikra með því að skoða ljósmyndir. Vísað er í rannsókn sem birt var í Journal of the American Medical Association árið 1979 og annarrar í British Medical Journal árið 1988. „Reyndar lásu þeir oft lithimnur veikasta fólksins sem heilbrigðar væru og svo öfugt. Meira að segja voru þeir ekki sammála sín á milli,“ er vitnað í fyrri rannsóknina.

Vantrú hefur brugðist við umfjöllun um lithimnugreiningu með því að bjóða verðlaun takist að færa sönnur á virkni lestursins. Á vef félagsins kemur líka fram að lithimnufræðingar hafi ekki viljað taka þátt í tilrauninni.

## Vísindin hafa ekki svör við öllu

„Eiginlega höfum við ekkert yfir óhefðbundnum lækningum að segja,“ segir Geir Gunnarsson landlæknir. Sjálfráða einstaklingar, segir hann, taki sjálfir ákvörðun um hvort þeir vilji fara í bænahringi, leita fjarlækninga að handan, fara í heilsunudd, detox-meðferð eða hvað annað. „Grundvallarafstaða landlæknisembættisins og þá mín í þessum efnum er hins vegar að ekki má auglýsa þessa hluti sem lækningar.“

Geir segir fólki þannig í sjálfsvald sett hvort það vilji nota lithimnufræði sem leið til að sjúkdómsgreina sig, en þau fræði séu ekki viðurkennd innan heilbrigðisvísindanna og sem slík falli þjónustan utan valdsviðs landlæknis. „En ef okkur bærust kvartanir og einhver teldi að siglt væri undir fölsku flaggi heilbrigðisþjónustu þá grípum við inn í.“

Geir segir jafnframt að ekki sé alveg hægt að vísa því á bug að óhefðbundnar lækningar geti gert gagn. „Við vitum að máttur innri tilfinningar hvað varðar lækningu er mjög mikill. Og ég verð bara auðmjúkur þegar ég hugsa um það. Læknavísindin hafa ekki svör við öllum sköpuðum hlutum, en við vitum að lyfleysur geta oft gert jafnmikið gagn og lyf.“



GEIR GUNNARSSON

## Sérfræðingur í augnlækningum segir lithimnuna fallega, en lithimnufræðina broslega

„Að mínu viti þá eru þetta ekki vísindi,“ segir Jóhannes Kári Kristinsson um lithimnugreiningu. Jóhannes Kári er sérfræðingur í hornhimnusjúkdómum, augnskurðlækningum og laser-augnlækningum.

„Eins og aðrir hef ég lesið um þetta fyrirbæri, en þó nægilega til þess að vita að á þessu virðast engar vísindalegar rannsóknir hafa verið gerðar. Það má því alveg flokka þetta með skottulækningum.“

### Lithimnan breytist lítið

„Þegar lithimnan þróast þá verður hún strax hjá barni mjög lík því sem gerist seinna á ævinni,“ segir Jóhannes Kári og kveður því mjög ólíklegt ef sjúkdómur kæmi upp í galli eða brisi að það mætti merkja á lithimnunni. Máli sínu til stuðnings bendir hann á að lithimnan þyki jafnvel ábyggilegri til auðkenningar einstaklinga en fingraför.



JÓHANNES KÁRI KRISTINSSON

„Lithimnuskannar sem víða eru notaðir, svo sem á líkamsræktarstöðvum, væru fljótlega hættir að virka ef lithimnan tæki miklum breytingum,“ segir hann.

Lithimnuna segir Jóhannes Kári hins vegar vera geysilega fallegan hluta augans og skemmtilegt hversu margbreytileg lithimnan sé í fólki. „Og þess vegna hefur mönnum eflaust fundist gaman að pæla í þessu. En fyrir fræðunum eru engin vísindaleg rök þarna. Þau er í raun og veru svolítið brosleg og auðveldara að afsanna þau en margar aðrar skottulækningar.“

### Læknar fari úr vörn í sókn

Jóhannes segir sér löngum hafa þótt annar flötur áhugaverður í tengslum við óhefðbundnar lækningar. „Það er þessi vissa linkind sem fyrirbærinu er sýnd, sérstaklega með tilliti til þess að læknar mega ekki auglýsa starfsemi sína,“ segir hann og bendir máli sínu til stuðnings á að erlendur lithimnufræðingur sem reglulega sæki landið heim auglýsi starfsemi sína óáreittur. „Sjálfur er ég fylgjandi því að læknar, eins og aðrar starfsstéttir fái að auglýsa. Það held ég að sé einmitt mjög mikilvægt gagnvart skottulækningum því annars fá óhefðbundnar lækningar að vera mun meira áberandi í umræðunni.“

Hér segir Jóhannes fremur lögmálið að læknar séu í varnarhlutverki í umræðunni.

„Þegar kemur að heilsunni þá erum við komin með svo fullkomin vísindi á 21. öld að við þurfum ekki að leita til úreltra vísinda,“ segir Jóhannes Kári, en bendir þó um leið á að þótt vísindi séu gömul þá þurfi þau ekki að vera úrelt eða út í hött. „Nálarstungumeðferð er til dæmis meðferð sem mikið er til í og þarf bara að þróa áfram í samræmi við vestræna læknisfræði. En hlutir á borð við þessi lithimnufræði ættu nú bara að fá að deyja drottni sínum.“

HÚSGAGNAHÖLLIN

# SUMARTILBOÐ

## NJÓTTU ÞESS BESTA Í SUMAR

NÚNA 25% AFSLÁTTUR



**COBRA** tungusófi, fæst með brons og svörtu áklæði. B:250 D:83/145 H:80 cm. Fæst með vinstri og hægri tungu.

TUNGUSÓFI
**149.980**
FULLT VERÐ: 199.980



**19.990**
FULLT VERÐ: 29.980
**BODUM BISTRO** brauðrist. Króm.



**8.990**
FULLT VERÐ: 12.990
**BODUM SANTOS** 8 bolla kaffikanna, svört.

HILLUR 75% AFSLÁTTUR

BORÐ 50% AFSLÁTTUR



**29.980**
FULLT VERÐ: 120.990
**NEO** hillur. Háglans, hvítt. B:160 D:45 H:153 cm.

**NEO** borðstofuborð. Háglans, hvítt. B90 L:180/240 H:76 cm.

**79.990**
FULLT VERÐ: 169.980



**2.490**
FULLT VERÐ: 2.990
**BODUM BISTRO** marineringarsett. Fæst í nokkrum litum.

NÚNA 30% AFSLÁTTUR



NÚNA 20% AFSLÁTTUR



NÚNA 25% AFSLÁTTUR



LAZBOY

**ASPEN** La-z-boy stóll. B:85 D:85 H:100 cm. Fæst með svörtu, hvítu, brúnu og vínrauðu leðri.

**99.980**
FULLT VERÐ: 139.980

LAZBOY

**RIALTO** La-z-boy stóll. B:80 D:90 H:150 cm. Fæst með rauðu, grænu og brúnu áklæði.

**89.980**
FULLT VERÐ: 109.980

**MATHILDE** stóll. Fæst með rauðu og svörtu leðri.

STÓLL
**14.990**
FULLT VERÐ: 19.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.



**PITSUDEIGI SVEIFLAÐ ÁRIÐ 1981** Pitsukokkur á Pizzahúsinu á Grensásvegi sýnir listir sínar árið 1981. MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Pitsurnar sem vöndust svo vel

Árið 1960 hélt Naustið kynningu á Ítalíu og bauð gestum að bragða á pitsu eitt kvöld. Tveimur árum síðar birtist fyrsta pitsuuppskriftin í dagblöðum, gerlaus, og minnti meira á smjördeig. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** fór aftur til pitsufortíðar.

Fyrstu skrif í íslenskum dagblöðum um pitsu má finna í Fálkanum árið 1951 þar sem blaðamaður skrifar ferðagrein um Róm. Þar segir hann að sums staðar í Róm rekist maður á staði, sem heita pizzeria og framreiði mat sem nefnist pizza. „En það er eins konar svellþykk pönnukaka, með ansjósum, olívum, rifnum osti og tómötum.“

**Smjör og egg í pitsudeigið**

Tveimur árum síðar gefur frú ein í bæ uppskrift að eftirlætisrétti eiginmannsins, pitsu, í Lesbók Morgunblaðsins, en þau hjón höfðu ferðast mikið, meðal annars til Ítalíu. Deigið í pitsu þessari frá 1962 er hnoðað saman úr smjörlíki, eggjarauðu, hveiti, vatni og salti og sett í kringlótt grunnt form. Ofan á var svo sett ostur og pipar. „Best er að hafa antinori-rauðvín með, enda ítalskt,“ bætti frúin við.

Árið 1960 hafði Naustið hins vegar boðið gestum upp á ítalskan matseðil eitt kvöld í tilefni Ítalíukynningar og var „pizza“ þar meðal annars á matseðlinum. Meðan gestir gæddu sér á pitsunni fór Svavar Gests með gamanmál og sögur.

**Mikilvægt fyrir ferðamenn**

Fyrsta pitsuuppskriftin sem líkist þeim uppskriftum sem gerðar eru í dag birtist í Fálkanum árið 1964 og er fólk hvatt til að nota hvaða afganga sem eru til ofan á deigið þótt upprunalegi rétturinn sé „búinn til með ansjósum“. „Tómatar eða tómatkraftur verður bara að vera undir og rifinn ostur ofan á, ef rétturinn á að bera nafn sitt með réttu.“

Eitt veitingahús var farið að bjóða upp á ítalskar pitsur árið 1970. Smárakaffi, sem var á Laugavegi 178, við sjónvarpshúsið, auglýsir nýja sérrétti, ítalskar pitsur, með mörgum fyllingum. Matreiðslumaðurinn, Eggert Eggertsson, sagði í blaðaviðtali það ár að opnun pitsustaðar væri mikilvæg til að geta boðið erlendum ferðamönnum upp á alþjóðlega matreiðslu. Hann bætti við að flestum þætti pitsa góð, en sjálfsagt yrðu menn að venjast henni.

**Pitsur og hreindýrasteikur**

Fleiri staðir sem bjóða upp á pitsur fara að dúkka upp og áleggið er gjarnan skinka og spergill. Halti haninn er opnaður þar sem Smárakaffi var til húsa og býður upp á pitsur og hreindýrasteikur í senn. Lauga-ás fer að hafa pitsur á matseðlinum og árið 1979 er Hornið opnað, fyrsti veitingastaðurinn sem sérstaklega gerir út á pitsur og ítalska matargerð, sem enn er starfræktur í dag. Margir muna einnig eftir Sælkeranum í Austurstræti sem þótti bjóða upp á ljómandi góðar pitsur.

**Ola-partý-pizzur**

Árið 1980 var Pizzahúsið opnað á Grensásvegi, en staðurinn var með þeim vinsælustu á Íslandi í mörg ár og frumkvöðull á sínu sviði. Árið 1982 var hægt að taka pitsu með sér heim með því að hringja á undan sér og panta, sem þótti þá mikil nýlunda. Þá voru gjarnan myndlistarsýningar á Pizzahúsinu svo fólk gat setið og borðað pitsur og horft á málverk. Eigandi Pizzahússins, Ólafur Þór Jónsson, hafði þegar hann opnaði staðinn búið til svonefndar Ola-partý-pizzur í þrjú ár áður, sem seldar höfðu verið í kjörbúðum og notið mikilla vinsælda.



**SÆLKERINN Í AUSTURSTRÆTI** Veitingastaðurinn Sælkerinn var staðsettur í Austurstræti og voru pitsurnar á staðnum afar vinsælar.

**Skyndiþjónusta árið 1986**

Heimsending á pitsum, eða „Skyndiþjónusta“ eins og þjónustan var kölluð í upphafi, hófst svo árið 1986, hjá til að mynda Pizzahúsinu og Eldsmiðjunni sem var opnuð það ár. Sama ár var pitsastaðurinn Jón Bakan opnaður sem lagði fyrst og fremst áherslu á heimsendingu í pitsum og nutu Jón Bakan-pitsurnar mikilla vinsælda næstu árin. Það ár var greinilegt að pitsan hafði rutt sér til rúms á Íslandi og nærri tuttugu veitingastaðir á Íslandi voru með pitsuofn. Má þar nefna Sælkerann í Austurstræti, Biggabar í Tryggvagötu, Ítalíu á Laugavegi og Pizza Hut sem þá hafði opnað stað á Suðurlandsbraut. Talað var um „faraldur“ í opnun pitsustaða í Viðskiptablaðinu það ár.

**Sendlum gert erfitt fyrir**

Árið 1993 urðu læti á pitsumarkaðinum þegar ameríska pitsukeðjan Dominos opnaði pitsustað á Grensásvegi, ská á móti þar sem Pizzahúsið stóð. Dominos lofaði viðskiptavinum því að fá pitsuna ókeypis ef sendlarnir væru meira en 30 mínútur á leiðinni. Pizzahúsið lofaði því sama. Sögur bárust af hraðakstri og svo óprúttnum viðskiptavinum sem reyndu að koma í veg fyrir að pitsan næði á áfangastað á tilsettum tíma. Þannig birtist frétt um það í Alþýðublaðinu að maður hefði komið upp vegatálma, stærðar búkku, við enda götunnar sem hann bjó í. Tilraunin tókst þó ekki og pitsan náði í höfn áður en þrjátíu mínútur voru liðnar. Í dag eru pitsustaðir eða veitingastaðir sem hafa pitsur á matseðli sínum nærri hundrað.




**PIZZA HUT 1988** Ameríska pitsukeðjan var opnuð þetta ár og fimm árum síðar var skrifað í Alþýðublaðið: „Senn líður að því að menn vita ekki almennilega hvort borgin (Reykjavík) er íslensk eða amerísk. Bílar aka um borgina á miklum hraða með Dómínós-pizzur og nú er McDonalds að opna hamborgarastað með al-amerískum skiltum.“



**„ASCO“-PITSA ÁRIÐ 1983** Með fyrstu pitsunum sem Íslendingar kynntust voru plastinnpakkaðar pitsur sem kaupa mátti í kjörbúðum.

# Europris

## ÓDÝRT FYRIR ALLA!






**499**
SÆNGURFÖT
- Í miklu úrvali



**149** pr. pk
SANO BÓMULLARVÖRUR



**-50%**
AF ÖLLUM SESSUM FYRIR GARÐSTÓLA




**499**
GRÆNSÁPA - 4 LTR



**299** pr. stk
WIZZ HREINGERNINGARÚÐI
- 750 ml




**1290**
RAFHLÖÐUR - 30 Í PK
- AA




**299** pr. stk
HERBAL ESSENCES SJAMPÓ
- 250 ml



**249** pr. par
SOKKAR
- Barna, dömu og herra



**990** pr. stk
SÓLGLERAUGU
- Í miklu úrvali



**499** pr. pk
NÆRBUXUR
- Dömu og barna, 3 í pk
- Herra, 2 í pk



**499** pr. stk
VASALJÓS



**499** pr. stk
LESGLERAUGU
- +1 til +3,5



**1999**
SVEFNPOKI
- -5 til +15 gráður



**3990**
SVEFNPOKI
- Lítill og léttur poki, aðeins 1 kg
- +5 til +25 gráður



VERÐ ÁÐUR: KR 5990
NÚ: **4990**
ÚTILEGUBORÐ - 80 X 60 CM

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri









# Sveitasælgæti, hosur og kerti

Fátt er skemmtilegra en að taka eitthvað með sér heim úr sumarfríinu, eitthvert fallegt handverk, heimalagaða sultu eða sveitaost. Slíkar vörur má til að mynda nálgast á sveitamörkuðum sem njóta síaukinna vinsælda. ***Fréttablaðið*** tók saman nokkra staði.




## 1 MOSFELLSDALUR

**Útimarkaðurinn Mosskógum**

Í nokkur ár hefur útimarkaður með grænmeti úr Mosfellsdal, rósum, ullarsokkum, pestói, silungi og fleiru verið starfræktur í Mosfellsdal og í ár er engin undantekning á því. Opið verður alla laugardaga í sumar frá kl. 12-16 en opið er fram í fyrstu frost, í fyrra var það í október.

## 2 LAXÁ Í LEIRÁRSVEIT

**Sveitamarkaður**

Síðustu árin hefur verið haldinn sveitamarkaður í gamla sláturhúsinu við Laxá í Leirársveit. Markaðurinn er opinn alla sunnudaga, frá kl. 13-18 í allt sumar og fram á haust. Mikið af skemmtilegu handverki, harðfiski, saltfiski og plokkfiski. Heimalagaður ís, skyr og jafnvel broddur.

## 3 PATREKSFJÖRÐUR

**Sumarmarkaður**

Sumarmarkaður Vestfjarða er rekinn í Pakkhúsinu á Patreksfirði á laugardögum í allt sumar. Opið er frá kl. 13-16. Á markaðinum er vestfirsk matvara og handverk selt í bland og mikið til af góðum sjávarafurðum. Má þar nefna sólþurrkaðan saltfisk, skötu, reyktan rauðmaga, harðfisk og einnig er mikið um alls kyns sultur og góðgæti.

## 4 GRETTISBÓL Á LAUGARBAKKA

**Spes sveitamarkaður**

Sveitamarkaður með sögualdarlegu ívafi. Spennandi sultur, reyktur rauðmagi, ástarpungar bakaðir í sveitinni, harðfiskur og ýmist góðgæti. Mikið af fallegu handverki sem byggir á hráefni úr héraði, fornum hefðum og söguminnum. Markaðurinn er opinn frá 13-18 á fimmtudögum, 13-20 á föstudögum og 11-18 um helgar. Opið verður fram yfir miðjan ágúst.

## 5 EYJAFJARÐARSVEIT

**Sveitamarkaður**

Sveitamarkaður í um það bil tíu mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri, á torgi gömlu garðyrkjustöðvarinnar við Hrafnagil. Markaðurinn er opinn á sunnudögum, kl. 11-17 og síðasti markaðsdagurinn í sumar er 15. ágúst. Á markaðinum er boðið upp á brauð, bökur, sultur, saftir, blóm, jurtir og fleira. Kaffihús er rétt við markaðinn og ísbar.

## 6 EGILSSTAÐIR

**Fjóshornið, Vellir**



Bændurnir á Egilsstöðum á Völlum opnuðu Fjóshornið nú í sumar en þar verða framleiðsluvörur frá býli þeirra til sölu. Opið er út ágústmánuð alla virka daga frá kl. 11.30-18 og 14-18 um helgar en annar afgreiðslutími verður í haust. Á staðnum er hægt að kaupa nautakjöt, þar á meðal hamborgara, skyr, jógúrt og fetaost – allt unnið úr mjólk og kjöti frá bænum. Veitingasala er einnig starfrækt á staðnum þar sem til að mynda er hægt er að fá skyrtertu með kaffinu sem unnin er úr skyri býlisins og heimalagaða gúllassúpu.

## 7 HÖFN Í HORNAFIRÐI

**Heimamarkaðsbúð**

Í Heimamarkaðsbúðinni má nálgast kræsingar úr Austur-Skaftafellssýslu, svæði sem kallað er ríki Vatnajökuls. Markaðurinn er starfræktur í Pakkhúsinu á Höfn og er opinn alla daga nema sunnudaga frá kl. 12-19 og verður opinn á þeim tíma út ágústmánuð. Afurðir frá bændum, trillukörlum og sjávarútvegsfyrirtækjum, lausfrystur humar, heitreyktur makríll, úrvals lamba- og nautakjöt svo fátt eitt sé nefnt. Hamborgararnir, sveitaísinn og lífrænt ræktaða kálið njóta líka sérstakra vinsælda.

## 8 HVOLSVÖLLUR

**Sunnlenski sveitamarkaðurinn**

Gamaldags sveitamarkaður með sunnlenskri framleiðslu. Markaðurinn er opinn frá kl. 11-17 alla daga vikunnar og verður opinn í það minnsta til ágústloka. Kjöt, grænmeti, ávextir, tréleikföng, prjónuð barnaföt, sveitahandverk og margt fleira. Alltaf eitthvað nýtt að gerast um hverja helgi.



## 9 FLÚÐIR

**Kærleikskrásir og kruðerí**

Skemmtilegur bændamarkaður í gömlu ferðamiðstöðinni á Flúðum. Markaðurinn er opinn fimmtudaga og föstudaga frá kl. 15-18.30 og laugardaga og sunnudaga frá 11-18. Alls kyns góðgæti úr næsta nágrenni, grænmeti og kryddjurtir, nýbakað brauð og snúðar, gæsabringur, nautakjöt beint frá býli, silungur, lax og fleira. Að ógleymdum hosum og vettlingum.

## 10 LAUGARÁS

**Lífrænn markaður á Engi**

Markaðurinn í Engi í Laugarás er opinn frá fimmtudegi til mánudags, kl. 13-18 og verður opinn til 22. ágúst. Á markaðinum fæst lífrænt ræktað grænmeti af ótal tegundum, kryddjurtir, lífrænn ís frá Bíóbúi, girnilegar heimalagaðar sultur og fleira. Landnámshænur, kryddjurtagarður og ávaxtatré eru til sýnis sem og þúsund fermetra völundarhús úr trjágróðri.



## 11 EYRARBAKKI

**Gónhóll**

Markaðurinn á Gónhóli selur bæði alls kyns girnilega matvöru og handverk og er einnig með aðstöðu fyrir fólk sem vill koma og selja kompudót. Markaðurinn er opinn alla daga frá 11-18, nema miðvikudaga. Grænmeti, kleinur, fiskur frá Vestmannaeyjum og alls kyns góðgæti útbúið á gamla mátann, svo sem brjóstsykur, hrökkbrauð, síróp, hunang og alls kyns sykurvörur. Handverk, svo sem íslensk kerti og sápur.

## 12 REYKJAVÍK

**Frú Lauga**

Bænda- og sveitavörumarkað má líka finna í Reykjavík, að Laugalæk 6. Opið er miðvikudaga-föstudaga, frá kl. 12-18 og á laugardögum frá 12-16. Hjá Laugu er hægt að fá matvöru hvaðanæva af landinu; bleikju frá Hala í Suðursveit, bláskel frá Hrísey, reyktar andabringur frá Hlíðarbergi, grænmeti frá Hæðarenda og Móður jörð.

## Nokkur býli sem selja afurðir sínar beint til neytenda

- Á bænum Hálsi í Kjós má kaupa nautakjöt í neytendapakkningum um helgar.
- Geitakjöt og egg fást meðal annars á Háafelli í Hvítársíðu í Borgarfirði.
- Andaregg fást hjá ábúendum á Ystu-Görðum í Kolbeinsstaðahreppi á tímabilinu febrúar-september.
- Landnámshænuegg má fá á bænum Eystri-Torfstöðum II í Fljótshlíð.
- Á Erpsstöðum í Miðdölum geta ferðalangar komið frá kl. 13-17 út ágústmánuð og keypt heimagerðar mjólkurvörur, svo sem skyr, ost og ís.
- Heimareykt hangikjöt, rauðmaga og jafnvel æðadún er hægt að nálgast á Stað í Reykhólasveit.
- Á bænum Höfða í Dýrafirði fást dýrindis heimaræktaðar plómur seinni hlutann í júlí. Einnig egg og handverk.
- Bærinn Árbær á Mýrum í Hornafirði hefur heimagerðan rjómaís til sölu sem og prýðis nautakjöt.
- Sýrt grænmeti (pickles), sultur, og reyktur silungur er meðal þess sem hægt er að kaupa hjá ábúendum á Gili í Skagafirði.
- Ábúendur á bænum Miðhúsum í Egilsstaðahreppi hafa meðal annars til sölu sultur, möluð fjallagrös og þurrkaða og frysta sveppi.

## Safnaðu síðunum!

Yfir háannaferðatímann í sumar birtir helgarblað Fréttablaðsins Íslandskort með upplýsingum fyrir ferðalanga. Um síðustu helgi var það vegvísir að söfnum víðs vegar um land og í dag leiðarvísir að bændamörkuðum. Á næstu vikum má svo búast við svipuðum vísum að ýmsum perlum sem vert er að muna eftir á ferðalaginu.


facebook
Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is
35
milljónir
35 ÍSKALDAR
KÚLUR!
Fimmfaldur Lottópottur stefnir í 35 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!
Lottó
24/07 2010 | WWW.LOTTO.IS



**1** Dagurinn byrjaði á því að ég fann ekkert sem ég leitaði að heima hjá mér, þar er allt í drasli enda var ég að flytja í nýja íbúð. Þar mála ég einn vegg og festi eina skúffuhöldu á viku, vegna tímaskorts. Er þó búin að mála eldhúsið og valdi litinn kúltúrbrúnan, eftir nafninu.



**2** Hér er ég komin á skrifstofu Nýlistasafnsins, þar er aðeins minna drasl og alltaf mikið að gera. Elín Þórhallsdóttir, safneignarstarfsmaður safnsins, tók myndina.



**3** Í hádeginu átti ég fund með Ármanni Agnarssyni hönnuði, sem hannaði m.a. bókina Nýlistasafnið / The Living Art Museum 1978-2008. Fékk mér dýrindis fiskisúpu og brauð með hummus á veitingastaðnum Kryddlegin hjörtu, hinum megin við götuna á Skúlagötunni.

# Dagur í lífi safnformanns

Nýlistasafnið í Reykjavík hlaut á dögunum Safnaverðlaunin 2010 en safnið þykir hafa skarað fram úr í starfsemi sinni. Nýlistasafnið þykir þar einkum hafa staðið hvað fremst í varðveislu á gjörningum. **Birta Guðjónsdóttir** myndlistarmaður starfar sem formaður Nýlistasafnsins og festi á filmu nokkur brot úr vinnudegi sínum.

## MYNDBROT ÚR DEGI | Fimmtudaginn 15. júlí | Myndir teknar á Panasonic Lumix DMC-LX2 (Leica-linsa)



**4** Nýlistasafnið hlaut nýlega Íslensku safnaverðlaunin, sem veitt voru á Bessastöðum við hátíðlega athöfn. Af því tilefni buðum við meðlimum Nýlistasafnsins, listamönnunum sem hafa rekið safnið af metnaði og elju í 32 ár, í fögnuð af því tilefni. Á myndinni sést Finnbogi Pétursson segja okkur Guðjóni Ketilssyni og Kristínu Ragnarsdóttur frá spennandi hljóðbylgjupælingum.



**5** Svo fór ég á gjörning, sem var hluti af dagskrá listahátíðarinnar Villa Reykjavík. Þarna sjást Unnur Andrea og samstarfsfólk hennar í miklum ham í gjörningi hennar, sem vakti lukku. Ég reyndi líka að taka mynd þarna af hinum svokallaða Shivering Man, sem ég er mjög hrifin af, en myndirnar urðu of hreyfðar.



**6** Svo er hér ein mynd úr hjólatúr í hverfinu mínu indæla, Þingholtunum, í kvöldsólinni. Húsin í hverfinu eru í svo fallega húmanískum stærðum og hlutföllum, litrík og persónuleg. Það eru svona móment (og reyndar dagar) sem láta mér líða vel í Reykjavík og fá mig til að trúa því að hún geti orðið Besta borgin!

## MÆLISTIKAN



### ■ Á uppleið

**Blátt, brúnt og jarðlitir í bland á heimilinu** Enda fátt skemmtilegra en taka smá forskot á haustið þótt ekki sé nema með einum púða eða svo.




**After sun** Eitthvað gott og kælandi krem fyrir sólbrennda og rækjulitaða landsmenn.

**Merkipennar** Með komandi útihátíðum og ferðalögum er upplagt að nýta næstu daga í að merkja svefnpokann og hvern ullarsokk.







### ■ Á niðurleið

**Fylleríishópferðir í sund** Hvað gengur fólki eiginlega til að flykkjast í sundlaugina eftir lokun ölduhúsa og eyðileggja þannig skemmtilegt framtak nýs meirihluta.

**Exótískir montstatusar** Ef þú vilt æra Facebook-vini þína skaltu segjast vera að borða klementínur frá Maldíveyjum eða baða þig í kókosolíu á strönd í Suður-Ameríku.



**Einhverjir tískuspekúlantar staðhæfa að svört klæði muni ekki eiga upp á pallborðið í vetur** Ótrúleg tíðindi úr tískuheiminum ef sönn reynast.



# hvert á að fara?






FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA


TAKTU FLOTTAR MYNDIR Á FRÁBÆRAR MYNDAVÉLAR FRÁ OLYMPUS SAMSUNG CASIO

OLYMPUS
FE-4030



Stafræn myndavél
14 milljón pixlar
4x aðráttarlinsa
(26-105 mm)

*Til í tveimur litum: Brún og hvít*

***Verð kr: 24.900,-***

SAMSUNG
SMX-F30LP



*Hágæða videó upptökuvél*

Vídeó upptaka (720 x 480 @60i )
2,7" LCD snertiskjár í Full HD upplausn
34 x Optical Zoom / Notar SD/SDHC kort

***Verð kr: 39.900,-***

CASIO
EX-Z35



Stafræn myndavél
12.1 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa
(35,5-106,5mm)

*Til í tveimur litum: Svört og silfur*

***Verð kr: 22.900,-***

ORMSSON
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR: www.ormsson.is
VERSLANIR UM LAND ALLT


Sesar A ætlar að reyna fyrir sér á Mýrarboltamótinu um næstu helgi.

## Rapparar sækja Mýrarboltamót

„Það verður bara gaman að prófa eitthvað nýtt,“ segir rapparinn Eyjólfur Eyvindarson, betur þekktur sem Sesar A, sem ætlar að keppa með FSC karíókí á Mýrarboltamóti á Ísafirði um næstu helgi.

Eyjólfur var viðstaddur mótið í fyrra og leist svo vel á að hann ákvað að taka þátt í ár. „Mér fannst þetta stórsniðugt. Svo er þetta gott tækifæri til að fara vestur en þaðan er ég ættaður,“ segir hann og útilokar ekki að Erpur bróðir hans mæti líka á svæðið.

Eyjólfur ætlar ekki að láta sitt eftir liggja á tónlistarsviðinu þar sem hann mun líka troða upp á Ísafirði um helgina ásamt vestfirska bandinu Stjörnuryki. „Við gerðum saman lag fyrir Söngvakeppni Vestfjarða, svo þetta verður stuð.“

## Spáir góðu veðri

Margir eru sjálfsagt farnir að velta fyrir sér hvernig veðrið verði um verslunarmannahelgina og einhverjir sem ætla einfaldlega að elta veðurblíðuna. Þeir munu hafa úr ýmsu að velja, ef marka má Sirrí spá sem telur næsta víst að veðrið muni leika við landsmenn alla. „Veðrið verður gott um allt land,“ segir hún, hugsar sig um og bætir svo við að best verði það þó líklegast á Norðurlandi. Sjálf ætlar Sirrí að halda sig í bænum um næstu helgi enda lítið gefin fyrir útihátíðir. „Ég fór aðeins á yngri árum í Húsafell og Þórsmörk en hætti því snemma og ætla nú að njóta þess að vera í bænum.“


Veðrið verður að sögn Sirríar með besta móti fyrir norðan um næstu helgi.

# Gæti orðið fjölmennasta þjóðhátíðin fyrr og síðar

**Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum verður haldin í 130. skipti um næstu helgi. Búist er við metþátttöku nú í ár.**

„Þetta gæti orðið stærsta hátíð fyrr og síðar því það getur verið að flutningsgetan minnki aftur á næsta ári vegna þess að Flugfélag Íslands er að leggja niður þessa flugleið. Ég veit ekki hvað þeir gera á komandi verslunarmannahelgum,“ segir Tryggvi Már Sæmundsson, stjórnarmaður í þjóðhátíðarnefnd í Vestmannaeyjum.

Á bilinu þrettán til fjórtán þúsund manns lögðu leið sína til Vestmannaeyja um verslunarmannahelgina á síðasta ári. Búist er við ívið fleirum nú, enda Landeyjahöfn nýkomin í gagnið og Flugfélag Íslands flýgur enn til Eyja.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir að viðbúnaður hafi verið aukinn í Eyjunum fyrir helgina. „Við búum okkur undir stærstu þjóðhátíð sem haldin hefur verið og við höfum verið að undirbúa þessa þjóðhátíð frá því að við slitum þeirri seinustu,“ segir Elliði. „Það lá mjög snemma fyrir að það stefndi í stóra hátíð, fyrst og fremst vegna þess hversu góð sú síðasta var og þess vegna hefur allur aðbúnaður og þjónusta við gesti verið stóraukin.“

Elliði og Tryggvi segja að viðbúnaður hafi verið aukinn meðal annars með því að fara yfir öryggismál, fjölga salernum og bæta samgöngur innanbæjar. „Við erum núna að vinna að því að það verði strætisvagnar í bænum alla helgina,“ útskýrir Elliði og Tryggvi tekur við: „Við erum búin að byggja nýtt fjögur hundruð fermetra þjónustuhús inni í Dal. Við erum búin að auka afkastagetuna í veitingatjaldinu um helming, bæta við götum fyrir hvítu tjöldin og stækka tjaldstæðið fyrir kúlutjöldin.“

Einnig hefur verið opnað veitingahús í Höllinni, sem ekki hefur verið gert áður um verslunarmannahelgi. „Við erum bara að hækka þjónustustigið á Eyjunni á meðan þjóðhátíð gengur yfir,“ segir Björgvin Þór Rúnarsson, veitingamaður í Höllinni, sem tekur yfir fimm hundruð manns í sæti.

En hvernig verður brugðist við ef veður verður slæmt um helgina? „Öll viðbragðsplön breytast nú þegar Herjólfur er farinn að sigla í Landeyjahöfn, við tæmum eyjuna hraðar heldur en áður hefur verið,“ upplýsir Elliði. Tryggvi segir að fjórir stórir íþróttasalir verði opnaðir eins og áður. „Við leikum okkur að því að koma þar fyrir þúsundum manna.“ *- mmf*


„Takmarkið er eins og alltaf að allir fari sáttir og glaðir af þjóðhátíð,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.

### Fjöldi á þjóðhátíð

| Ár | Fjöldi |
|---|---|
| 2009 | 14.000 |
| 2008 | 13.000 |
| 2007 | 10.000 |
| 2006 | 7.000 |
| 2005 | 10.000 |
| 2004 | 9.000 |

*Samkvæmt tölum frétta á Visir.is síðustu árin*

**• TJÁ SIG MEÐ TATTÚUM** Nei-hópur Femínistafélagsins mun á næstum dögum standa fyrir árlegu átaki gegn nauðgunum, dreifingu fræðsluefnis og sölu bola og límmiða í tengslum við verslunarmannahelgina. Óhætt er að segja að hópurinn verði sérstaklega áberandi í ár, því auk þess að klæðast merktum bolum hafa einhverjir í hópnum látið húðflúra sig með merki átaksins. „Ég lét tattúvera mig á Reykjavík Ink. til að sýna stuðning við fórnarlömb nauðgunarglæpa og lýsa óbeit minni á nauðgunum,“ segir Arnar Freyr Björnsson, einn meðlima. Að þessu sinni verður Nei-hópurinn að störfum í miðbæ Reykjavíkur á næstum dögum og svo við BSÍ og Reykjavíkurflugvöll fyrir verslunarmannahelgi. Við tekur starf í Vestmannaeyjum og á Akureyri þar sem Nei-hópurinn verður í samstarfi við Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi.







# Gera langþráð myndband

Hljómsveitin Greifarnir gáfu í vikunni út myndband við lag sitt Útihátíð sem gefið var út árið 1986.

„Við vorum farnir að sjá myndir við lagið sem einhverjir höfðu sett inn á YouTube,“ segir Kristján Viðar Haraldsson, söngvari Greifanna. „Við fórum að spá í að við ættum að sjá um að lagið væri þarna.“

Eftir að ákveðið var að búa til myndband við lagið komst hljómsveitin yfir gamlar myndbandsupptökur af laginu. „Við hugsuðum með okkur: Jæja ef við ætlum að setja þetta inn á annað borð, er ekki best að gera það almennilega,“ segir Kristján en hljómsveitarmeðlimir klipptu myndbandið sjálfir saman.

„Við ákváðum bara að kýla á þetta. Nú er að koma verslunarmannahelgi og lagið er náttúrulega alltaf í umræðunni og verið að spila það út um allt á þessum tíma,“ segir Kristján og bætir glettinn við: „Það var einmitt einn sem skrifaði á Facebook að þetta væri kandídat í Evrópumeistaramótið í nostalgíu.“

Greifarnir spila á Spot í Kópavogi um verslunarmannahelgina og stefnir Kristján á setningu mets í spilun Útihátíðar, en fyrra metið var átta skipti sama kvöldið. *- mmf*


Kristján segir að nálgast megi myndbandið á www.youtube.com/user/Greifarnir.


ego dekor
HETTHI
stækkanleg eikarborð
160(248)x100
Verð: 159.900,-
200(288)x110
Verð: 179.900,-
COMO
Hnota/svart háglans
ERIC skenkur br: 170cm
Verð:
139.900,-
Borð 220x100
Verð:
119.000,-
HETTHI
Vegghilla m/ljósi
Verð: 39.500,-
TV skenkur 240cm
Verð: 109.900,-
COMO
Wengi/hvítt matt
ERIC TV skenkur br: 210cm
Verð:
129.900,-
ERIC skenkur br: 170cm
Verð:
139.900,-
FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI
SIBELLA stóll
Verð: 13.515,-
ORIANA stóll
Verð: 18.900,-
LUCINDA stóll
Verð: 23.900,-
DAVOS stóll
Verð: 24.500,-
RONNE stóll
Verð: 29.900,-
FATCAT tungusófi
Stærð: 320x165
Tilboðsverð: 211.500,-
SICILY tungusófi
Færanleg tunga
Stærð: 268x165
Tilboðsverð: 188.100,-
Romeo leðurtungusófi
Stærð: 285x165
Verð: 289.900,-
GRANDO tungusófi
Færanleg tunga
Stærð: 230x157
Tilboðsverð: 147.900,-
Opið virka daga: 10.00-18.00
Lau: 10.00-16.00 - Lokað á sunnudögum
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

## HVERJIR VERÐA HVAR?



Gnótt er í boði af tónlist og skemmtun um allt land um verslunarmannahelgina eins og ævinlega. Hér gefur að líta dæmi um listamenn sem koma fram á nokkrum hátíðum.



**NEISTAFLUG Í NESKAUPSTAÐ:**
Gunni og Felix
Pollapönk
Paparnir

**FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ SÁÁ AÐ HLÖÐUM, HVALFJARÐARSTRÖND:**
Geirmundur Valtýsson

**FJÖLSKYLDUDAGAR Á STOKKSEYRI:**
Eivör Pálsdóttir og fleiri færeyskir listamenn

**FÁKAFLUG Á VINDHEIMAMELUM:**
Helgi Björns og Reiðmenn vindanna
SSSól
Hvanndalsbræður

**EIN MEÐ ÖLLU Á AKUREYRI:**
Dikta
Páll Óskar
Hjálmar
Skítamórall
Sveppi og Villi





**ÞJÓÐHÁTÍÐ Í VESTMANNAEYJUM:**
Björgvin Halldórsson
Fjallabræður
Ingó og Veðurguðirnir








Ellen segir aldrei að vita hvort samstarf hennar, KK og Bubba Morthens haldi áfram eftir þjóðhátíð í Eyjum. Hér heldur söngkonan á tíkinni Tinnu sem ein dætra hennar á. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Virðing og væntumþykja

**Gestir þjóðhátíðar í Eyjum eiga væntanlega von á góðu þegar þungavigtarfólk í íslensku tónlistarlífi, Ellen Kristjánsdóttir, KK og Bubbi Morthens, leiðir saman hesta sína á laugardagskvöldinu.**

„Þegar hugmyndin kviknaði þurfti ég alls ekkert að hugsa mig um og var strax til í þetta. Við erum voðalega ánægð með þetta og það ríkir mikil virðing og væntumþykja milli okkar,“ segir söngkonan Ellen Kristjánsdóttir, sem hefur myndað nokkurs konar tríó ásamt Kristjáni Kristjánssyni bróður sínum, betur þekktum sem KK, og Bubba Morthens og koma þau fram ásamt hljómsveit á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgina.

Aðspurð segist Ellen ekki hafa búist við því að hún myndi nokkurn tímann syngja í tríói með þeim Bubba og KK, þótt hún hafi unnið talsvert með þeim í gegnum tíðina. „Ég og Kristján höfum gert ýmislegt saman og ég hef líka sungið með Bubba í lögum eins og Það er gott að elska, Fallegur dagur og fleirum, auk þess sem Eyþór Gunnarsson, maðurinn minn, hefur verið upptökustjóri hjá Bubba og KK hefur spilað með honum líka. Við tengjumst öll á ýmsa vegu.“

Téður Eyþór er einmitt hljómsveitarstjóri sveitarinnar sem leikur undir hjá Ellen, KK og Bubba í Eyjum og leikur á hljómborð, en auk hans eru í sveitinni þeir Guðmundur Pétursson á gítar, Benedikt Brynleifsson á trommur og Sölvi Kristjánsson, sonur KK og frændi Ellenar, á bassa. Ellen segir ánægjulegt að vinna með þessu góða fólki, en tónleikarnir fara þannig fram að Ellen, KK og Bubbi syngja nokkur lög hvert í sínu lagi, svo syngur Bubbi með KK, Ellen með Bubba og koll af kolli þar til að þau syngja loks öll saman eitt lag, en Ellen segir það leyndarmál hvert það lag verður.



Söngkonan segist lítið hafa stundað útihátíðir á sínum yngri árum sem gestur, slíkt hafi einfaldlega ekki höfðað til hennar. „En sautján ára var ég byrjuð að syngja á svona hátíðum, fyrst á Rauðhettuhátíðinni við Úlfljótsvatn með hljómsveitinni Tívolí og svo með Ljósunum í bænum, Mannakornum og fleirum í Húnaveri, Sólborg og fleiri hátíðum. Tvisvar hef ég sungið á Þjóðhátíð í Eyjum með Borgardætrum, svo ætli við köllum okkur ekki Eyjasyni núna, eða BEK-tríóið, eða jafnvel KEB,“ segir Ellen og hlær.

KK semur Þjóðhátíðarlagið í ár, Bubbi átti Þjóðhátíðarlagið síðast og segist Ellen í gríni vera búin að panta að fá að eiga lagið næst. Þessa dagana vinnur hún að kántrípopptónlist með Pétri Hallgrímssyni og koma þau meðal annars fram á djasshátíð í Reykjavík í ágúst. Þá hefur hún verið að vinna með Eyþóri eiginmanni sínum að því að setja gamalt íslenskt efni í nýjan búning, svipað og þau gerðu á hljómplötunni Sálmar sem kom út 2004 og hlaut góðar viðtökur, svo það er nóg að gera hjá henni. *- kg*

**Kynning**

# Tónlistarveisla á Stokkseyri

Færeyskir fjölskyldudagar fara fram í annað sinn. „Við ákváðum að endurtaka leikinn frá því í fyrra þar sem hátíðin heppnaðist ótrúlega vel,“ segir Ása Berglind Hjálmarsdóttir, rekstrarstjóri Draugasetursins, sem hefur ásamt Lista- og menningarverstöðinni á Stokkseyri, skipulagt hátíðina.

Spurð hvað valdi að færeysku þema sé haldið á lofti, segir Ása íbúa Stokkseyrar finna til ákveðinna tengsla við Færeyinga. „Færeyingar eru auðvitað frændur okkar og miklir vinir og þarna gefst landsmönnum færi á að kynnast betur matarmenningu þeirra, dönsum og tónlist, þar sem fjöldi þekktra færeyskra tónlistarmanna kemur fram,“ segir hún og nefnir Eivøru Pálsdóttur, Högna Lisberg,



Fjöldi þekktra tónlistarmanna kemur fram á hátíðinni.



Yggdrasil með Angeliku Nielsen, Kvonn og hljómsveit Hilmars Joensen. Fjöldi annarra viðburða verða í boði á Stokkseyri: „landsliðsleikur“ í fótbolta milli heimamanna og Færeyinga, dansleikir og margt í boði fyrir fjölskyldufólk; kajakleiga, Töfragarðurinn, Draugasetrið og Álfa-, trölla og norðurljósasafnið þar sem tilboð verða um verslunarmannahelgina. Ása minnir á að fjölskyldan geti notið þess að heimsækja fjöruna og veitingastaðinn Fjöruborðið.

Tónleikar og dansleikir verða öll kvöldin og hægt er að nálgast miða á midi.is en ef selst upp á tónleikana má samt skella sér á dansleikinn sem byrjar að tónleikum loknum. Dagskrána má finna á www.stokkseyri.is. og á facebooksíðu Draugasetursins.

**JÖKULSÁRHLAUP** fer fram í dag í stórbrotnu umhverfi Jökulsárgljúfra í Vatnajökulsþjóðgarði. Mismunandi vegalengdir eru í boði en allar enda í Ásbyrgi. Nánari upplýsingar á jokulsarhlaup.is





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447









„Við viljum forðast öll formlegheit og bara skemmta okkur," segir Nonni Quest um brúðkaupsveisluna sem haldin verður á Fjörukránni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Fjör fram eftir nóttu

**Hárgreiðslumaðurinn Nonni Quest og Guðrún Elísabet voru gefin saman hjá sýslumanni í gær. Af því tilefni verður athöfn og veisla í dag þar sem von er á skrautlegum klæðnaði og dunandi dansi.**

„Það er klárt mál að engum mun leiðast í dag, hvorki okkur né gestunum," segir Nonni Quest, hárgreiðslumaður og eigandi hársnyrtistofunnar Kristu/Quest, glaður í bragði og ekki að ósekju, því í gær voru hann og Guðrún Elísabet Ómarsdóttir gefin saman af sýslumanni. Af því tilefni standa fyrir dyrum athöfn og veisla í dag og því morgunljóst að helgin verður viðburðarík hjá þeim hjónakornum.

Að lokinni hinni formlegu hjónavígslu í gær gistu Nonni og Guðrún Elísabet í svítu á Hótel Þingholti í nótt. Fyrri hluti dagsins í dag verður nýttur í undirbúning, meðal annars hlýtur systir Nonna þann heiður að greiða hárgreiðslumanninum á þessum mikilvæga degi. Nonni viðurkennir að töluverð pressa sé á systur sinni að standa sig vel í þessu ákveðna verkefni. „Ég myndi ekki vilja vera systir mín í dag," segir hann og hlær, en bætir við að auðvitað treysti hann systur sinni fullkomlega fyrir verkinu.

Að lokinni athöfn í Hellisgerði, þar sem hjónin setja upp hringana aftur undir berum himni, verður gengið fylktu liði að Fjörukránni í Hafnarfirði, þar sem Nonni lofar fjöri fram eftir nóttu. „Við viljum forðast öll formlegheit og bara skemmta okkur. Vinir mínir hafa stofnað hljómsveit sérstaklega af þessu tilefni og svo verður bara dansað og leikið sér."

Nonni segist alla tíð hafa verið haldinn votti af búningablæti og því var ákveðið að búningaþemað „frá landnámi að sjálfstæði" gilti í veislunni í kvöld. „Þetta er þjóðlegt þema og úr miklu að velja, eða klæðnaði áranna 670 til 1944. Helga Stefánsdóttir, búningahönnuður Þjóðleikhússins, saumaði fötin á okkur hjónin og við erum alveg í skýjunum með þau. Það verður miðaldastíll á okkur, en fötin lúta samt frekar fegurðarlögmálum en ströngustu söguskoðun. Rokkstjörnuþátturinn verður nú aðeins að fá að njóta sín," segir Nonni og skellir upp úr.

Hann býst við að brúðhjónin nýbökuðu taki því rólega og skoði gjafirnar sínar á morgun, enda væntanlega freistandi að hvíla sig örlítið eftir gleði næturinnar.

*kjartan@frettabladid.is*



**LJÓSMYNDASÝNING** undir heitinu Fjársjóður – tuttugu ljósmyndarar frá Eyjafirði 1858-1965 stendur nú yfir í Minjasafninu á Akureyri. Leiðsögn um sýninguna verður í boði á morgun klukkan 14.










Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, verkefnastjóri Viðeyjar, segir börnin vera sína eftirlætisgesti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Algjör paradís fyrir börn

**Öll börn ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á þriðja Barnadeginum í Viðey sem haldinn verður hátíðlegur á morgun. Leyndardómar fjörunnar, skemmtiatriði og barnamessa eru meðal þess sem freistar.**

„Ég hóf störf hér í mars árið 2008 og skömmu síðar héldum við fyrsta Barnadaginn í Viðey. Hann vakti svo mikla lukku að við ákváðum strax að þetta yrði gert að árvissum viðburði og sú varð raunin. Þetta er auðvitað paradís fyrir börnin til að koma og leika sér," segir Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, verkefnastjóri Viðeyjar, en Barnadagurinn í eynni verður haldinn hátíðlegur í þriðja sinn á morgun, sunnudaginn 25. júlí.

Börn á öllum aldri ættu að finna eitthvað við sitt hæfi í Viðey á morgun, þar sem blásið er til skemmtilegrar dagskrár auk alls þess sem Viðey hefur upp á að bjóða. Viðeyjarstofa með sinn fjölbreytta matseðil verður opin frá klukkan 11.30 til 17, en einnig lofa aðstandendur barnadagsins grilluðum pylsum á barnalegu verði í tilefni dagsins. Lalli töframaður verður á svæðinu og skemmtir börnunum með uppblásnum furðudýrum og fleiru, auk þess sem hann sýnir töfrabrögð við Viðeyjarstofu klukkan 13.30. Klukkan 15 munu svo þeir Gunni og Felix syngja og sprella fyrir börnin eins og þeim einum er lagið. Þá er barnamessan fastur liður á Barnadeginum, og er það séra Þorvaldur Víðisson í Dómkirkjunni sem sér um hana. „Á síðasta ári var troðfullt út úr dyrum í barnamessunni. Hann Þorvaldur býr yfir svo ótrúlega fallegri og kærleiksríkri nálgun að börnin verða hreinlega dolfallin," segir Guðlaug.



Börn geta fundið sér ýmislegt skemmtilegt að gera í Viðey.

Hún segir börnin vera sína eftirlætisgesti í Viðey því þau njóti sín svo vel og hlakki mikið til heimsóknanna. „Enda er hér svo ótalmargt sem þau komast ekki í dagsdaglega. Til að mynda hafa þau mjög gaman af því að leika sér í fjörunni, finna steina, kuðunga, krossfiska og alls kyns furðuskepnur, og því tilvalið fyrir foreldra að koma við í búð og grípa með lítinn háf eða sigti til að fullkomna fjöruferðina. Það er svo margt sem þarf að rannsaka til hlítar," segir Guðlaug.

Fyrsta ferð frá Skarfabakka er klukkan 11.15 á morgun og svo er siglt á klukkustundar fresti til klukkan 18.30. Dagskrá Barnadagsins er að finna á videy.com.

*kjartan@frettabladid.is*








Laugardagur dregur nafn sitt af því að eitt sinn tíðkaðist að fólk laugaði sig, það er færi í bað, á þessum degi.

is.wikipedia.org

# Allir dansa salsa

**Salsaveisla verður haldin á Hljómalindarreitnum í dag frá klukkan 12.00 til 18.00.**

Suður-amerísk tónlist mun hljóma í dag á Hljómalindarreitnum þar sem salsaveisla verður haldin frá klukkan 12.00 til 18.00. Allir geta prófað dansa eins og bachata, merengue, salsa og tangó. Það eru Veraldarvinir sem standa fyrir veislunni.

Boðið verður upp á suður-amerískan mat, leikir verða fyrir börnin og útimarkaður með alls konar hönnun. Nánari upplýsingar á wf.is

*- eö*



Hægt verður að dansa tangó og fleiri suður-ameríska dansa.

## Framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands ehf

Laus er staða framkvæmdastjóra við Selasetur Íslands á Hvammstanga. Um er að ræða fullt starf í eitt ár með möguleika á framlengingu. Við leitum að jákvæðum og ábyrgum einstaklingi sem býr yfir samskiptahæfni og frumkvæði. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf í góðu og fjölskylduvænu samfélagi.

- Hæfnis og menntunarkröfur eru háskólamenntun og/eða starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Góð tungumálakunnátta nauðsynleg.
- Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
- Nánari starfslýsing á www.selasetur.is

Umsóknarfrestur er 6. ágúst næstkomand. Nánari upplýsingar gefur Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir framkvæmdastjóri í síma 451 2345/898 5233 eða á selasetur@selasetur.is.
Umsóknir sendist á sama póstfang.

áberandi

## Grafískur hönnuður / sölumaður

- Vegna aukinna umsvifa leitar Áberandi að grafískum hönnuði til starfa.
- Ásamt því að sjá um hönnun er leitað eftir einstaklingi sem getur einnig sinnt sölumennsku og leyst af á prenturum.
- Leitað er eftir þjónustulunduðum einstaklingi.
- Reynsla úr skiltagerð er kostur, þó ekki skilyrði.
- Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá á aberandi@aberandi.is eða hafið samband við Áberandi í síma 414-1900.
- Áberandi ehf. er 10 ára gamalt fyrirtæki sem sérhæfir sig í umhverfisauglýsingum og er eitt reyndasta og stærsta fyrirtækið í skiltagerð á Íslandi í dag.

**Skoðaðu vefsíðu okkar – www.aberandi.is**

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Hagfræðingur á fjármálasviði

**Félags- og tryggingamálaráðuneytið** auglýsir eftir hagfræðingi til starfa. Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

**Menntunar- og hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi háskólamenntun í hagfræði og framhaldsmenntun sem nýtist í starfi. Reynsla og þekking á fasteignamarkaði og lánastarfsemi eða sambærilegum verkefnum/störfum. Öryggi og reynsla í meðferð og greiningu gagna, notkun töflureikna og gerð reiknilíkana ásamt reynslu af miðlun og framsetningu á efni. Áhersla er lögð á hæfni í mannlegum samskiptum og færni til að geta unnið sjálfstætt með skipulögðum vinnubrögðum. Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti, jafnframt góða tungumálakunnáttu í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.

**Helstu verkefni** sem falla undir starfið snúa að skuldamálum heimilanna, húsnæðismálum og ýmsum hagfræðilegum verkefnum á sviði efnahags-, félags- og velferðarmála.

**Umsóknir** ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, eða á netfangið: postur@fel.stjr.is eigi síðar en 9. ágúst nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri,** veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 5458100. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

STRÁ MRI WORLDWIDE

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



Capacent Ráðningar

# STARFSMAÐUR NEFNDAR UM EFLINGU GRÆNS HAGKERFIS

**Nefnd um eflingu græns hagkerfis auglýsir eftir starfsmanni til að vinna fyrir nefndina að eflingu græns hagkerfis á Íslandi með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi, sbr. þingsályktun frá 10. júní 2010.**

**Verkefni nefndarinnar m.a.**

- Kortleggja sóknarfæri íslensks atvinnulífs á sviði grænnar atvinnusköpunar
- Gera tillögur um úrbætur á stoðkerfi atvinnulífsins sem miða að eflingu græns hagkerfis og leita leiða til að styrkja stöðu sjálfbærrar þróunar í efnahags- og atvinnustefnu þjóðarinnar
- Gera tillögur um lagabreytingar er þjóni atvinnulífi og gæti þess að samþætta tillögur sínar við ýmsar áætlanir stjórnvalda sem tengjast atvinnu- og umhverfismálum
- Sérstök áhersla er lögð á hvernig bæta má alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands á sviði vistvænnar atvinnustarfsemi

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólagráða, sem nýtist í starfi
- Haldgóð þekking og reynsla sem nýtist vel í þessu verkefni
- Reynsla af stefnumótunarvinnu
- Góð þekking á íslensku efnahagslífi
- Góð reynsla af verkefnastjórnun skilyrði
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Geta til að leita lausna og metnaður til að ná árangri
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Ráðning er tímabundin; nefndin á að skila niðurstöðum fyrir 1. mars 2011. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi FSA.**

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Sveitarstjóri

## Sveitarfélagið Skagafjörður auglýsir lausa til umsóknar stöðu sveitarstjóra

**Starf sveitarstjóra** Sveitarfélagsins Skagafjarðar er laust til umsóknar og er leitað eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að takast á við krefjandi verkefni.

**Í sveitarfélaginu** búa um 4.200 íbúar og er Sauðárkrókur stærsti þéttbýliskjarninn en auk þess eru þéttbýliskjarnar á Hofsósi, Hólum í Hjaltadal, Varmahlíð og við Steinsstaði. Atvinnulíf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og skólastarf öflugt, góðir grunnskólar, leikskólar og tónlistarskóli.

**Nánari upplýsingar** um Sveitarfélagið Skagafjörð er að finna á vefsíðunni www.skagafjordur.is.





**Starfsvið sveitarstjóra:**
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Að gæta hagsmuna sveitarfélagsins út á við, vera talsmaður sveitarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum





**Helstu kostir sem leitað er eftir hjá sveitarstjóra:**
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og reynsla af stjórnun, bókhaldi og rekstri
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Þekking á sveitarstjórnarmálum er æskileg
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur en ekki skilyrði





**Umsóknarfrestur** er til og með 30. júlí n.k.

Nánari upplýsingar um starfið og sveitarfélagið gefa Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðarráðs, sími 847 7437, og/eða Guðmundur Guðlaugsson, sveitarstjóri, sími 455 6000 eða 898 8860. Umsóknir sendist á Ráðhús Skagafjarðar, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkrókur merkt „Ráðning sveitarstjóra".

www.skagafjordur.is

Skagafjörður






MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

SCHOLA AKUREYRENSIS

## Frá Menntaskólanum á Akureyri

Kennara í líffræði vantar í 75% starf til afleysinga á haustönn við Menntaskólann á Akureyri.
Leitað er að einstaklingi sem hefur kennsluréttindi í líffræði á framhaldsskólastigi, hefur áhuga á að taka þátt í þróunarstarfi í kennsluháttum, á gott með að vinna með nemendum og öðrum kennurum ásamt því að geta samsamað sig skólasýn MA.

Laun greiðast samkvæmt gildandi kjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra og stofnanasamningi skólans.

MA er framsækinn menntaskóli með langa sögu og býr nemendur undir nám í háskóla og líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi í sífelldri þróun. Skólinn starfar undir kjörorðunum virðing – víðsýni – árangur. Í MA er öflugt þróunarstarf og góður starfsandi.

Skriflegar umsóknir, ásamt prófskírteinum og upplýsingum um nám og fyrri störf skulu berast Menntaskólanum á Akureyri í síðasta lagi 7. ágúst 2010. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Ef þú vilt takast á við krefjandi kennarastarf í metnaðarfullum skóla er tækifærið hér. Frekari upplýsingar veita Jón Már Héðinsson skólameistari og Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir aðstoðarskólameistari í tölvupósti, netfang ma@ma.is .

Menntaskólanum á Akureyri,
Jón Már Héðinsson
SKÓLAMEISTARI MA

# Lausar stöður í liði Vinnslustöðvarinnar

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum er að gera breytingar á stjórnskipulagi fyrirtækisins og auglýsir af því tilefni eftir fólki til starfa í nýjar stjórnunarstöður og í nokkrar stöður að auki.



## Sviðsstjóri bolfisks

Nýtt bolfisksvið fær það meginverkefni að hámarka verðmæti afurða með því að ráðstafa veiðiheimildum og uppfylla kröfur um gæði, hagkvæmni og áreiðanleika í framleiðslunni í samræmi við söluáætlanir. Bolfisksviðið veltir fjórum milljörðum króna á ári, sé miðað við rekstrartölur 2009.

Sviðsstjórinn heyrir undir framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á rekstri bolfisksviðs og hefur meðal annars yfirsýn og annast samræmingu veiða, vinnslu, markaðssetningu, afurðasölu, áætlanagerð, kynningu gagnvart viðskiptavinum og gerð sölusamninga. Hann ber ábyrgð á starfsmannamálum sviðsins.

*Háskólamenntun og/eða stjórnunarreynsla er áskilin. Þekking og starfsreynsla úr sjávarútvegi er æskileg.*

## Sviðsstjóri uppsjávarfisks

Nýtt uppsjávarsvið fær það meginverkefni að hámarka verðmæti afurða með því að ráðstafa veiðiheimildum og uppfylla kröfur um gæði, hagkvæmni og áreiðanleika í framleiðslunni í samræmi við söluáætlanir. Uppsjávarsviðið veltir 3,5 milljörðum króna á ári, sé miðað við rekstrartölur 2009.

Sviðsstjórinn heyrir undir framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á rekstri uppsjávarsviðs og hefur meðal annars yfirsýn og annast samræmingu veiða, vinnslu, markaðssetningu, afurðasölu, áætlanagerð, kynningu gagnvart viðskiptavinum og gerð sölusamninga. Hann ber ábyrgð á starfsmannamálum sviðsins.

*Háskólamenntun og/eða stjórnunarreynsla er áskilin. Þekking og starfsreynsla úr sjávarútvegi er æskileg.*

## Rekstrarstjóri

Nýtt rekstrarsvið fær það meginverkefni að sjá starfsemi Vinnslustöðvarinnar fyrir nauðsynlegri rekstrarþjónustu og hafa umsjón með daglegum rekstri stoðþjónustu fyrirtækisins og starfsmannamálum félagsins. Rekstrarstjórinn ber ábyrgð á tæplega fimm milljarða króna rekstrarkostnaði fyrirtækisins á ári, sé miðað við rekstrartölur 2009.

Rekstrarstjórinn heyrir undir framkvæmdastjóra og annast upplýsingatæknimál, tæki, vélbúnað, uppbyggingu og viðhald fasteigna og skipa, framkvæmdir, fjárfestingar og rekstur frystigeymslu.

*Tæknimenntun og/eða stjórnunarreynsla áskilin. Þekking og starfsreynsla úr sjávarútvegi er æskileg.*

## Sölumaður fersks og frosins bolfisks

Meginverkefnið er að selja afurðir Vinnslustöðvarinnar og byggja upp sterk viðskiptatengsl á helstu markaðssvæðum í Evrópu og Norður-Ameríku, hafa umsjón með gerð söluáætlana fyrir alla afurðaflokka bolfisksviðs, greina þarfir markaðarins, annast vörulýsingar, kynna félagið í þeim tilgangi að afla því nýrra markaða og viðskiptatengsla og gera sölusamninga.

*Góð tungumálakunnátta nauðsynleg. Þekking á sjávarútvegi og reynsla af sölumennsku á erlendum mörkuðum æskileg.*

## Verkstjórar í fiskvinnslu

Meginverkefnið er að bera ábyrgð á daglegri vinnslu í samráði við vinnslustjóra og sjá til þess að kröfur um gæði í framleiðslu séu ávallt uppfylltar.

*Fiskvinnslumenntun og/eða reynsla og þekking í sjávarútvegi æskileg.*

Vinnslustöðin er í hópi stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Rekstrartekjur félagsins námu 8,8 milljörðum króna á árinu 2009. Reksturinn skilaði um 900 milljóna króna hagnaði. Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar eru nú um 280 talsins og þeim hefur fjölgað um 50 á aðeins einu ári. Fyrirtækið greiddi um tvo milljarða króna í laun á árinu 2009.
Vinnslustöðin á og gerir út alls tíu skip til uppsjávarveiða, togveiða og netaveiða. Fyrirtækið stundar vinnslu uppsjávarfisks, saltfiskverkun, humarfrystingu og bolfiskvinnslu, auk þess að reka fiskimjölsverksmiðju.

HAGVANGUR

Upplýsingar um störfin veita **Þórir Þorvarðarson**, thorir@hagvangur.is og **Brynhildur Halldórsdóttir,** brynhildur@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is** - umsóknarfrestur rennur út þriðjudaginn 3. ágúst 2010.

MOSFELLSBÆR

Lágafellsskóli

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem einkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMVINNA eru höfð að leiðarljósi

**Kennarastöður:**

- Enskukennara vantar í unglingadeild í 50-100% stöðugildi tímabundið í eitt ár vegna leyfis.
- Umsjónarkennara vantar í 1. bekk í 100% starf. Viðkomandi þarf að geta kennt list- og verkgreinar.

**Einnig óskum við eftir að ráða starfsmenn í eftirtalin störf:**

- Stuðningsfulltrúa með fötluðum nemendum frá kl. 8:00-13:10. Auglýst er eftir karlmanni þar sem hann þarf m.a. að aðstoða nemendur í búningsklefa karla. Viðkomandi þarf að hefja störf 20. ágúst.
- Skólaliða í ræstingu, vinnutími eftir kl. 13:00. Þarf að hefja störf 16.ágúst.

**Starfsfólk í Frístundasel:**

- Þroskaþjálfi í 60% starfshlutfall. Vinnutími 12:00 - 17:00.
- Frístundaleiðbeinendur, vinnutími frá 13:00 - 17:00. Möguleiki á styttri vinnutíma. Viðkomandi starfsmenn þurfa að hefja störf 24. ágúst.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga. Upplýsingar um störfin veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 8968230.

Einnig veitir Dagbjört Brynjarsdóttir, forstöðumaður Frístundasels upplýsingar í síma 8962682.

Umsóknir sendist á netfangið johannam@lagafellsskoli.is
**Umsóknarfrestur um störfin er til 9.ágúst.**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# STARFATORG.IS

*Laus störf hjá ríkinu*

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Skrifstofustjóri | Mennta- og menningarmálar. | Reykjavík | 201007/056 |
| Hagfræðingur á fjármálasviði | Félags- og tryggingamálar. | Reykjavík | 201007/055 |
| Starfsmaður | Nefnd um eflingu græns hagk. | Reykjavík | 201007/054 |
| Forstöðumaður | Háskóli Íslands, Stofnun fr.setra | Sandgerði | 201007/052 |
| Félagsráðgjafi | Tryggingastofnun ríkisins | Reykjavík | 201007/051 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, taugalækningadeild | Reykjavík | 201007/050 |
| Kennari í líffræði | Menntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201007/049 |
| Framhaldsskólakennari | Fjölbrautaskóli Snæfellinga | Grundarfjörður | 201007/048 |
| Lögfræðingur | Sýslumaðurinn í Keflavík | Keflavík | 201007/047 |
| Framhaldsskólakennarar | Menntaskólinn í Kópavogi | Kópavogur | 201007/046 |
| Heilbrigðisritari, skrifstofumaður | Landspítali, kvenlækningadeild | Reykjavík | 201007/045 |
| Lyfjatæknir | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201007/044 |
| Yfirþroskaþjálfi | Sv.skrifst. mál. fatl. í Reykjavík | Reykjavík | 201007/043 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144



# Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum.
Hjá Actavis á Íslandi starfa um 600 starfsmenn á ýmsum sviðum.

## Sérfræðingur í bókhaldsdeild

Hlutverk sérfræðings í bókhaldsdeild er að bera ábyrgð á að bókhald þeirra eininga sem hann hefur umsjón með sé uppfært á hverjum tíma.

**Helstu verkefni**

- Staðgengill deildarstjóra þegar þörf er á
- Daglegar bókhaldsvinnslur, afstemmingar og virðisaukaskattsuppgjör, innlend sem erlend.
- Ábyrgð á framvindu mánaðarlegra verkefna bókhaldsdeildar
- Ábyrgð á skilum gagna til annarra deilda innan fyrirtækisins sem og aðila utan þess
- Samskipti við hlutaðeigandi aðila innan og utan fyrirtækis
- Ýmis sérverkefni

**Krafa um menntun, starfsreynslu og færni**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Lágmark þriggja ára starfsreynsla tengd bókhaldi og uppgjörum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Mjög gott vald á íslensku og ensku, talaðri og ritaðri
- Reynsla af bókhaldskerfum, þekking á SAP kostur
- Nákvæmni, skipulagshæfni og útsjónarsemi
- Jákvæðni, sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Actavis býður upp á…**

- **snyrtilegan og öruggan vinnustað**
- **fjölskylduvænt starfsumhverfi**
- **góðan starfsanda**
- **gott mötuneyti**
- **fræðslu og þjálfun**
- **iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna**
- **árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks**
- **öflugt starfsmannafélag**

Nánari upplýsingar um störfin veita **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **1. ágúst nk.**

Actavis Group Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði s 535 2300 f 535 2301 @ actavis@actavis.com w www.actavis.com

actavis

## Forritari/Kerfis-Tölvunarfræðingur óskast

Prógramm ehf leitar að starfsmanni í fullt starf sem fyrst.
Góð laun í boði. Fyrirtækið vinnur að :

Nýsmíði, viðhaldi og frekari þróun hugbúnaðarkerfa.
Þróun og viðhaldi windows kerfa
Þróun og viðhaldi í XML/XSL-samskiptum.
Þróun og viðhaldi vöruhúsa í Oracle

**Hæfniskröfur**
Tölvunar- og eða Kerfisfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík, Háskóla Íslands eða frá sambærilegum skólum.

**Annað**
Reynsla úr hugbúnaðargeiranum kostur.
Reynsla af windows forritun og góð þekking á SQL er stór plús.
Góð meðmæli æskileg.
Gjarnan greina stuttlega frá þeim verkefnum á hugbúnaðarsviði sem umsækjandi hefur unnið að áður og á hvaða hátt hann kom að þeim.

Við óskum eftir kröftugum forritara sem á auðvelt með að tækla fjölbreytt verkefni, einstaklingi sem tekur ríka ábyrgð á þeim verkefnum sem honum eru falin. Vinnur fumlaust og vel og á auðvelt með samskipti við okkur hina - og þá sem við erum að þjónusta.

Góð íslenskukunnátta skilyrði

**Áhugasamir sendi umsókn á vinna@programm.is**

## Tónlistarskólakennarar á Vopnafirði

VOPNAFJARÐARHREPPUR

Tónlistarskólakennarar óskast til starfa við Tónlistarskóla Vopnafjarðar. Um er að ræða starf skólastjóra og kennara skólans. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf við upphaf næsta skólaárs.

Um er að ræða mjög spennandi störf í áhugaverðu og barnvænu umhverfi, þar sem rík hefð er fyrir margvíslegu menningarlífi.

Jafnframt því að störfin feli í sér almenna tónlistarskólakennslu í skólanum er einnig hugsunin að starfinu fylgi starf organista í Hofsprestakalli.
Laun eru skv. kjarasamningum F.Í.H.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður, Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri í síma 473-1300/896-1299.
Netfang: steini@vonafjardarhreppur.is

Umsóknum skal skila á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, 690 Vopnafjörður, eigi síðar en mánudaginn 26. júlí nk.

*Sveitarstjórinn Vopnafirði*

## Nemi í snyrtifræði

Snyrtistofan Garðatorgi leitar að góðum nema. Við gerum miklar kröfur en lofum í staðin topp vinnuaðstöðu, yndislegum viðskiptavinum og góðum starfsanda.

***Hlakka til að heyra frá ykkur, erna@object.is***

## Afgreiðslustarf

Álafoss óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu í verslun okkar frá og með 1. ágúst n.k. Enskukunnátta og góð þjónustulund skilyrði.

**Umsóknir með mynd sendist á addi@alafoss.is fyrir 26 Júlí.**

## the PIER

**The Pier leitar eftir lagermanni .**
**80-100% starf í boði fyrir réttan aðila.**

**Uppfyllir þú eftirfarandi skilyrði?**
- Reynsla af lagerstörfum
- Skipulögð vinnubrögð
- Sjálfstæði í starfi
- Snyrtimennska
- Stundvísi

Ef svo er þá hlökkum við til að heyra í þér!
Sendu umsókn á katrin@pier.is
Umsóknarfrestur til **25. júlí**

**Grafískur hönnuður, lítil auglýsingastofa eða einstaklingur með reynslu í gerð auglýsinga.**

Við leitum að samstarfsaðila til að vinna auglýsingar, skilti o.fl. með okkur.

**Óskum eftir tilboðum í verkefnin.**
- Blaðaauglýsingar
- Skilti (bannerar) úti og inni, stór og smá
- Bæklingar (flyerar)
- O.fl.

Frekari upplýsingar veitir Katrín, katrin@pier.is

## Framhaldsskólakennarar

**Við Menntaskólann í Kópavogi eru laus til umsóknar störf framhaldsskólakennara í eftirfarandi greinum á haustönn vegna forfalla og/eða tímabundinna viðbótarverkefna:**

| | |
|---|---|
| Eðlis og efnafræði | 1 staða |
| Danska | ½ staða |
| Stærðfræði | ½ staða |
| Tölvufræði | ½ staða |

Launakjör fara eftir kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnanasamningi MK. Nauðsynlegt er að hafa háskólapróf í viðkomandi kennslugrein og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi.

Umsóknarfrestur er til 6. ágúst. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteini auk yfirlits um fyrri störf. Umsóknir skal senda til skólameistara.

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu **www.mk.is**
Frekari upplýsingar um störfin veita skólameistari, Margrét Friðriksdóttir og aðstoðarskólameistari Helgi Kristjánsson í síma 594 4000, eftir 3 ágúst.

Skólameistari

## HEILSUSTOFNUN NLFÍ
GRÆNUMÖRK 10 • 810 HVERAGERÐI

### Yfirmatreiðslumaður óskast við Heilsustofnun NLFÍ

**Laust er til umsóknar starf yfirmatreiðslumanns við Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.**

**Lögð er áhersla á:**
- Þekkingu, reynslu og áhuga á framleiðslu og þróun grænmetisrétta.
- Hæfni í stjórnun og mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.

Æskilegt er að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar fást hjá Ingibjörgu Kjartansdóttur í síma 483 0300.

HNLFÍ er annars vegar almenn og sérhæfð endurhæfingarstofnun og hins vegar veitir hún hvíldar- og hressingardvöl. Stofnunin fylgir kenningum náttúrulækningamanna, að auka og efla þátt hugtakanna heilbrigði og heilsuvernd í umræðu og verkum en forðast kennisetningar sem ekki standast vísindalega gagnrýni.

Umsóknarfrestur er til 31. júlí 2010. Umsóknir með ferilskrá sendist til: **HNLFÍ - starfsmannastjóri, Grænumörk 10, 810 Hveragerði eða inga@hnlfi.is.**

Öllum umsóknum verður svarað.

## ÍSTAK

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



### VEGNA VERKEFNA ERLENDIS ÓSKAR ÍSTAK EFTIR AÐ RÁÐA Í EFTIRTALIN STÖRF:

### VÉLVIRKI / BIFVÉLAVIRKI

ÍSTAK óskar eftir að ráða vélvirkja, bifvélavirkja eða einstaklinga vana viðgerðum vinnuvéla og vörubíla. Í starfinu felst vinna við viðgerðir og viðhald véla og tækja á framkvæmdasvæðum fyrirtækisins erlendis.

Viðkomandi þurfa að hafa víðtæka reynslu af viðgerðum tækja og vinnuvéla.

### VÉLSTJÓRI Á EFNISFLUTNINGAPRAMMA

ÍSTAK óskar eftir að ráða vélstjóra á efnisflutningapramma. Um er að ræða vélstjórn á framkvæmdasvæðum fyrirtækisins erlendis.

**Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 400 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

## ILVA
einfaldlega betri kostur

## Viltu vera með?

### Grafískur hönnuður

Við leitum að hugmyndaríkum, öflugum einstaklingi í 60-70% starf í markaðsdeild fyrirtækisins. Tímabilið er í 7 mánuði frá september - mars.
Helstu verkefni eru:
· Hönnun og uppsetning auglýsinga
· Merkingar fyrir verslun
· Myndataka á vörum og vinnsla
· Annað tilfallandi
Umsækjandi þarf að hafa reynslu og þekkingu á InDesign, Photoshop og Illustrator. Einnig gott að hafa einhverja þekkingu á Navision.

### ILVA kaffi

Við leitum að þjónustuliprum einstaklingi til afgreiðslustarfa á ILVA kaffi. Leggjum áherslu á snyrtimennsku, reglusemi og metnað fyrir að skila árangri í starfi.
Vinnutími mánudaga - föstudaga 11:00 - 18:00, einnig vinna um helgar sé þess óskað.

**Við bjóðum glæsilegt vinnuumhverfi og góða starfsþjálfun. Áhugasamir geta sótt um á www.ILVA.is eða sent umsóknir á netfangið ilva@ilva.is**

HAMAR

## Rennismiður óskast til starfa

**Hamar ehf Vélaverkstæði.**

Hamar ehf, er framsækið málmiðnaðarfyrirtæki, með aðsetur í Kópavogi, Grundartanga, Akureyri, Eskifirði og Þórshöfn. Við erum með vel útbúin vélaverkstæði með góðri vinnaðstöðu. Eitt af Okkar fremstu markmiðum eru að hafa góðan anda á vinnustaðunum, skila góðu verki og þjónustu.

Við leitum eftir rennismið á renniverkstæði okkar í Kópavogi þar sem vinnsla fyrir önnur verkstæði fer fram. Verkstæðið er vel tækjum búið með CNC vélum, verkefnin eru mjög fjöbreytt og krefjandi. Samkeppnishæf laun í boði.

**Menntun og Hæfniskröfur:**

- Sveinspróf í rennismíði eða sambærileg menntun.
- Heiðarleiki og metnaður til að skila góðu verki.
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt hugarfar.
- Frumkvæði, dugnaður og áhugi á að takast á við fjölbreyt starf og krefjandi verkefni.
- Ögud, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

**Frekari upplýsingar veitir Sigurður K. Lárusson Siggil@hamar.is 6603613 eða Kári Pálsson kari@hamar.is 6603600**

TE & KAFFI

## Starfsfólk óskast

**Te og kaffi leitar að eftirfarandi:**
Öflugum og ábyrgu verslunarstjóra í verslun okkar og kaffihús á Laugavegi

Duglegu fólki til sölu- og þjónustustarfa á kaffihús og í verslun.

**Við leitum að fólki sem elskar te og kaffi!**

Umsóknir og fyrirspurnir óskast sendar á dori@teogkaffi.is

HOTEL ÓÐINSVÉ

## Starfsmaður í móttöku

Fjölbreytt og skemmtilegt starf á líflegum vinnustað.

**Óskum eftir að ráða starfsmann á dag- og næturvaktir. Um er að ræða bæði hlutastarf og fullt starf.**

Umsækjandi þarf að hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun, ríka þjónustulund, góða tölvukunnáttu og hafa gott vald á ensku og helst einu öðru tungumáli.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Umsóknir, ásamt ferilskrá, sendist fyrir **31. júlí nk.** á Hótel Óðinsvé, Óðinstorgi, 101 Reykjavík, eða á mottaka@odinsve.is, merkt starfsumsókn.

## Grindavíkurkirkja - Organisti

Grindavíkurkirkja auglýsir eftir organista í 60-70% stöðu frá og með 1. október 2010. Starf organista felst m.a. í því að sjá um tónlist í helgihaldi ásamt öðru tónlistar- og kórastarfi kirkjunnar.

Í Grindavíkurkirkju er nýtt 25 radda pípuorgel smíðað af Björgvini Tómassyni orgelsmið. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hljómlistarmanna, FÍO/Organistadeildar FÍH.

Umsóknarfrestur er til 10. ágúst. Öllum umsóknum verður svarað.

Upplýsingar gefa Elínborg Gísladóttir sóknarprestur, netfang: srelinborg@simnet.is sími: 696-3684 og Guðmunda Kristjánsdóttir formaður sóknarnefndar, netfang: gudmunda.kristjans@bifrost.is sími: 820-2778.

Grindavík er 2850 manna bær sem byggir afkomu sína á traustum sjávarútvegsfyrirtækjum. Grindavík er vinalegur og fjölskylduvænn bær með traustum stoðum og hefur að leiðarljósi að styðja við bakið á fjölskyldunni. www.grindavik.is

EFTA COURT

## STARFSÞJÁLFUN HJÁ EFTA-DÓMSTÓLNUM.

Við EFTA-dómstólinn er laus til umsóknar þjálfunarstaða lögfræðings til þriggja mánaða frá tímabilinu 15. september til 20. desember 2010, með möguleika á framlengingu til þriggja mánaða frá janúar til mars 2011. Lögfræðingurinn mun hafa með höndum rannsóknar- og greiningarvinnu í tengslum við þau mál sem dómstóllinn hefur til meðferðar, ritun minnisblaða, textarýni og eftir atvikum önnur verkefni. Upplýsingar um mál sem þingfest hafa verið hjá dómstólnum og bíða málflutnings er að finna á heimasíðu dómstólsins, www.eftacourt.int.

Umsækjendur skulu hafa lokið eða ljúka á þessu ári fullnaðarprófi í lögfræði með kandidats- eða meistaraprófi frá íslenskum háskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum háskóla. Krafist er góðrar samstarfshæfni af umsækjendum, auk þess sem þeir skulu hafa gott vald á íslensku og ensku, bæði í rituðu sem töluðu máli. Enn fremur er æskilegt að umsækjendur hafi lagt stund á Evrópurétt/EES-rétt í námi sínu.

**Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2010.**

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi á netfangið Hrafnhildur.eyjolfsdottir@eftacourt.int. Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni ferilskrá á ensku og vottorð um námsferil, ásamt nöfnum tveggja meðmælenda. Um laun og önnur starfskjör fer eftir reglum EFTA-dómstólsins.

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti umboðsmanns skuldara auglýsir eftirtalin störf laus til umsóknar

### Yfirlögfræðingur

**Meðal verkefna** eru lögfræðiráðgjöf til starfsmanna varðandi úrvinnslu erinda, mótun verkefna umboðsmanns skuldara, ábyrgð á því að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við lög og reglur, samningagerð og lögfræðileg ráðgjöf við yfirstjórn.

**Hæfniskröfur** eru embættispróf eða meistarapróf í lögfræði og að minnsta kosti 5-7 ára starfsreynsla á sviði lögfræði. Áhersla er lögð á skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfni í mannlegum samskiptum.

### Rekstrarstjóri

**Helstu verkefni** eru umsýsla fjármála, gerð og eftirfylgni rekstraráætlana og umsjón með starfsmanna- og launamálum. Rekstrarstjóri hefur jafnframt umsjón með árangursstjórnun og gæðamálum auk þess að taka þátt í stefnumótun ásamt öðrum þeim verkefnum sem lúta að rekstri stofnunarinnar.

**Hæfniskröfur** eru háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi, þekking og reynsla af fjármálum, stjórnun og rekstri. Reynsla af starfsmanna- og launamálum, sem og reynsla og/eða þekking á upplýsingakerfum ríkisins á sviði fjármála- og starfsmannamála. Mikilvægt er að viðkomandi hafi þekkingu á opinberum rekstri og stjórnsýslu. Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfni í mannlegum samskiptum.

### Sérfræðingur á sviði kynningar- og fræðslumála

**Meðal verkefna** eru kynningar- og markaðsmál, almannatengsl, umsjón með innri og ytri vef, auk þess umsjón með fræðslu til almennings og starfsmanna.

**Hæfniskröfur** eru háskólamenntun sem nýtist í starfi, reynsla af fjölmiðlun, markaðsmálum eða fræðslustörfum, góð íslenskukunnátta auk reynslu af vefumsjón. Áhersla er lögð á skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

### Sérfræðingur á sviði upplýsingatækni og rafrænnar stjórnsýslu

**Meðal verkefna** eru tölvu- og upplýsingatæknimál, rafræn stjórnsýsla, mótun verkferla, m.a. með hliðsjón af nýtingu upplýsingatækni og ráðgjöf til starfsmanna.

**Hæfniskröfur** eru háskólamenntun sem nýtist í starfi, reynsla af upplýsingatækni og rafrænni stjórnsýslu, sem og af mótun verkferla auk reynslu af verkefna- og gæðastjórnun. Áhersla er lögð á skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfni í mannlegum samskiptum.

**ATH. umsóknarfrestur hefur verið framlengdur**, umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, prófgögn og fyrri störf skulu berast til STRÁ MRI, netfangið: stra@stra.is eigi síðar en 3. ágúst nk. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störfin. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ MRI,** veitir nánari upplýsingar um störfin í síma 588 3031, sjá nánar **www.stra.is**.

**Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem tekur til starfa 1. ágúst nk. Stofnunin heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra og skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara sem kveðið er á um í lögum.**

STRÁ MRI WORLDWIDE

# Verkefnastjóri á dagskrársviði



## - 365 miðlar óska eftir að ráða einstakling með ódrepandi áhuga á fjölmiðlum og afþreyingarefni, sem verkefnastjóra á dagskrársviði.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Umsjón með Stöð 2 Fjölvarpi, erlendum rásum 365 miðla
- Samskipti við erlenda birgja
- Verkefnastjórnun
- Ábyrgð á upplýsingagjöf um dagskrá
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Sótt er um á vef 365 miðla, http://365midlar.is/storf-hja-365. Umsóknarfrestur er til 6. ágúst.**

365

## Ritari óskast 1/2 daginn

Rótgróin fasteignamiðlun leitar að ritara til starfa frá kl.13-17 virka daga. Starfið felst í afgreiðslu viðskiptavina, símsvörun, skjalavinnslu og almennum ritarastörfum. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa góða þjónustulund, vera stundvís og geta hafið störf sem fyrst.

**Áhugasamir sendið inn umsókn til augl. deild Fréttablaðsins, á netfangið box@frett.is merkt "ritari12"**

## Sölustarf

**Starfmaður óskast í 100% starf í skemmtilegu og ört vaxandi fyrirtæki sem sérhæfir sig í leikföngum, fatnaði, fylgihlutum og ýmsu sem tengist börnum.**

**Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, geta unnið sjálfstætt og eiga auðvelt með að takast á við ný og spennandi verkefni. Reynsla af sölustörfum æskileg.**

**Umsóknir sendist á netfangið geh@geh.is fyrir 28. júlí.**

## STARFSFÓLK ÓSKAST

Fyrirtæki á höfuðborgasvæðinu óskar eftir starfsfólki í kynningar/hlutastarf, fyrir vel þekkt snyrtivörumerki. Viðkomandi þarf að vera snyrtilegur, jákvæður og þjónustulundaður. Æskilegt er að þekking og áhugi á snyrtivörum sé fyrir hendi.

**Vinsamlegast sendið inn umsókn til Fréttablaðsins á netfangið box@frett.is merkt "kynningar" fyrir 29. júlí.**

## GOTTKORT

**leitar af skemmtilegu og metnaðarfullu fólki í vinnu í símarverið okkar.**

***Góð laun í boði fyrir fyrir rétta fólkið.***

**Umsóknir sendist á simaver@gottkort.is**

## MIÐSTRÆTI



## VILTU KOMA HREYFINGU Á HLUTINA?

Vegna mikilla anna óskar Miðstræti eftir að ráða færan „motion-grafíker" til starfa sem fyrst. Viðkomandi þarf að hafa mikla reynslu í faginu, vera hugmyndaríkur, búa yfir ríkri þjónustulund og geta bæði unnið sjálfstætt og í hópi. Miðstræti sérhæfir sig í framleiðslu á grafískum hreyfimyndum, bæði í tví- og þrívídd og felur starfið því í sér almenna hreyfimyndagerð, CG-Effect og videovinnslu.

**Viðkomandi þarf að hafa mikla reynslu í einu eða fleiri af eftirfarandi:**

☐2D motion-grafík ☐3D modeling ☐3D texturing
☐3D character animation ☐3DstudioMAX
☐Maya ☐Blender ☐Z-Brush ☐AfterEffects

Ef þú hefur mikla reynslu og brennandi áhuga á skemmtilegum og krefjandi verkefnum þá viljum við heyra frá þér því það eru spennandi tímar framundan. Miðstræti vinnur fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum Íslands og verkefni okkar ná líka langt út fyrir landsteinana.

**Showreel og upplýsingar sendist á atvinna@midstraeti.is fyrir 10. ágúst.**

## Tilkynningar

## BYGGINGAR- OG VERKTAKA-FYRIRTÆKI ATHUGIÐ

Traustir aðilar með mikla reynslu af rekstri fyrirtækja í byggingariðnaði óska eftir að yfirtaka rekstur byggingar- og verktakafyrirtækja með það að markmiði að endurskipuleggja og reka áfram lífvænlega einingar fyrirtækjanna. Fullum trúnaði heitið

**Upplýsingar um fyrirtæki og tillögur sendist á rekstur@live.com**

Múr & Mál
Múr- og Málningarþjónustan Höfn ehf

**Getum bætt við okkur málningar og múrviðgerðarverkefnum í ágúst-okt nk.**

Upplýsingar í síma 587 5100 og á netfang okkar murogmal@murogmal.is

Múr og mál er stofnað 1982, og er leiðandi fyrirtæki í viðhaldi fasteigna.

## Til sölu

FLÓAHREPPUR

## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í FLÓAHREPPI

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. er niðurstaða sveitarstjórnar Flóahrepps um aðalskipulag í sveitarfélaginu hér með auglýst.

**Aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi.**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti þann 7. júlí 2010 tillögu að aðalskipulagi Flóahrepps í fyrrum Villingaholtshreppi ásamt greinargerð og skýringaruppdráttum af byggð, samgöngum, landbúnaði og verndarsvæði.

Tillagan var auglýst frá 8. apríl - 21. maí 2010 og frestur til að skila inn athugasemdum var til 21. maí 2010. Alls bárust 86 athugasemdir við tillöguna. Þeir aðilar sem gerðu athugasemdir við tillöguna munu fá senda umsögn sveitarstjórnar.

Tillagan er nú í vinnslu samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Þeir sem óska eftir frekari upplýsingum geta snúið sér til skrifstofu Flóahrepps eða til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

Margrét Sigurðardóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps

## Til leigu

### Veisluleldhús -Matvælavinnsla

Til leigu 250 fm húsnæði í Reykjavík vel tækjum búið. Hentar vel undir allar tegundir matvælaiðnaðar. **Uppl. í s. 822 8833.**

## Til sölu

### STOÐ PALLALEIGA ehf

STOÐ PALLALEIGA

**Vorum að fá nýja sendingu af frábærum inni og útipöllum. Ganga við ALTREX palla, en á 25% lægra verði. Komið og kíkið við og tryggið ykkur góða palla á góðu verði.**

**Verðdæmi:** Samanbrjótanlegur innipallur á kr. 89.000 m/vsk.

Nánari upplýsingar í síma 571-0600 og á pallaleiga@pallaleiga.is

### TIL SÖLU

**Til sölu eru neðantaldar trésmíðavélar úr sérhæfðri gluggaverksmiðju:**

1. **Windor 40R tölvustýrð gluggavinnsluvél frá SCM, árg. 2005**
2. **Oleosystem límpressa (180 x 300 cm), árg. 2005**
3. **SCM D110 borðfræsari, árg. 2005**
4. **PS15 skrúfuloftpressa, árg. 2000**
5. **Lakkdæla, árg. 2005**

**Einnig er til sölu 530,6 m2 fasteign í Mosfellsbæ, sem verksmiðjan er staðsett í.**

Eignalisti verður afhenntur, þeim sem þess óska, frá og með mánudeginum 26. júlí nk. Tæki og aðrar eignir verða til sýnis daganna 26. til 28. júlí frá kl. 17:00 til 20:00. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband í síma 864 8830 eða birnijons@gmail.com til að fá sölugögn og bóka tíma.

Óskað er eftir tilboðum í allar eignir eða stakar eignir. Seljandi áskilur sér rétt til að láta tilboð í allar eignir ganga fyrir tilboðum í stakar eignir. Eignir verða seldar í því ástandi sem þær eru og kaupandi hefur kynnt sér.

Tilboð skal senda á ofangreint netfang eða afhendast skv. samkomulagi þar um fyrir kl. 12.00 fimmtudaginn 29. júlí 2010. Tilboðsupphæð skal vera með virðisaukaskatti og miðast við staðgreiðslu.

*Seljandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.*

## Útboð

### ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Austurbæjarskóli, viðgerð á gluggum og steypu á vesturhlið.***

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 3.000 frá kl. 13:00 miðvikudaginn 28. júlí 2010 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða 10. ágúst 2010 kl. 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12480
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

### ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Lækjargata 2010 - forgangur strætó.***
Útboðsgögn á geisladiski fast í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 6. ágúst 2010 kl. 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12481
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

*www.hafnarfjordur.is*

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### ÚTBOÐ

**Ræsting 32 stofnanir**

Innkaupadeild Hafnarfjarðarbæjar óskar eftir tilboðum í ræstingar í 32 stofnanir Hafnarfjarðarbæjar

Verkefnið fellst í að ræsta, leggja til allar hreinlætisvörur og sjá um áfyllingar á þeim.

Samningstíminn er 4 ár.

Útboðsgögn eru aðgengileg á www.hafnarfjordur.is

Tilboðum skal skila að Strandgötu 6, eigi síðar en kl. 11:00, 9. september 2010 í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar, þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Innkaupastjóri Hafnarfjarðarbæjar

### LAUGAVEGUR 164 OG 166 ENDURBÆTUR Á 1. HÆÐ ÚTBOÐ NR. 14914

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd Fasteigna ríkissjóðs, óskar eftir tilboðum í verkið: Laugavegur 164 og 166 1. hæð – endurbætur innanhúss. Um er að ræða endurbætur innanhúss á húsnæði RSK, Laugavegi 164 og 166. Verkið fellst aðallega í rifi á gólfefnum, veggjum og loftum og smíði nýrra veggja ásamt frágangi nýrra lofta og gólfefna, glerveggjum og innihurðum. Einnig er verið að breyta og endurnýja loftræsilagnir og raflagnir. Verkið skal vinna í tveimur áföngum, fyrst Laugaveg 164 og síðan Laugaveg 166.

**Helstu magntölur eru:**
- Niðurrif veggja 170 m², niðurrif lofta 285 m², rif gólfefna 285 m²
- Nýir gifsveggir og klæðningar 284 m², málun 1.235 m²
- Loftakerfi og loftaklæðningar 449 m², glerinnveggir og hurðir 120 m²
- Gólfefni 515 m²
- Loftræsikerfi, blikk 262 kg og 170 lm af stokkum.
- Lampar, neyðarljós og útiljós 161 stk.
- Brunastrengir 600 lm.

Vettvangsskoðun verður haldin 5. ágúst 2010, kl. 13:00 að viðstöddum fulltrúa verkkaupa.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 1. desember 2010.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá **Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík** og hjá **Fasteignum ríkissjóðs, Borgartúni 7A, 105 Reykjavík** frá og með þriðjudeginum 27. júlí 2010, kl 12:00.

Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 16. ágúst 2010, kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

### ÚTBOÐSGÖGN / ÚTTEKTIR

**Er húsið þitt í góðu viðhaldi?**

Gerum úttektir og útboðsgögn fyrir kr. 60.000. Innifalið er magntaka á húsinu af teikningum, úttekt á húsinu á staðnum og verklýsingar.

Tilboð í verkið fylgir gögnunum ásamt óútfylltum gögnum sem nota má sem útboð fyrir aðra verktaka.

Endurgreiðum kr. 60.000 ef tilboði okkar er tekið í verkið.

**Hver annast úttektina?** Byggingafræðingur BFÍ sem er sérhæfður í viðhaldi fasteigna annast úttektina.

Nýttu tækifærið og láttu taka út fasteignina þína fyrir hóflegt verð.

Öll okkar fyrri verk og þau verk sem eru í gangi má skoða á **www.murogmal.is**

Upplýsingar í síma 587 5100 og á netfang okkar murogmal@murogmal.is

Múr & Mál

### ÚTBOÐ

F.h. Atlantsolíu ehf. óskum við tilboða í verkið:

Sjálfsafgreiðslustöð Atlantsolíu

Gleráreyrar 1 Akureyri

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Gröftur | 400 m³ |
| Fylling | 300 m³ |
| Forsteypt plön | 4 stk. |
| Malbikun | 350 m² |

Útboðsgögn, á rafrænu formi, verða afhent án greiðslu frá kl. 10.00 mánudaginn 26 júlí 2010. Beiðni um útboðsgögn skal senda á netfangið mannvit@mannvit.is

**Opnun tilboða verður miðvikudaginn 11. ágúst 2010 kl. 11.00 á skrifstofu Mannvits, Grensásvegi 1, Reykjavík.**

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Mannvit hf. | Grensásvegi 1 | 108 Reykjavík | Sími: 422 3000 | www.mannvit.is

### HÖFÐATORG. GLUGGAÞRIF

Rekstrarfélag H1 ehf. óskar eftir tilboðum í gluggaþrif á Turninum á Höfðatorgi.

Verkið felst í þrifum á gluggakerfi Turnsins, lágbyggingu og tengibyggingu utanhúss auk þrifa á gleri og gluggapóstum innanhúss í sameiginlegum rýmum.

Gerður verður samningur við verktaka til eins árs með möguleika á framlengingu til 3 - 5 ára.



**Helstu magntölur gluggakerfis utanhúss eru:**

| | |
|---|---|
| Turninn ásamt lágbyggingu | 10.500 m2 |
| Tengibygging | 750 m2 |

Gert er ráð fyrir að fyrstu gluggaþrif eigi sér stað í viku 33, 2010.

Útboðsgögn fást afhent á skrifstofu Rekstrarfélags H1 ehf., Skúlagötu 63, Reykjavík frá og með miðvikudeginum 28. júlí 2010. Einnig er hægt að óska eftir gögnum á rafrænu formi með því að senda á netfangið heiddis@eykt.is.

Tilboð verða opnuð á 19. hæð í Turninum, Höfðatúni 2, Reykjavík, fimmtudaginn 5. ágúst 2010, kl. 14:00.

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílamarkaðurinn

PALOMINO VANGUARD MUSTANG 14FET . Árgerð 2006, Verð 1.900.000. skoðar skipti

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílalíf.is
Bilasala Matthíasar



**TILBOÐ 3.990.000.-**
LEXUS IS 250 SPORT. Árgerð 2007, ekinn aðeins 59 Þ.km.EINN MEÐ ÖLLU .Verð 5.590.000. Rnr.242799.Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Kletthals 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

BÍLALIND.IS



A-LINER SOFA BED DL. 03/2008, sólasella - upphækkað - nýjir loftpúðar - útisturta ofl. Frábært verð 1.970.000. #281942 Húsið er á staðnum og er mjög lítið notað. Lokað laugardag, sími sölumanns 771-8900.

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

Bílasalan.is
S: 565 2500

Tökum allar gerðir af hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum á staðinn.
Minnum á nýja verðskrá lang ódýrustu sölulaunin á landinu!!

Auglýsum nýja verðskrá lámarkssölulaun 17.900.- og allir bílar á staðnum á sér kjörum hámarkssölulaun 60.000.- sama hvað bíllinn þinn kostar
Viljum bjóða alla velkomna

**Bílasalan.is**
**Nethyl 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 565-2500**
**www.bilasalan.is**

bíll.is
bestir í bílum...



TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD. Árgerð 2003, ekinn 109 þ.km, Sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.151915



Gullfallegur M.BENZ CLK COUPE 500. Árgerð 2005, ekinn aðeins 21 þ.km, Sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.132567



BÁTUR 18 FET ÁSAMT 135 HÖ MERCURY MOTOR + KERRA. Árgerð 2007, ekinn 35 klst. allur ný yfirfarinn! Verð 3.900.000. Rnr.151920

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

100 bílar.is bílasala



Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla, hjólhýsa, fellihýsa, pallhýsa oþh. á skrá, Skráið frítt hjá okkur, Sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Toyota Avensis 2006 sjálfskiptur ekinn aðeins 42þús nýlegar álfelgur og dekk einstaklega vel með farinn bill gott verð 2.290.00 uppl síma 822 1974.



Til sölu Kia Carnival skr. 04/2002, disel turbo intercooler, ekinn 83þ.km. 7 manna, ný tímareim, dráttarbeisli, sóllúga og margt fl. nýskoðaður 2011, ásett 990þ.kr. Upplýsingar í síma 894 0956.




TILBOÐ: Toyota Tacoma 4x4 Doublecab. Sýningareintak með 2ja milljón króna afslætti. Vel búinn með dráttarbeisli, ljóskösturum, leðuráklæði, lituðu gleri, geislaspilara, fjarstýrðum samlæsingum, og rafmagni í öllu. Útvegum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá öllum helstu framleiðendum á betri verðum. Fáðu verðtilboð á netinu eða símleiðis. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus automunda.com Sími 5522000.



Nissan Almera ,00 árg. Flottur bíll með 6 diska magasíni, nýlegum heilsársdekkjum og í góðu standi. V. 350 þ. S. 660 0360.



Til sölu Yaris T-sport, 2007, ek 37xxx, xenon, 17"álfelgur, 1.8L. Viktor s. 898-3523.



Breyttu heimilisbílnum í ferðabíl. Stórsniðug tjöld á toppinn á bílinn. Passar á flesta bíla. Tvær gerðir. Stigi, dýna og ljós fylgir með. Tilboðsverð, -frá kr. 230.000,- Sýningartjöld í Rofabæ 9, sími 5787860. Happy Campers.



Til sölu Toyota Corolla Touring Sol 1800 4X4 árg. 5-2001. Ekinn aðeins 108 þ. Ný tímareim. Nýskoðaður. V. 840 þ. Uppl. í S 843 9747.



Til sölu Toyota Land Cruiser 90, árg. 99. Breyttur 35", ekinn 186þús. km. Sk. 11" V. 1850þ. Uppl. í s. 899 0427



**KÆLIBÍLL**
Renault Master nýskráður 20.08.2004 með kæli Skoðaður 2011. Ekinn 137.000 Verð 1990.000 áhvílandi um 700 ath öll skipti t.d stærri sendibíll, hjól eða vélsleða. upplýsingar í síma 693-5053.



Sport pakki til sölu Ford Escape 04 (2,3 ltr) + Humber bátur m/ 70 hp Johnson. Skoða skipti á jeppa, Dakar hjóli ofl. Sími 6183074

Opel Vectra árg' 00 skoðaður 11' smá gang truflanir fæst ÓDÝRT tilvað fyrir handlagna verð 250þ. uppl: 8600744

**Lítið ekinn RAV 4**
Til sölu lítið ekinn Rav 4 árg. ,06 (m. dráttarkrók) steingrár ek. 32þ. km. Ásett verð 3.090þ. Fæst 2.700þ. staðgreitt. Uppl. í s. 856 2701.

Til sölu Toyota corolla station 1,6 bs árg 02 ekinn 104þús góður bíll v.1.050.000. uppl. 695 6622.

Ódýr góður Suzuki Vitara árg. ,99 fæst fyrir lítið. Uppl. í S 898 3461

Til sölu Yaris Sol 1300 árg. ,07 ek. 42þ. km. sumar og vetar dekk fylgja lækkað verð. Uppl. í s. 867 5870.

Lancer Station 4x4 ,99 Ný skoðaður ,11. V. 250 þ. Uppl. í s. 893 7389 eða agv@centrum.is

**BMW til sölu**
BMW 320D Station árg. ,03, ek. 240 þ. Biluð vél. Tilboð óskast yfir milljón, allt ath. S. 847 1448 og 421 3375.

## 0-250 þús.

250þus staðgreitt carisma árg. 98 ekinn aðeins 136þus góður ,bill með pottþétta smurbok nýleg dekk og fór án athugasemda í gegnum skoðum des 09. uppl. í síma 820 2494

## 250-499 þús.



BMW 316ti ekinn 174þ, bsk, nýsmurður,11 skoðun, hálf leðraður mtech, S:659 7506



Opel Zafira árg 2000 ek.170.000 ný skoðaður,nýr krókur,nýl.tímareim,púst,bremsur,álfelgur,bill í topp standi. Verð 490.000 kr. Uppl.8683886



Nissan Terrano 95. Ekinn 167 þkm. Skoðun 2010. Vel með farinn eins eiganda bíll. Verð 333 þkr. Sími 860 0608.

Suzuki Baleno 01 (400þ.) og Vitara 97. (290 þ.) Skoðaðir 11. Uppl í s. 617 7791.

MERCEDES-BENS 190E árgerð 1993 ekinn aðeins 160 þús. km. litur vel út, Verð aðeins 350 Þús. uppl. í síma 8216601

## 500-999 þús.



Volvo Amazon árg 1965.Ekinn 65þús. km Skoð 12 í topp standi! Tilbúinn á rúntinn, hvert á land sem er. Einstakt eintak. Verð 850.þú. sími 7733883



Galloper ,00, ekinn aðeins 157þús. km, 5 dyra, beinskiptur, diesel, cd, ný skoðaður. Verð aðeins kr. 550.000,- skoða skipti. Uppl. í síma 824 8686.



Til sölu Camp-let concorde tjaldvagn árg. 2005 (haust). Vagninn er rúmgóður og mjög vel með farinn og lítið notaður. Með eldhúsi, vaski og eldavél með þremur gashellum. Er með yfirbreiðslu, mottu fyrir fortjald og kassa á beisli fyrir gaskúta. Verð 900 þús, Upplýsingar í síma 431 1404 eða 894 9964.

## 1-2 milljónir



Toyota Corolla ,06 Bsk., 1400, skoðun ,11. Mjög gott eintak. Ekkert áhvílandi! S. 867 6106.



**TILBOÐ 1.850.000.-**
CHRYSLER GRAND VOYAGER. Árgerð 2005, ekinn 108 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. ATH. Vél 2.4 minni eyðsla. Mjög Fallegur Bíll. Verð 2.290.000. á tilboði 1.850.000 staðgreitt. ath. skipti. uppl. í.s:691 8440



Landcruiser 90 vx árg. 97 8 manna beinskiptur 33" dekk dráttarkrókur, ek. 230 þús. Heilmáluður 2010, 210 þús þjónustuskoðun, Ný tímareim, bremsur, demparar, kúpling ofl. Sparneytinn dekurbíll. verð 1600 þús. uppl. 698 5059.



VW Golf ,06 árg. 5 dyra, ek. 59 þús. Sóllúga, álfelgur, DVD, sportpakki. Verð. 1850 þús. Gsm: 693 1150.

## 2 milljónir +



Skoda Octavia Ambiente TDI Árg. ,07 ek. 60.000. Dökkgrár. Dísel. SSK, Spoiler. Ásett verð 2.8m. Tilb.2.6m. Áhv. 1.580þ. Gott íslenskt lán. Afb. u.þ.b. 37.þ. á mán. Nánari uppl. í S 867-0167. Engin skipti!



Til sölu. M.Benz c230 kompressior sport, árg 2002. fluttir inn 2005. ekinn 143þús. verð 2.300.þús. uppl í síma 8470917 Trggvi



Nissan árg. ,07 ek. 49 þús. km. Silfurgrár vel með farinn Xtrail til sölu. Sjálfskiptur með topplúgu. Uppl. í s: 8990171



Nissan árg. ,07 ek. 49 þús. km. Silfurgrár vel með farinn Xtrail til sölu á 3 millj. Sjálfsk. og með topplúgu. Uppl. í s: 8990171




TILBOÐ: Toyota Highlander glæsilegur fjórhjóladrifinn lúxusbíll með sparneytinni HYBRID vél, notar um 40% minna eldsneyti en Toyota Landcruiser og sambærilegir bílar. Gríptu sýningareintak með 3ja milljón króna afslætti. Útvegum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá öllum helstu framleiðendum á betri verðum. Fáðu verðtilboð á netinu eða símleiðis. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus automunda.com Sími 5522000



**Flottur bíll**
BMW M5 árgerð 2001 Ek. aðeins 98.000 km, 400 hö, sko 2011 18" felgur, leður, filmur, stór skjár, flottur bíll. Ásett verð 3.390 þús, áhvílandi Ca 700 þús, ATH SKIPTI í hjól eða bíl. Uppl. í s. 693 5053.

## Bílar óskast

Vill kaupa bíl á ca. 30-150 þús. Má þarfnast viðgerðar. S. 896 6744.

**Corolla, Yaris eða Avensis óskast**
Árg. 1998-2001 fyrir 150-350 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821-2545

**!!! 0-200þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

**!!! ÓSKA EFTIR BÍL !!!**
Á allt að 250þúsund stgr. má þarfnast lagfæringa uppl. s. 777-3077.

## Jeppar



Til sölu Ford Explorer árgerð 2000 keyrður 190 þ. km Innfluttur 2005. Ásett verð 900.þkr upplýsingar í síma 8206274



Durango-gott viðhald. Árg'04 Ek:149þús 33". V2,3M en tilb óskast. Ekkert áhv S:8995841/btb@byko.is



**!!! 1400þús afsláttur**
Subaru Forrester Plus Ekinn 4 þúsund , sjálfskiptur Fjórhjóladrifinn , dráttarbeysli Og margt fleira , verð 4.9 milljónir Lánamöguleikar í boði , skoða skipti Uppl. s. 777-3077.

## Fornbílar



Einn glæsilegast fornbíll landsins Pontiac Star chief árg. 1957 er til sölu. Óskað er eftir tilboðum í gripinn. Allar nánari uppl. í síma 690-6216.



Tilboð óskast í NOVA „64 án vélar og skiptingar GSM 6643353 eða gessigassi@hotmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS Nýja-sendibílastöðin

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hópferðabílar



Sprinter 518 árg07 ek105þkm 17 farþ sjálfsk. cruise contr. loftkæling tilboð uppl 8205750

## Vörubílar



Eigum á lager Volvo FM 8x4 vörubíl með grjótpalli. Bíllinn er 400 hestöfl búinn daghúsi, sjálfskiptum gírkassa I-Shift, parabelfjöðrum að framan og aftan, nafdrifum og Volvo engine brake. Pallurinn er úr 8 mm Hardox 400 í botni, 6 mm Hardox 400 í hliðum, lengd 6 m, hliðar 1 m, pallur ber um 14,3 m3, glussaopnun á 400 mm gaflloku. Hafðu strax samband við söluráðgjafa í síma 893 4315 eða 899 3717. Brimborg ehf. Bíldshöfða 6. Reykjavík.



Scania 110 74 e. 450 Krani. 18tm. Þarfn. lagf. Ath skipti. 8694272 og karelraf@gmail.com

## Húsbílar



VW TRANSPORTER HÚSBÍLL (RÚGBRAUÐ) ÁRGERÐ 1980 TIL SÖLU. Bíllinn er ekinn 68 þús. km, ný skoðaður. Bíllinn er innréttur m./ ísskáp, gashellum, vask og upphækkanlegum topp. Bíllinn hefur einungis verið á götunum í 2 til 3 mánuði á ári. Algjör gullmoli og í toppstandi. Bíllinn er fornbíll = engin bifreiðargjöld! VERÐ: 650þ. UPPL. Í S. 660 0704 & 691 8188.




Álbox fyrir ferðabíla KE Málmsmíði, Axarhöfða 18. S. 587 0626 & 696 3522. www.ke.is



Fiat Ducato ,04 með öllum aukahlutum. ek. 31 þ. til sölu. V. 4,9 m. Uppl. í s. 669 8382.

## Mótorhjól

Motor sport



**RAFMAGNSVESPUR**
Engar tryggingar, ekkert bensín, ekkert próf. Erum nýbúnir að fá rafmagnsvespur í 4 litum. keyrir 70-90km. á hleðslu þjófavörn með hverri vespu sjón er sögu ríkari

***Mótorsport ehf***
***Síðumúla 34, 108 Reykjavík***
***Sími: 567 1040***
***Öll viðgerðarþjónusta á staðnum***



Kavasaki KXF250 árg 2007 ek 40 tíma verð 580.000 . upplysingar í 8255630



Suzuki Gs 750 árg ,85 Ásett verð er 350þ. S:6931885



Til sölu Honda Valkyrie Rune, árg. 2005, ekið aðeins 3þ. km, einn eigandi, fallegasta hjól landsinns, uppl. í s: 892 1116.



Husaberg FE 450 árg ,08 götuskráð. Nýskr í mars ,09. Einstaklega vel með farið! Aðeins ekið sem ferðahjóli. Ek 35 klst. S 695 7959



Honda 600 CB Hornet 07. Gullmoli, ekið 2þús. Skoða skipti. Uppl. í síma 840-5088

## Vespur



Kínversk vespa Jonway City Runner árg.'09 125cc til sölu. Ek. 1.940 km. Verð 300þ. Á 16" dekkjum. Tilboð óskast. S. 898 2820.




50 cc Ximling vespa til sölu á 100 þ. ekin 140 km. Nánari uppl í síma 856 6736.

## Fjórhjól



Mikið úrval aukahluta fyrir fjórhjól og vélsleða. Msport hefur opnað verslun að Auðbrekku 10, kóp. Opið 17:30 - 20:00 alla virka daga. www.msport.is

Til sölu Suzuki King Quat 700 ,07. Ek. 5þ. Clutchkitt, tölvukubbur, 26" dekk, 2stk bensínbrúsar. ATH. að taka endurohjól upp í. Uppl. í S. 696 1597.

## Kerrur



Yfirbyggð með sérsaklega góðri grind. bremsuljós,15" dekk,lengd 181 cm breidd 129 cm hæð 82,5 Verð 300.þús hringja eftir kl 15:00 Í síma 517 8777.



HUMBAUR álkerrur. 13" dekk. Verð frá 165.000 kr. www.topplausnir.is Lyngás 8, Garðabæ s: 898-7126

## Hjólhýsi



Til sölu Polar 590 2008 kom á götuna 2009. Svefnpláss fyrir 4 fullorðna og 2 börn - ein koja - hjónarúm - ísskápur - aldia kerfi - sólarsella - 2 stk rafgeimar - klósett - sturta - 19" sjónvarp - dvd - útvarp - bakarofn - vínkælir - Markísa með hliðum o.f.l.uppl:892 2530.



Til sölu Polar 590 koju hjólhýsi gerð árg. ,07. V. 4.9m eða tilboð. Uppl. í s. 842 6000 eða bennipip@simnet.is



Til sölu hjólhýsi Vel með farið. Tilboð óskast uppl. í síma 824 4043, Óskar.



HJÓLHÝSI Á LAUGARVATNI - TILBOÐ - SKIPTI Til sölu Hobby 540 árg 2006 með stórum palli og geymsluskúr. Skoðum allskonar skipti eða afslátt. Uppl í síma 8257245 og 6900620

## Fellihýsi



Mjög gott 10 feta Rockwood, árg. 05. Hiti í dýnum ofl. V. 1300 þús. s. 856-6431




Álbox fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla. KE Málmsmíði, Axarhöfða 18. S. 587 0626 & 696 3522. www.ke.is



A-liner fellihýsi árg. ,05 til sölu. Upphækkað, sólarsella, 2 gask. Lítið notað. V. 1800 þ. staðgr. Uppl. í S. 861 6798 & 587 5675



Fleetwood E1 fellihýsi árg. ,07 hlaðinn aukabúnaði v-2.500þ. uppl. i s: 660 4060.



Palomino Yearling árg 2005 til sölu. markísa 2 rafgeymar og 2 gaskútar mjög vel með farið, verð 1300þ uppl s 6992744

ESTERAL FELLIHÝSI með hörðum hliðum, 5manna, m/ stóru fortjaldi. Er byggt fyrir gas 12volt, og rafmagn. V. 500þ. Uppl. í S. 693 1325

9ft.Viking ,99 sk'11. Upphækaður - 2 gaskútar - Fortjald - Gaseldavél, miðstöð. V. 690þ. stgr. 867 8718

Esterel fellihýsi með hörðum hliðum, árg 2002 til sölu. Fortjald, ísskápur og sólarsella. Mjög vel með farið. Uppl í síma 846-1784

Til sölu Palomino Colt árg. ,99, sólarsella, rafgeymir, miðstöð, gaskútur. Uppl. í s. 845 6555.

Til sölu nýsk. fellihýsi Coleman Sedona árg. ,02 M/ísskáp, grjótgrind, markísu, 2 gaskútum og nýrri sólarsellu. Ásett verð kr. 1.150 þ. Uppl. í s. 820 3588, Gísli.

Til sölu Coleman Taos 8 feta. Fortjald, sólarsella og ferðaklósett. V. 690 þ. Uppl. í síma 844 0478.

Til sölu Palomino Colt fellihýsi. S: 893-5649

## Pallhýsi



Eigum eitt hús á F350 aðeins notað, einnig fyrir minni skúffubíla. Sýningarhús á Akureyri og Reykjavík. Ferðapallhýsi ehf s. 663 4646 Travellitecampers.com

## Tjaldvagnar



Holtkamper Spacer árg. ,00 til sölu. Áfast fortjald, eldhúseining með 3 hellum og gasísskáp. Vagninn er sem nýr. V. kr. 470 þ. Uppl. í s. 893 7389 og agv@centrum.is

Til sölu Combi Camp Family tjaldvagn árgerð 86 með fortjaldi og eldhúskassa. Vel með farið skoðaður 2011. Verð 250.000.Uppl. 899 6015.

Til sölu combi camp tjaldvagn árg. 1998. Vel með farinn vagn með skoðun til 2011. Verð 400.000.- Upplýsingar í síma 566 8095.

Til sölu gamall og góður CombiCamp. Uppl. í S. 892 3252.

## Vinnuvélar

LEIGÐU VÉL Í VERKIÐ
LEIGUVELAR.IS



Weckman sturtuvagnar. 8, 10 og 12 tonna. H. Hauksson ehf., sími 588 1130.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.



Skotbómulyftari. Manitou MT 940L Vinnustundir 5100. Verð kr. 2.400.000,- + vsk. H. Hauksson ehf., Sími 588 1130.

## Bátar



Til sölu Shetland plastbátur og 15hö vél með góðum undirvagni með ýmsum fylgihlutum upl 661 9012.



Til sölu 5,5 metra hraðbátur 60 hö mótor + kerra. Fæst á 650 þús. S. 868 6739.

**Fyrirdráttanet, fyrirdráttanet**
Fyrir veiðiréttháfa. Heimavík ehf. s. 892 8655. www.heimavik.is

Used boat. The hull in good shape. If engine is not good. We can change it. 8-10 m. high speed fiberglass boat for person and cargo transport in Greenland. Heated capin in front, open deck after. Disel engine. Speed 25-35 knot. S. +299 530114, svenolov@greennet.gl eða hansragnar@gmail.com

Lífbátar frá 159.900kr, blautgallar frá 34.900kr, Þurrgallar m/öndun 69.900kr, Barnavesti m/100N floti 9.900kr, Sæþotuvesti 9.900kr, Gasbjörgunarvesti (180N) 17.800kr. Fullt af vörum á www.gummibatar.is. Gúmmíbátar & Gallar S: 5711020

Til sölu 4m Zodiac með glænýjum Suzuki 15 hö 4-gengis mótor + kerra. Sími 844 0478.

## Hjólbarðar

Til sölu lítið slitin heilsársdekk 265/65R 17" á kr 80.000. Vantar 285/65 17" heilsársdekk. Upplýs. í síma 616 6503.

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Þjónusta

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Esjumelur 7 • 116 Reykjavík • Sími 566 6630 • btm@btm.is

# Tónleikar, ratleikir og tertukast

**Fjölskylduskemmtanir verða ekki af skornum skammti um verslunarmannahelgina. Víðast hvar um landið verður að finna skipulagða viðburði af einhverju tagi sem taka mið af þörfum fjölskyldunnar.**



**Karnival og kristilegur andi**
Hvítasunnukirkjan á Íslandi heldur árlegt mót sitt um verslunarmannahelgina í Stykkishólmi á Snæfellsnesi dagana 29. júlí til 2. ágúst. Í boði eru samkomur í íþróttahúsinu, karnival, andlitsmálun, fótboltamót, paint-ball og tónlist. Nánari upplýsingar á kotmot.123.is.



**Hollusta og hreyfing**
Unglingalandsmót UMFÍ er vímuefnalaus íþrótta- og fjölskylduhátíð sem verður haldin í Borgarnesi um verslunarmannahelgina. Þar gefst krökkum á aldrinum 11-18 ára kostur á að keppa í tíu íþróttagreinum auk þess sem fjölbreytt skemmtidagskrá verður í boði. Sjá ulm.is.



**Útivist og leikir**
Leikir, unglingaböll, flugdrekar, sparkvellir og minigolf skipa stóran sess á Síldarævintýrinu á Siglufirði. Trjálfarnir úr Stundinni okkar mæta. Sjá www.trolli.is.



**Með hjartað á réttum stað**
Fjölskylduhátíðin Ein með öllu fer fram á Akureyri um verslunarmannahelgina. Meðal viðburða má nefna Kirkjutröppuhlaup Andrésar Andar, Sparitónleika, tívolí, go-kart og ævintýraland að Hömrum. Sveppi og Villi, Latibær og fleiri koma fram. Sjá einmedollu.is.



**Íþróttir og fjör**
Mikil áhersla er lögð á íþróttaviðburði og skemmtun á Neistaflugi í Neskaupstað sem fer nú fram í 18. skipti. Hátíðin hefst fimmtudaginn 29. júlí og stendur fram á sunnudag. Sjá neistaflug.is.

**Leikir og lofgjörð**
Skógarmenn KFUM&KFUK standa fyrir vímulausu hátíðinni Sæludagar í Vatnaskógi dagana 30. júlí til 2. ágúst. Dagskráin er sniðin að fjölskyldunni þar sem íþróttaviðburðir, skemmtun og bænahald eru í fyrirrúmi. Sjá www.kfum.is.



**Einstök náttúra**
Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni verður opin almenningi um verslunarmannahelgina. Þótt þar verði ekki formleg hátíð er svæðið yfirleitt fjölsótt af fjölskyldum á þessum tíma enda margt í boði, svo sem kassabílar, bátaleiga og vatnasafarí. Sjá skatar.is.





**Vímulaus skemmtun**
Fjölskylduhátíð SÁÁ verður að Hlöðum í Hvalfirði um verslunarmannahelgina. Ratleikir, söngvakeppni, diskó og fleira í boði. Geirmundur Valtýsson og No Matches eru meðal þeirra sem stíga á svið. Sjá www.saa.is.

**Færeysk stemning**
Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri stendur fyrir Færeyskum fjölskyldudögum um verslunarmannahelgina. Fjölskyldugarðurinn, kajaleiga, tónleikar og fleira í boði. Sjá stokkseyri.is.



● **DRAGSPIL, VÍSUR OG DANS** Harmóníkuunnendur munu hittast á tveimur stórmótum um verslunarmannahelgina, við félagsheimilið Árnes í Skeiða-og Gnúpverjahreppi og í Brúarásskóla á Jökuldal. Erlendir gestir munu heiðra hátíðirnar. Í Árnesi mun hinn norski Håvard Svensrud leika á tónleikum á laugardaginn og ásamt fleirum fyrir dansi öll kvöldin og í Brúarásskóla spila fimmtán harmóníkuleikarar frá Færeyjum bæði á tónleikum og böllum. Markaður, hljóðfærasýning og samspil verða í Árnesi og hátíðahlaðborð á sunnudagskvöld. Auk tónleika og dansleikja í Brúarásskóla verða vísnaþættir þar sem Páls Ólafssonar verður meðal annars minnst í ljóði og söng. Kvenfélag verður með kaffisölu á laugardag og rútuferðir verða milli Brúarásskóla og tjaldstæðisins í Svartaskógi í Jökulsárhlíð. *- gun*





**Stórmót skagfirskra hestamanna verður á Vindheimamelum.**
FRÉTTABLAÐIÐ/SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR

# Fákaflug í Skagafirði

Efnt verður til hestamannamóts á Vindheimamelum í Skagafirði um verslunarmannahelgina. Það nefnist Fákaflug 2010. Þar verður keppt í A og B flokki gæðinga, ungmenna, unglinga og barnaflokkum, tölti, 100 metra skeiði og kappreiðum og einnig verður kynbótasýning. Meðal skemmtikrafta á mótinu verða Helgi Björns og Reiðmenn vindanna, Hvanndalsbræður og Magni. Einnig hljómsveitin SSSól sem mun spila á dansleik á sunnudagskvöldinu. *- gun*




Fjölskylduhátíð SÁÁ
30.JÚLÍ TIL 2. ÁGÚST AÐ HLÖÐUM HVALFJARÐARSTRÖND





FJÖLBREYTT SKEMMTIATRIÐI ALLA HELGINA
GEIRMUNDUR VALTÝRSSON - DISKÓTEK
FÉLAGSVIST - BINGÓ - BARNADAGSKRÁ
DISKÓ FYRIR BÖRNIN - RATLEIKIR
SÖNGVAKEPPNI - VARÐELDUR - DANSLEIKIR
AA FUNDUR OG NA FUNDUR - HUGVEKJA
AÐGANGSEYRIR KRÓNUR 4.500.- FRÍTT FYRIR BÖRN 14 ÁRA OG YNGRI
Allar nánari upplýsingar veitir Hilmar í síma 824 7646
Öll hjálp við undirbúning er vel þegin
SÁÁ SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN



**DAGSGÖNGUR Í GRINDAVÍK**
Menningar- og sögutengd gönguhátíð verður í Grindavík um helgina með tveggja til fimm tíma göngum hvern dag og komið heim á milli. Fyrsta gangan er á föstudagskvöld um gamla bæjarhlutann í Grindavík. Hún endar með söng við tjaldsvæðið. Á laugardag verður hist við Ísólfsskála og gengið með leiðsögn um Selatanga. Síðan um Katlahraun til baka. Kaffisala er í Ingólfsskálakaffi. Þriðja daginn er farið að fornum rústum í Húshólma um svæði sem býður upp á jarðfræði og sögu. Á mánudeginum er mæting á bílastæði Bláa lónsins en ferðinni er heitið að gömlu Tyrkjabyrgjunum í Sundvörðuhrauni. Bláa lónið býður upp á tvo fyrir einn í lónið í lok göngu. Upplýsingar eru á www.grindavik.is.



**Ó Ó ÓBYGGÐAFERÐ**
Gengið verður um eitt afskekktasta óbyggðasvæði landsins dagana 28. júlí til 1. ágúst á vegum Ferðafélags Íslands. Ferðin hefst á Egilsstöðum og endar á Hornafirði og gist verður í skálum á leiðinni. Fararstjóri verður Hjalti Björnsson. Gönguleiðin býr yfir miklum andstæðum. Fyrst verður gengið um flæðilendur Eyjabakka, farið um brúnir eins hæsta foss á Íslandi sem þó er nafnlaus, komið við hjá hinu afskekkta heiðarbýli Víðidal, litið á hrikaleg og litrík gljúfrin í Lónsöræfunum og andað að sér angan af kjarri og lyngi.




Páll Halldór er fararstjóri í jeppaferð um Vestfirði og „mun leiða hópinn um vegi og krákustíga, fjöll og firði á þessum fagra kjálka landsins" eins og það er orðað á heimasíðu Útivistar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Land lagt undir hjól og fót

**Sumarferð jeppadeildar Útivistar liggur um Vestfirði dagana 31. júlí til 3. ágúst. Hnífsdælingurinn Páll Halldór Halldórsson leiðir hópinn.**

„Þetta verður ævintýraferð því við ætlum að keyra ýmsa slóða, gamla línuvegi og aflagða þjóðvegi," segir Páll. „Fyrsta daginn verður ekin Þingmannaheiði á Barðaströnd sem reyndar er illfær óbreyttum bílum en þeir sem ekki eru á slíkum tækjum aka bara þjóðveginn og hitta okkur hin í Flókalundi. Svo ætlum við að reyna að fara línuveg sem liggur frá Dynjandisheiði niður í Tálknafjörð. Þar verður tjaldað til tveggja nátta.

Leiðin liggur niður á Látrabjarg og í Keflavíkina næsta dag. Ef einhver vill ganga þaðan út á Rauðasand er það í boði.

Verkefni þriðja dags verður að komast til Þingeyrar. Þá keyrum við út í Selárdal og svo fyrir Arnarfjörð og út í Selvogana, í Lokinhamra og um Kjaransveg. Það væri gott að vera með Stiklubætti Ómars Ragnarssonar í tækjunum þann dag," segir Páll og telur hrikaleikann og spennuna magnast eftir því sem nær dragi Þingeyri.

Morguninn eftir verður farið upp í Kvennaskarð og framhjá Kaldbak, hæsta fjalli Vestfjarða. „Hugsanlega verður brölt á tindinn, þótt þeir sem tilheyri jeppadeildinni séu ekki alhörðustu labbakútarnir," segir Páll hlæjandi. „Við kíkjum út á Ingjaldssand og gistum síðan tvær nætur á Ísafirði. Tökum rúntinn þaðan út í Skálavík, upp á Bolafjall og um línuveg yfir á Botnsheiði. Síðasta daginn verður ekið um Djúpið, yfir Kollafjarðarheiði og að Bjarkalundi. Góð þátttaka? Í gær voru 15 jeppar búnir að skrá sig en 25 er hámarkstala." *-gun*



Komið verður við í Selárdal á þriðja degi ferðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





Berry safarnir eru fullir af andoxunarefnum og vítamínum.

- enginn viðbættur sykur
- engin rotvarnarefni
- engin litarefni

arka ehf.

S. 562 6222 | Fax: 562 6622 | pantanir@arka.is







**Kynning**

# Ævintýraleg upplifun

Viðbúið er að mikið fjör verði í Úthlíð í Bláskógabyggð um verslunarmannahelgina, þar sem heimamenn hafa undirbúið fjölskyldudagskrá. „Það er óhætt að segja að gestum og gangandi muni ekki leiðast hérna, því hér verða viðburðir og afþreying af ýmsum toga," segir Hjördís Björnsdóttir, sem rekur ferðaþjónustuna í Úthlíð.

Hjördís bendir á að á föstudeginum um verslunarmannahelgina verði svokallað Föstudagsfjör í Réttinni, veitingahúsi staðarins. „Daginn eftir leikur svo hljómsveitin Góðir landsmenn fyrir dansi, fyrst á balli ætluðu yngri kynslóðinni um daginn og svo fyrir þá eldri um kvöldið ásamt því að stýra brekkusöng. Á sunnudag er svo létt diskó við allra hæfi og dagskránni lýkur eftir það."

Hjördís getur þess að samhliða því gefist mönnum kostur að sækja ýmsa afþreyingu á svæðinu. „Hér er meðal annars níu holu golfvöllur í góðu ásigkomulagi þar sem keppt verður um helgina. Krakkamót í golfi fer fram á sunnudag og verðlaunaafhending og pitsuveisla að því loknu. Þá er sundlaug við Réttina og tilvalið að skella sér í styttri eða lengri útreiðartúra þar sem hestaleiga er á staðnum. Loks má nefna að hér er tjaldsvæði búið öllum helstu nútímaþægindum og orlofshús sem taka allt að 50 manns."



Gestir og gangandi geta sótt sér alls kyns afþreyingu í Úthlíð. Þar er meðal annars þessi níu holu golfvöllur þar sem keppt verður í golfi um verslunarmannahelgina. MYND/ÚR EINKASAFNI




# Hátíðardagskrá með færeyskum listamönnum

## Föstudagur

**Kvöldskemmtun fram á nótt. Miðaverð 1.990.- kr.**
**Kl. 20.00 – Menningarverstöðin – Færeysk tónlist**
**Kl. 21.00 –STÓRTÓNLEIKAR KVONN** Angelika Nielsen, Ívar Bærentsen, Kristian Blak, Sharon Weiss.
**HLJÓMSVEIT ÁRNA ANDREASEN** Árni Andreasen, Jens Lisberg, Arnbjörn Sivertsen, Jóanis Erik Kötum, Kolbein Simonsen, Jónleif Jensen
**KENNSLA Í FÆREYSKUM DÖNSUM** Hilmar og Gunnvör sýna og kenna gestum og gangandi færeyska dansa.
**HLJÓMSVEIT HILMARS JOENSEN** Hilmar Joensen, Angelika Nielsen, Ívar Bærentsen, Kristian Blak, Sharon Weiss

## Laugardagur

**Kl. 13.30 – Fótboltaleikur á Íþróttavelli, Ísland vs. Færeyjar**
Færeysku listamennirnir mæta íslenskum víkingum í óopinberum landsleik á Íþróttavellinum á Stokkseyri

**Tónleikar og færeyskur dans. Miðaverð 1.000.- kr.**
**Kl. 16.00 – STÓRTÓNLEIKAR MEÐ YGGDRASIL** Angelika Nielsen, Kristian Blak, Sharon Weiss, Mikael Blak
**KENNSLA Í FÆREYSKUM DÖNSUM** Hilmar og Gunnvör sýna og kenna gestum og gangandi færeyska dansa.

**Kvöldskemmtun fram á nótt. Miðaverð 4.400.- á tónleika og dansleik. Miðaverð á dansleik eftir kl 23 1.990.-**
**Kl. 21.00 – BENJAMIN** Benjamin Petersen, Mikael Blak
**KVONN** Angelika Nielsen, Ívar Bærentsen, Kristian Blak, Sharon Weiss, Mikael Blak
**EIVÖR PÁLSDÓTTIR OG HLJÓMSVEIT** Mikael Blak, Högni Lisberg, Benjamin Petersen
**HLJÓMSVEIT JENS LISBERG** Jens Lisberg, Arnbjörn Sivertsen, Jóanis Erik Kötum, Kolbein Simonsen, Jónleif Jensen, Árni Andreasen

## Sunnudagur

**Kl. 13.00 – ANGELIKA Nielsen** með tónleika í Stokkseyrarkirkju Angelika Nielsen, Sharon Weiss, Kristian Blak, Mikael Blak

**Tónleikar og Færeyskur dans. Miðaverð 1.000.- kr.**
**Kl. 15.00 – HLJÓMSVEIT ÁRNA ANDREASEN** Árni Andreasen, Jens Lisberg, Arnbjörn Sivertsen, Jóanis Erik Kötum, Kolbein Simonsen, Jónleif Jensen
**Kl. 15.30 – FÆREYSKIR DANSAR** Hilmar og Gunnvör sýna og kenna gestum og gangandi færeyska dansa.
**KYNNING Á FÆREYJUM:** Færeyskt matarsmakk, og annað kynnt fyrir gestum og gangandi

**Kvöldskemmtun fram á nótt Miðaverð 4.400.- á tónleika og dansleik. Miðaverð á dansleik eftir kl 23 1.990.-**
**Kl. 21.00 – HÖGNI LISBERG** ásamt hljómsveit
**KVONN** Angelika Nielsen, Ívar Bærentsen, Kristian Blak,Sharon Weiss, Mikael Blak
**EIVÖR PÁLSDÓTTIR OG HLJÓMSVEIT** Mikael Blak, Högni Lisberg, Benjamin Petersen
**HLJÓMSVEITIR HILMARS JOENSEN OG JENS LISBERGS ÁSAMT GÓÐUM GESTUM – ALL STAR –** Hilmar Joensen, Angelika Nielsen, Ívar Bærentsen, Kristian Blak, Sharon Weiss, Mikael Blak, Jens Lisberg, Arnbjörn Sivertsen, Jóanis Erik Kötlum, Kolbein Simonsen, Jónleif Jensen, Árni Andreasen, Eivör Pálsdóttir, Högni Lisberg, Benjamin Petersen

**Forsala aðgöngumiða á midi.is**

**Stærri tjaldstæði og úrval af gistimöguleikum á Stokkseyri, Eyrarbakka og Selfossi**

Tjaldstæði
Stokkseyrar

# Afþreying í boði á Stokkseyri alla helgina:

**Kajakaferðir**
Kannið vatnasvæðin á eigin vegum

**Shell-skálinn**
Ljósmyndasýning í veitingasal

**Sundlaugin**

**Töfragarðurinn**

**Kaffi Sól**
Tommi Bangsi, leiktæki
Risahoppipúði,Diskótek og fleira

KAFFI SÓL

**Álfa- trölla og norðurljósasafnið**
Tilboð ef farið er á bæði söfnin

ICELANDIC WONDERS

**Veitingahúsið Við fjöruborðið**
Humar, humarsúpa og lambakjöt

Fjöruborðið

**Draugasetrið**
Tilboð ef farið er á bæði söfnin

Draugasetrið STOKKSEYRI

**Menningarverstöðin:**
Kaffitería
Málverkasýning
Elfars Guðna
Gallerí Þóru Elfarsdóttur
Listaverkið Brennið þið vitar
Málverka sýning Gussa
Gallerí Ellu Rósenkranz
Gallerí Herborgar og margt fleira.

Menningarráð Suðurlands · Íslandsbanki · Föroya Bjór · Svali ÆVINTÝRADRYKKUR · Sveitarfélagið ÁRBORG · KPMG · ÖLVISHOLT BRUGGHÚS · TM · VÍKING
Guðmundur Tyrfingsson ehf.

**Sjá nánar á: www.stokkseyri.is** *Lista og menningarverstöðin*



Farið er yfir móa, mýrar, fjörur og tún.

# Í fjölbreyttu landslagi

Barðsneshlaupið verður hlaupið í fjórtánda sinn um verslunarmannahelgina. Hlaupið hefst við bæinn Barðsnes á Barðsnesi en þangað eru hlauparar ferjaðir frá Neskaupstað. Því lýkur svo á torginu neðan við sundlaugina í Neskaupstað.

Hlaupið er 27 kílómetrar um fjölbreytt landslag. Farið er yfir móa, mýrar, fjörur og tún. Fyrst er hlaupið eftir gömlum traktorsruðningi, þá koma kinda- og hestagötur og að lokum er það þjóðvegurinn sem liggur fyrir hlaupurum.

Barðsneshlaupið er orðið hluti af samstarfsverkefninu Hlauparöð 66° Norður ásamt Úlfljótsvatnshlaupi, Þorvaldsdalsskokki, Vesturgötunni og Jökulsárhlaupi. Fyrirtækið 66° gráður Norður veitir svo fyrstu þremur konunum og körlunum verðlaun.

Nánari upplýsingar má finna á www.islandia.is/bardsneshlaup.

*- mmf*



Dagskrá verður í tengslum við sýninguna Komdu að leika um verslunarmannahelgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Farið inn á hippaheimili

Árbæjarsafn verður opið um verslunarmannahelgina en þar verður dagskrá í boði í tengslum við sýninguna Komdu að leika.

Sýningin Komdu að leika fjallar um leiki og leikföng barna í Reykjavík á tuttugustu öld. Ljósi er varpað á fjölbreytileika og þróun leikfanga og hvernig leikir endurspegla samfélagið á hverjum tíma.

Leikföngin eru ekki bara til að horfa á heldur má leika sér að dóti frá ýmsum tímum í tímastöðvum þar sem endurskapað hefur verið andrúmsloft tómthúss í Reykjavík snemma á tuttugustu öld, betri borgara heimilis frá um 1930, hippaheimilis frá áttunda áratugnum og barnaherbergja um 1990.

Nánari upplýsingar á www.arbaejarsafn.is.

*- mmf*

# Kjötsúpuferð

Vesturferðir standa fyrir árlegri Kjötsúpuferð á Hesteyri í Jökulfjörðum laugardagskvöldið 31. júlí. Brottför er klukkan 16.30 frá Ísafirði og á Hesteyri tekur við gleði með varðeldi, söng, kátínu og kjötsúpu. Um miðnættið siglir svo báturinn til baka aftur.

Bókanir og allar nánari upplýsingar fást á skrifstofu Vesturferða eða í síma 456-5111.

*- gun*



Kjötsúpan afgreidd út um gluggann.



Siglt er með Sæferðum til Hesteyrar. MYNDIR/SÆFERÐIR





## Tjaldstæði, golfvöllur, hestaleiga, sundlaug, verslun, veitingastaður, kirkja

**Dagskrá:**

Föstudagur:
- Föstudagsfjör í Réttinni

Laugardagur:
- Kl. 16.00 – krakkaball í Réttinni
  Hljómsveitin „Góðir landsmenn" stjórna leikjum og fjöri
- Kl. 22.00 – Brekkusöngur
  Óvæntar uppákomur í brekkunni.
- Kl. 24.00 – Stórdansleikur með hljómsveitinni „Góðir landsmenn"

**Aldurstakmark 20 ár**

Sunnudagur:
- Kl. 16.00 – Barna- og unglingagolfmót GÚ - Pizzahlaðborð og verðlaunaafhending á eftir.
  Mæting í Réttina kl. 15.30 skráning í mótið fer fram í Réttinni.
- Kl. 23.00 – Kappreiðafjör 2010
  DJ - Réttin

**Þjónusta:**

Hestaleiga fyrir vana sem óvana.
Golfvöllurinn - Skráning í rástíma er í Réttinni fyrir leik.
Sundlaugin Hlíðalaug - sundlaug og þar er hægt að fá matvöru og gas, einnig er bensínstöð á staðnum tjaldstæði með rafmagni og vatnssalerni.

Réttin er opin alla daga kl. 9 - 20 virka daga en lengur um helgar. Í Réttinni er léttur grillmatseðill með pizzum, hamborgurum, heimilismat í hádeginu og súpu- og köku dagsins.

**Afgreiðslutími:**
Réttin, sundlaugin og golfvöllurinn verða opin frá kl. 9.00 alla verslunarmannahelgina. Rástímar í golf bókaðir í Réttinni.

Coca-Cola

Verið velkomin!

ÚTHLÍÐ FERÐAÞJÓNUSTA

www.uthlid.is / 6995500 / uthlid@uthlid.is

## Skemmtanir

**IRISH PUB**

UL Reykjavíkuvegur 60, Hafnfj. S. 555 0022

DYSKOTEKA • DJ-JARO

ZAPRASZMY

NA DYSKOTEKE

OD-22:00–DO-03:00

**Cafe Catalina**

**Í kvöld spilar hljómsveitin**

**SÍN**

***Kíkjið á www.catalina.is***

**Allir velkomnir**

**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**

**FRÍTT inn fyrir konur..... og karla!**

**Boltinn í beinni!**

**Hádegismatur alla virka daga**

GULLNÁMAN

**Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166**

Starfsfólk vantar við ferðaþjónustu á Suðurlandi, þarf að geta unnið við öll almenn störf. Uppl. s. 894 9249

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**

Óskum eftir að ráða fólk í fulltstarf á vaktir. Einnig vantar kvöld og helgar starfsfólk. Uppl. á netfang milano@internet.is

Reglusamur maður óskast til starfa strax við hellulagnir, íslenskukunnátta æskileg. Líklegast um tímabundið starf að ræða. Uppl. í s. 898 4202.

**Sportbarinn Ölver**

Vaktstjóri óskast í fullt starf, verður að vera vanur, íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 533 6220. Magnús eða Halli.

Hárkompaní Ísafirði Leitar eftir sveini/meistara í vinnu sem fyrst. Góð aðstaða. Áhugasamir hafi samband við Guðrúnu s:893-0482 www.harkompani.is

Lítið trésmíðafyrirtæki í nýsmiði og viðhaldsverkefnum, óskar eftir lærðum trésmiði eða manni vönum trémíðavinnu í fulla vinnu. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, vera stundvís og heiðarlegur. Nóg af vinnu framundan! Áhugasamir sendið upplýsingar til ssvanursig@hotmail.com eða hafa samband í síma 824 0232

## Atvinna óskast

Trésmíðameistari. Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. í síma 843 4505

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**



Til sölu hjólhýsi Adria Unica DP 462 árg. 2003 ásamt fortjaldi (Ambassador). Húsið lítur út sem nýtt. Electrolux Ísskápur, WC, sturta, truma hitakerfi, sjónvarpsloftnet. Verð kr. 1.650.000,-. Uppl. 895 2256.

**PurpleRabbit.is**

Sýndu þig og sjáðu aðra á djörfum íslenzkum samskiptavef.

## Fasteignir

**101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA**

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

**Hagamelur 38 – 107 Reykjavík.**

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 25 JÚLÍ. MILLI KL : 14-15.




**Mjög falleg 125,7 fm 5 herb. efsta hæð á þessum vinsæla stað**
Eignin skiptist í: Hol, fjögur herbergi, stofu, eldhús, baðherbergi. Rúmgóðar svalir með fallegu útsýni út á haf. Sér geymsla í kj. ásamt sam.hjóla og vagnageymslu. Eignin er mikið endurnýjuð og er öll hin glæsilegasta. Eignin er laus til afhendingar mjög fljótlega.
**V- 36,9millj.** (6245)
Sigurður og Carmen taka vel á móti ykkur sunnudag milli kl: 14-15.



**Til sölu glæsilegur 64 fm bústaður**

Til sölu glæsilegur 64 fm bústaður til flutnings. Bústaðurinn er fokheldur og er smíðaður af SG húsum á Selfossi.

Tilbúinn til afhendingar strax. **Verð 7,8 millj.**

Allar frekari upplýsingar í síma 864 3898.

## Fasteignir

**Atvinnueignir** 534 1020 www.atvinnueignir.is

Löggild leigumiðlun og fasteignasala

**Atvinnuhúsnæði óskast**

**Leitum meðal annars að eftirfarandi atvinnuhúsæði**

- **Lager, 2.500-4.000 fm með mikilli lofthæð, leigutími til 2-3 ár.**
- **Skrifstofuhúsnæði miðsvæðis, 700-1.000 fm, leigutími 10 ár.**
- **Skrifstofuhúsnæði ca 100 fm.**
- **Iðnaðarbilum, 80 – 150 fm**

**Frekari upplýsingar gefa starfsmenn Atvinnueigna í síma 534-1020, Helgi í 663-2411 eða helgi@atvinnueignir.is**

Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA. löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali

Ólafur Jóhannesson, rekstrarfræðingur. löggiltur leigumiðlari

MIKLABORG - *ÖRUGG SALA* - MIKLABORG - *ÖRUGG SALA*

FASTEIGNASALAN

**MIKLABORG**

569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is



**Deildarás – gott einbýli**

Fallegt og vel skipulagt einbýli á þessum frábæra stað í Árbæjarhverfinu. Húsið er á tveimur hæðum og tæpir 270 fm að stærð. Góðar stofur og 4 svefnherbergi. Fallegur, sólríkur garður og stutt í góðar gönguleiðir. Nánari upplýsingar veitir Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali í síma 661-2100. **Verð kr. 60,0 milljónir**

MIKLABORG - *ÖRUGG SALA* - MIKLABORG - *ÖRUGG SALA*

FASTEIGNASALAN

**MIKLABORG**

569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

**Þórðarhöfði - athafnalóð**

Til leigu stór 15.000 fermetra lóð miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu við Þórðarhöfða. Lóðin er vel staðsett, í góðu skjóli frá allri umferð en samt miðsvæðis.

Lóðin hentar vel fyrir ýmis konar atvinnustarfsemi, eða sem geymslupláss. Lóðin getur verið laus til afhendingar strax.

**Nánari upplýsingar veitir Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali í síma 661-2100.**

**Maríubaugur 127**
112 Reykjavík
Stórkostlegt útsýni

**Stærð: 120,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2002**
**Brunabótamat: 25.700.000**

RE/MAX Senter








**Opið hús sunnudaginn kl 17.00-17.30**

**Verð: 25.600.000**

REMAX Senter kynnir fallega íbúð með stórkostlegu útsýni yfir Esjuna og sundin blá. Íbúðin er björt og allar vistarverur rúmgóðar.
Nánari lýsing: Þrjú rúmgóð svefnherbergi, tvö með góðum skápum, baðherbergi flísalagt með hvítri innréttingu, eldhús með góðri innréttingu, borðkrók og út gengi á stórar suðursvalir. Stórt þvottahús, geymsla er inn af eldhúsi. Stofan er stór með mikilfenglegu útsýni yfir Esjuna og sundin blá. Gólfefni eru úr eik og flísar, innréttingar úr maghony.



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**Til sölu**
101 Reykjavík
Barnafataverslun við Laugarveginn.

**Stærð: 100 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1986**
**Brunabótamat: 0**

RE/MAX Bær





**Verð: 3.900.000**

Barnafataverslun við Laugarveginn í Reykjavík til sölu.
Gott tækifæri fyrir þá sem vilja vinna sjálfstætt.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðbergur Guðbergsson löggiltur fasteignasali s 893 6001
beggi@remax.is



Guðbergur
Lögg. fasteignasali
**8936001**
beggi@remax.is

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

HUNDRUÐ NÝRRA VARA VÆNTANLEGAR Á BRYGGJUNA! OKKUR VANTAR PLÁSS

BJÓÐUM ENN MEIRI AFSLÁTT AF ELDRI VÖRUM!

SVALASETT
2 stólar og borð
nú 9.900.-

allt að
70%
afsláttur

# ENN MEIRI AFSLÁTTUR

mikil verðlækkun!

Allar sumarsmávörur
50%
afsláttur

SNYRTIVÖRUR
3 fyrir 2
gildir ekki af afsláttarvöru

NÝ BASTHÚSGÖGN
20%
afsláttur

the PIER

kemur stöðugt á óvart

www.pier.is

afsláttur gildir til 1. ágúst

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

PETER SELLERS LÉST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1980

*„Mér líður alltaf óraunverulega, eins og ég sé draugur, þangað til ég verð að nýrri persónu á tjaldinu.“*

***Sellers er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Inspector Clouseau í myndunum um bleika pardusinn.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 24. JÚLÍ 1982

## *Gullskipið í sandinum talið fundið*

Gullleitarmenn á Skeiðarársandi töldu sig loks hafa fundið skipið Het Wapen von Amsterdam þennan mánaðardag árið 1982. Leitin að því hafði staðið með hléum frá 1971. Het Wapen van Amsterdam var hollenskt skip sem sigldi frá Austur-Indíum árið 1667. Það strandaði á Skeiðarársandi 19. september það ár. Skipið var hlaðið dýrmætum varningi, gulli og öðrum málmum ásamt kryddi og silki.



**SKIPIÐ VAR HLAÐIÐ** Ýmis varningur var í skipinu, meðal annars krydd.

Við borun leitarmanna í júlí 1982 komu upp eikarleifar af svipuðu dýpi og talið var að skipið væri á og áður höfðu segulmælingar bent til þess að málmur væri í skipi sem væri grafið þarna í sand. Líkurnar voru því sterkar.

Mikill uppgröftur hófst vorið 1983 með 50 milljón króna ríkisábyrgð en þegar til kom reyndist um að ræða flak af þýska togaranum Friedrich Albert frá Getsemünde sem strandaði 19. janúar 1903.

## MERKISATBURÐIR

1896 Fjórar nunnur koma til landsins til að hjúkra sjúkum. Þetta eru fyrstu nunnurnar sem koma hingað síðan fyrir siðaskipti.

1933 Ferðafélag Íslands fer í fyrstu Þórsmerkurferð sína.

1956 Ríkisstjórn Hermanns Jónassonar tekur við völdum og situr í rúm tvö ár.

1961 Júrí Gagarin kemur við á Keflavíkurflugvelli á leið sinni til Kúbu, aðeins þremur mánuðum eftir að hann fer fyrstur manna út í geiminn.

2005 Lance Armstrong sigrar í Tour de France-keppninni í sjöunda sinn.




**BLACK SHEEP** Ný verslun opnaði á Lækjartorgi í vikunni.

# Svartur sauður

Ný verslun opnaði á Lækjartorgi í vikunni undir nafninu Black sheep eða Svartur sauður. Eins og nafnið gefur til kynna er ullarvara það sem helst er að finna í versluninni.

Mikið úrval er af lopapeysum frá Islandica í versluninni og alls konar fallegum hönnunarvörum.

Verslunin er í eigu Rammagerðarinnar og fjórða verslunin sem hún opnar. Rammagerðin var stofnuð árið 1940 og hefur sérhæft sig í sölu á íslenskum varningi og gjafavöru fyrir ferðamenn jafnt sem heimafólk. - eö



**GÍTAR Á MANN** Anton Benedikt Kröyer ásamt eiginkonunni, Elínu Heklu Klemenzdóttur, syni sínum og alnafna og starfsmanninum Trausta Laufdal. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

HLJÓÐFÆRAVERSLUNIN GÍTARINN: FAGNAR TUTTUGU ÁRA AFMÆLI

# Gítarleikurinn sameinar fólk

Gítarinn er alltaf jafn vinsælt hljóðfæri. Það er einfalt að læra á gítar og handhægt, því ekki tekur fólk með sér píanó í partí og syngur með. Gítarleikurinn sameinar fólk, sjáðu bara Ingó og krakkana og leikskólalögin. Þar er gítarleikurinn aðalmálið,“ segir Anton Kröyer, eigandi hljóðfæraverslunarinnar Gítarinn, sem fagnar tuttugu ára afmæli sínu um þessar mundir.

Gítarinn var til húsa að Laugavegi 45 fyrstu tólf árin en hefur nú aðsetur að Stórhöfða 27. Þar hafa í gegnum tíðina verið til sölu ýmsar gerðir hljóðfæra, en mesta áherslan hefur þó ávallt verið á gítara af ýmsum stærðum og gerðum, eins og nafnið bendir til. „Þegar ég byrjaði með búðina á Laugaveginum var engin Smáralind til. Það var í þá gömlu góðu daga þegar fólk fór ekki bara á Laugaveginn til að fá sér bjór heldur til að kaupa sér ís og versla. Þá var öldin önnur, þegar Gaukur bjó á Stöng,“ segir Anton og bætir við að oft hafi reynst ansi erfitt að taka inn vörur á Laugaveginum vegna þrengsla, en rýmra sé um starfsemina á Stórhöfða.

Sjálfur er Anton tónlistarmaður og lék til að mynda í hljómsveitinni Systir Sara og í Eilífð með Herberti Guðmundssyni á sínum tíma. Hann segir Gítarinn hafa verið vinsæla verslun í gegnum árin og líklega hafi flestir gítarleikarar landsins komið við í búðinni á einhverjum tímapunkti. „Ég man til dæmis eftir að hafa selt Jóhanni Helgasyni notaðan gítar í gamla daga og líka Herði Torfasyni. Svo voru Botnleðjustrákarnir og Pollapönkararnir Heiðar og Halli með gítara frá mér í barnatímanum og svo mætti lengi telja,“ segir Anton.

Hann rekur verslunina með eiginkonu sinni, Elínu Heklu Klemenzdóttur, og syni þeirra og skiptast þau á vöktum. „Ég er sendillinn, ryksuga og svona,“ segir Anton og hlær. Hann segir ekki á döfinni að blása til neinnar stórhátíðar í tilefni afmælisins, heldur felist hátíðahöldin í góðum tilboðum á gíturum í búðinni. kjartan@frettabladid.is



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og systir,*

**Ingibjörg Kaldal**

Selvogsgrunni 3, Reykjavík,

er látin. Hún verður jarðsungin frá Dómkirkjunni föstudaginn 30. júlí kl. 13.00.

**Sigurður Kaldal**
**Rúna Magdalena Guðmundsdóttir**
**Vilhjálmur Kaldal Sigurðsson**
**Írena Líf Svavarsdóttir**
**Ingibjörg Kaldal Sigurðardóttir**
**Dagmar Kaldal**

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí áletrun

Fallegir legsteinar á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com



Rúnar Geirmundsson
Sigurður Rúnarsson
Elís Rúnarsson
Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Sveindís María Halldórsdóttir,**

lést á heimili sínu þann 21. júlí sl.

**Halldór G. Bjarnason**
**Kristinn Jón Arnarson**
**Margét Marín Arnardóttir**
**og barnabörn.**

**Prakob Prawan**
**Ekaterina Ivanova**
**Einar S. Karlsson**



†

*Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,*

**Rannveig Kristinsdóttir (Veiga),**

áður til heimilis á Yrsufelli 7,

verður jarðsungin frá Fossvogskapellu mánudaginn 26. júlí kl. 13.00.

**Sigurbjörn Bjarnason**
**Sigríður Erla Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær sonur okkar, bróðir og barnabarn,*

**Sigfinnur Pálsson**
Hólagötu 3, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, mánudaginn 19. júlí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 27. júlí kl. 14.00.

**Vigdís Ellertsdóttir**
**Páll Sigfinnsson**
**Vignir Páll Pálsson**
**Elín Pálsdóttir**
**Ellert Björn Skúlason** **Elín Guðnadóttir**
**Sigurbjörg Eiríksdóttir**

---

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Trausti Eyjólfsson,**
hárskeri og ökukennari,
Háaleitisbraut 16,

lést þriðjudaginn 20. júlí í Rjóðrinu, líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 29. júlí kl. 13.00.

**Gréta Finnbogadóttir**
**Þórunn Helga Traustadóttir** **Stefán Már Halldórsson**
**Gunnar Albert Traustason** **Ásta Birna Stefánsdóttir**
**Ólafur Árni Traustason** **Auður Bergsteinsdóttir**
**Jón Grétar Traustason** **Ingunn Hera Ármannsdóttir**
**Sesselja Traustadóttir** **Kjartan Guðnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Þorleifs Kristins Guðmundssonar**
Árskógum 8.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hólabæjar.

**Margrét Pollý Baldvinsdóttir**
**og fjölskylda.**

---

†



*Elskulegur sonur okkar, bróðir og barnabarn,*

**Guðmundur Jóhannsson**
Seljudal 24, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, föstudaginn 16. júlí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn 28. júlí kl. 11.00.

**Guðrún Guðmundsdóttir** **Jóhann Dagur Egilsson**
**Dagur Jóhannsson**
**Þórdís Skarphéðinsdóttir** **Egill Jóhannsson**

---

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls okkar ástkæru eiginkonu, frænku, ömmu og langömmu,*

**Mjallar Þórðardóttur.**

**Ólafur Steinar Björnsson**
**og fjölskylda.**

---

†



*Ástkær eiginmaður minn, sonur, stjúpsonur, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, bróðir og afi,*

**Jakob Smári,**
prófessor í sálfræði,
Safamýri 25, Reykjavík,

lést mánudaginn 19. júlí. Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 28. júlí klukkan 15.00. Þeir sem vildu minnast hans er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

**Guðbjörg Gústafsdóttir**
**Bergþór Smári** **Anna Júlíusdóttir**
**Örlygur Smári** **Svava Gunnarsdóttir**
**Bergþór Smári**
**Unnur Jakobsdóttir** **Smári Friðrik Magnus**
**Andri Valur Sigurðsson** **Tinna Dögg Guðlaugsdóttir**
**Erla Bergþórsdóttir** **Smári Thomas Mathiesen**
**Júlíus Smári** **Bryndís Kristjánsdóttir**
**Malín, Gunnar Berg, Jakob Þór, Heba, Hrönn, Tómas, Davíð, Sara Lind og Bryndís Ýr.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, bróður, mágs og frænda,*

**Viggós Jósefssonar**
Laugalæk 1.

Sérstakar þakkir til séra Bjarna Karlssonar, Ragnheiðar Linnet, Rúnars Geirmundssonar, starfsfólks Skjóls á 5. hæð og allra sem hjálpuðu á einn eða annan hátt. Guð blessi ykkur öll.

**Sigrún Ingunn Þorsteinsdóttir, Guðjón Jósefsson, Vilborg Sigurðardóttir, Elín Magnúsdóttir og systkinabörn hins látna.**

---

†



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jóhannes Emilsson,**
til heimilis að Lundargötu 15, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 26. júlí kl. 13.30.

**Guðlaug Jóhannesdóttir**
**Helgi J. Jóhannesson** **Gerður Geirsdóttir**
**María Jóhannesdóttir** **Gylfi Sv. Gylfason**
**Pétur S. Jóhannesson**
**Kristbjörg H. Jóhannesdóttir**
**Árni V. Jóhannesson** **Nancy Georgsdóttir**
**Gunnar Þ. Jóhannesson**
**og barnabörn.**

---

†



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Sigríður Unnur Konráðsdóttir (Didda)**
Langholtsvegi 142,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 22. júlí.

**Ægir Vigfússon**
**Viktor Ægisson** **Guðrún Baldursdóttir**
**Konráð Ægisson** **Þórunn Björg Birgisdóttir**
**Lúðvík Berg Ægisson** **Guðrún Júlína Tómasdóttir**
**Aldís Björk Ægisdóttir**
**Guðlaug Konráðsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Vilborg Pétursdóttir (Vippa)**
Skjólbraut 9a, Kópavogi,

lést mánudaginn 19. júlí. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 27. júlí kl. 15.00. Við þökkum fjölskyldu og vinum fyrir hlýhug og stuðning á þessum erfiðu tímum. Sérstakar þakkir til Karitas hjúkrunarþjónustu, starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og allra þeirra sem önnuðust hana af alúð og virðingu í veikindum hennar. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, sími 543 1159.

**Sigurður Kristinn Haraldsson**
**Pétur Steinn Sigurðsson** **Jóhanna Eysteinsdóttir**
**Haraldur Kristinn Sigurðsson** **Jóhanna L. Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**

---

†



*Hjartans þakkir til allra þeirra fjölmörgu ættingja og vina sem sýnt hafa okkur einstakan hlýhug og stuðning vegna andláts okkar ástkæra*

**Óskars Stefánssonar**
Katrínarlind 5, Reykjavík.

Einnig viljum við færa starfsfólki á bráðamóttöku og gjörgæslu LHS í Fossvogi, sem og þeim sem komu að tónlistarflutningi við útförina kærar þakkir. Sérstakar þakkir fá séra Sigrún Óskarsdóttir, samstarfsmenn Óskars og yfirmenn hjá Elkem Ísland, fyrir ómetanlegan stuðning. Guð geymi ykkur.

**Ísabella Alexandra Óskarsdóttir**
**Stefán Eiríksson**
**Guðmunda Óskarsdóttir**
**Nanna Maren Stefánsdóttir**
**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**

---

†



*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýjar kveðjur vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Mögnu Gunnarsdóttur**
húsfreyju, Egilsstöðum 3.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki sjúkrahússins á Egilsstöðum fyrir góða umönnun.

**Jón Egill Sveinsson**
**Sveinn Jónsson** **Jóhanna Illugadóttir**
**Gunnar Jónsson** **Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir**
**Egill Jónsson** **Anna Guðný Eiríksdóttir**
**Þröstur Jónsson**
**Róbert Jónsson**
**Björn Jónsson** **Annamaria Cusenza**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sonja Björg Helgason,**
Bakkaseli 15, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum þriðjudaginn 13. júlí sl. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 26. júlí kl. 11.00.

**Helgi Þór Axelsson** **Guðfinna Helgadóttir**
**Erla Björk Axelsdóttir** **Guðfinnur R. Kjartansson**
**Ósk Axelsdóttir** **Sigurjón Sigurðsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

# Norðlenska hljóðvillan I

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Íslensk tunga er dýrasti arfur þjóðarinnar. Íslendingar hafa staðið sig allvel í varðveislu tungunnar, tökuorð eru færri en í flestum öðrum málum og málvillum og öðrum lýtum á hreinni og ylhýrri íslensku hefur miskunnarlaust verið sagt stríð á hendur. Þannig tókst með almennri vitundarvakningu að útrýma flámæli á sínum tíma með því að spotta það og hæða.

**NÚ ER** kominn tími til að stíga næsta skref og útrýma með sama hætti hinni hvimleiðu norðlensku hljóðvillu sem svo mjög lýtir mál margra. Norðlenska hljóðvillan einkennist af meiri fábreytni málhljóða en íslensku er sæmandi og gríðarlegri einföldun framburðarreglna. Hún er í raun aðeins aulalegur stafsetningarframburður.

**EITT** megineinkenni þessarar hljóðvillu er sú úrkynjun að nefhljóð og hliðarhljóð (l, m og n) eru borin fram rödduð á undan fráblásnum lokhljóðum í orðum eins og „stúlka“, „lampi“ og „menntun“. Þetta eru dönsk áhrif, enda dönsk menningaráhrif meira áberandi á svæðinu þar sem þessi villa hefur skotið dýpstum rótum, heldur en víðast hvar annars staðar á landinu. Dönskukennarar þreytast enda ekki á að benda nemendum sínum á að dönsk orð þar sem þessar samstöfur koma fyrir skuli ætíð bera fram með „akureyrskum“ hreim.

**Í FYRSTU** málfræðiritgerðinni, sem skrifuð var snemma á tólftu öld, er gerð úttekt á hljóðkerfi íslenskunnar. Vissulega hefur margt breyst í framburði manna síðan þá þótt tungan sé nánast hin sama, einkum ritmálið. Meðal þess sem þar kemur fram er að átta málhljóð geti verið „kveðin í nef“. Mörgum þessara nefhljóða hefur íslenskan nú glatað, þótt meginþorri þjóðarinnar hafi góðu heilli varðveitt þau betur en norðlenska hljóðvillan leyfir. Fullyrða má að fjölbreytt nefhljóð, rödduð þegar svo ber undir og órödduð á undan lokhljóðum, séu því bæði upprunalegri og íslenskari, og þar af leiðandi hljómfegurri, en hinn marflati, litlausi og hljómsnauði norðlenski framburður, sem týnt hefur órödduðu nef- og hliðarhljóðunum. Síðan er tilgerðin slík að jafnvel þeir, sem mest hreykja sér af hljóðvillu þessari og leyfa sér að kalla eðlilegan framburð „linmælgi“, gleyma að radda l í orðum eins og „piltur“, „mjaltir“ og „salt“, sem þeir ættu auðvitað að gera væru þeir sjálfum sér samkvæmir.

**Í NÆSTA** pistli mun ég fjalla áfram um norðlensku hljóðvilluna og þá stafsetningarframburð fráblásinna lokhljóða.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








Basil kórsins frá Moskvu
í Langholtskirkju
laugardaginn 24. júlí kl. 20.00 Uppselt!

Miðnæturtónleikar kl. 22:30

Miðasala á midi.is og við innganginn

BRÚÐUHEIMAR
Opið í Borgarnesi alla daga frá 10:00 til 22:00



LEIKSÝNING
á sunnudaginn kl 14:00

Leikbrúðusafn - Brúðuleikhús
Veitingar - Gjafavara
www.bruduheimar.is
Sími 530 5000

BRÚÐUHEIMAR Center for Puppetry Arts

ERTU AÐ FARA Í SUMARFRÍ?

Þú getur afpantað Fréttablaðið á meðan þú ert að heiman. Hafðu samband í grænt númer 800-1177 eða sendu póst á netfangið dreifing@posthusid.is



Allt sem þú þarft...

Pósthúsið

Pósthúsið ehf. annast dreifingu Fréttablaðsins, nánari upplýsingar á www.visir.is/dreifing




„Hollywood“

Notaðu öfluga og ókeypis leit á Vísi til að finna allt sem þú þarft að vita um stjörnurnar í Hollywood, vini þeirra, gæludýr og samkvæmislíf – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísi. Það eina sem þarf er leitarorð. **Vísir er með það.**

vísir.is
...ég sá það á Vísi

512 54 01 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

# VILTU VINNA?

## OKKUR VANTAR STARFSFÓLK Í VERSLUN OKKAR Í REYKJAVÍK



### SÖLUMAÐUR

Dugnaðarmikill einstaklingur óskast í fjölbreytt starf sem felst í ráðgjöf við val á tölvubúnaði til viðskiptavina. Góð þekking á helstu íhlutum og tölvubúnaði skilyrði.
Fullt starf og hlutastarf í verslun okkar í Reykjavík.

### ÞJÓNUSTUSTJÓRI

Öflugur tæknimaður með stjórnunarhæfileika og góða reynslu í PC og/eða fartölvu viðgerðum sem og tölvusamsetningum óskast í öflugan hóp reyndra tæknimanna Tölvuteks.
Fullt starf á þjónstudeild okkar í Reykjavík.

### SAMSETNING

Öflugur tæknimaður með góða reynslu í PC tölvusamsetningum með mikla tölvukunnáttu og áhuga á nýjungum óskast í öflugan hóp reyndra tæknimanna Tölvuteks.
Fullt starf á þjónstudeild okkar í Reykjavík.

**Sendið tölvupóst á starf@tolvutek.is með ferilskrá • Góð laun í boði og fullur trúnaður**

# TÖLVUTEK

**Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900**

Tölvutek er einn stærsti dreifingar- og söluaðili á tölvum og tölvubúnaði til einstaklinga og smærri fyrirtækja á Íslandi í dag með verslanir í Reykjavík og á Akureyri. Hjá Tölvutek starfa 40 þrautþjálfaðir starfsmenn við innflutning, heildsölu, smásölu og þjónustu. Tölvutek er vottað af Microsoft sem Certified Partner samstarfsaðili auk þess að vera umboðs- og dreifingaraðili fyrir GIGABYTE, Packard Bell, BenQ, OCZ, Mushkin, Antec, Sarotech, AG Neovo, Hanns-G, TRENDnet, LaCie, Creative Labs og Sony OptiArc.

## > SORGMÆDDUR EKKILL

Leikarinn Liam Neeson er enn þá að jafna sig á fráfalli eiginkonu sinnar, leikkonunnar Natöshu Richardson, sem lést fyrir sextán mánuðum. Hann og synir hans tveir eru snortnir af þeim fjölda skilaboða sem þeim hefur borist vegna andláts hennar. „Ef ég á að vera hreinskilinn þá tökum við einn dag fyrir í einu,“ sagði Neeson. „Ég er enn að fá yndisleg samúðarbréf frá fólki og þau snerta mig djúpt.“



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Take That allsgáð á tónleikaferð

Hinir fimm sameinuðu meðlimir strákabandsins Take That hafa ákveðið að banna áfengi á væntanlegri tónleikaferð um Evrópu á næsta ári. Svo virðist sem partístand sveitarinnar sé á enda runnið, enda hafa Robbie Williams og Mark Owen glímt við áfengisvandamál undanfarin ár. „Strákarnir ræddu saman í síðustu viku þegar þeir voru að vinna að nýju tónlistarmyndbandi. Þeir ræddu dagskrána fyrir næsta ár. Þetta er viðkvæmt málefni en hvorki hljómsveitin né aðstoðarmenn hennar fá að hafa áfengi um hönd,“ sagði heimildarmaður The Sun.

Þrátt fyrir bannið ætla þeir félagar að þjappa sér saman fyrir tónleikaferðina með því að fara í strákaferð til Los Angeles og Las Vegas. Það var Williams sem stakk upp á ferðinni, sem verður farin í næsta mánuði. „Það er auðvelt að láta lítið fyrir sér fara þar, fela sig frá sviðsljósi fjölmiðla, vinna að nýjum hugmyndum og slappa af.“



**ALLSGÁÐIR** Robbie Williams og Gary Barlow verða ódrukknir á tónleikaferðalaginu. NORDIPHOTOS/GETTY

# KK fagnar starfsafmæli í Háskólabíói

Tónlistarmaðurinn KK fagnar um þessar mundir 25 ára starfsafmæli. Af því tilefni ætlar hann að halda tónleika í Háskólabíói laugardaginn 11. september, en miðasala hófst á Midi.is í gær.

Þar ætlar KK að fara yfir ferilinn í tali og tónum og fá til sín góða gesti. Hljómsveitin verður svo undir stjórn Eyþórs Gunnarssonar.

KK sendi frá sér plötuna Lucky One árið 1991 og hefur síðan verið eitt stærsta nafnið í íslenskri tónlist. KK hefur gert átta sólóplötur, fimm plötur í samstarfi við Magnús Eiríksson, tvær plötur með hljómsveit sinni KK Band, eina jólaplötu með systur sinni Ellen Kristjánsdóttur sem og fjöldann allan af tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir, þar ber hæst tónlist hans í verkunum Þrúgur reiðinnar og Fjölskyldan.



**STARFSAFMÆLI** KK fer yfir ferilinn á tónleikum í september.

# Frelsisbarátta Tíbets á RIFF

**36 kvikmyndir hafa verið kynntar til þátttöku á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, RIFF, sem verður haldin 23. september til 3. október.**

Meðal áhugaverðra mynda á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, RIFF, í haust er bandaríska heimildarmyndin When The Dragon Swallowed The Sun. Myndin segir frá frelsisbaráttu Tíbeta á síðustu árum og varði leikstjórinn Dirk Simon sjö árum í gerð hennar. Töluverðar líkur eru á því að hann fylgi myndinni til Íslands og verði viðstaddur frumsýningu hennar.

Í myndinni koma meðal annars fram leikarinn Richard Gere, Desmond Tutu og Dalai Lama. Þá leikur tónlistin stórt hlutverk í myndinni en þeir Thom Yorke, Damien Rice og Philip Glass voru fengnir til að semja hana. Einnig hljómar eitt laga Bjarkar Guðmundsdóttur í myndinni.

Önnur áhugaverð heimildarmynd á hátíðinni er hin bandaríska Which Way Home sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta heimildarmyndin fyrr á árinu. Myndin fylgir eftir börnum sem reyna í örvæntingu sinni að komast frá hinum ýmsu löndum Suður-Ameríku, í gegnum Mexíkó og til Bandaríkjanna, í þeirri von að finna foreldra sína sem þar búa.



**HEIMILDARMYND UM TÍBET** Bandaríska heimildarmyndin When The Dragon Swallowed The Sun segir frá frelsisbaráttu Tíbeta á síðustu árum.


Atvinnuhúsnæði óskast

Ný verslunarkeðja óskar eftir 5 x 2000 m² húsnæði, víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.

Félagið er skuldlaust og greiðir leigu 12 mánuði fyrirfram, fyrir rétt húsnæði.

Áhugasamir komi upplýsingum í pósthólf hjá Fréttablaðinu, merkt “**Betri en Bónus**” og sendi á thjonusta@365.is.

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

# RISA MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI

Opið alla helgina

● TÓNLIST - DVD - BÆKUR

Vörur frá kr. 299




Þúsundir titla í boði

Nýjar vörur daglega

**OPIÐ 11 - 19** ALLA DAGA VIKUNNAR

# Gleði og hamingja í opnunarpartíi Kiosk

**Verslunin Kiosk Búðardóttir, sem rekin er af tíu ungum hönnuðum, opnaði á fimmtudaginn. Verslunin er á Laugavegi 33.**

Gleði og hamingja ríkti í opnunarteiti verslunarinnar Kiosk Búðardóttur, en verslunin er samstarfsverkefni þeirra Ásmundar Más Friðrikssonar, Eyglóar Lárusdóttur, Rebekku Jónsdóttur, Sævars Markúsar, Ýrar Þrastardóttur, Örnu Sigrúnar Haraldsdóttur, Hlínar Reykdal, Maríu Sigurðardóttur og Eddu og Sólveigar Guðmundsdætra.

Danski plötusnúðurinn Djuna Barnes þeytti skífum og af myndunum að dæma skemmtu allir sér hið besta. - sm



**FRÍÐA OG MARÍA BJÖRG** létu sig ekki vanta á opnunina.



**UNGUR TÍSKU-UNNANDI** Eva mætti ásamt eins árs gömlum syni sínum, Gísla Marinó, á opnunina.



**ÁNÆGÐIR EIGENDUR** Hönnuðirnir sem reka Kiosk Búðardóttur voru að vonum ánægðir með kvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA


## Þökkum eftirtöldum aðilum fyrir stuðninginn

**Reykjavík**
Alefli ehf byggingaverktakar
Bandalag háskólamanna
Barnaverndarstofa
Betri bílar ehf sími: 568 1411
Blikksmiðja Reykjavíkur
Brimrún ehf
Danica sjávarafurðir ehf
Eignamiðlunin Reykjavík / Mosfellsbæ
Ekran ehf
Endurvinnslan hf
Faxaflóahafnir sf
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félagsbústaðir hf
Fiskmarkaðurinn ehf
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gluggasmiðjan hf
Grásteinn ehf
Guðmundur Óli Scheving
Hárgreiðslustofa Höllu Magnúsdóttur
Heilsubrunnurinn ehf
HM Bókhald ehf
Iceland Congress
Íþróttafélagið Fylkir
Jón Ásbjörnsson hf
JP Lögmenn ehf
Knattspyrnusamband Íslands
KOM almannatengsl
Lagnalagerinn ehf
Lausn hugbúnaður, hýsing og ráðgjöf ehf
Löndun ehf
Nexus afþreying ehf
Rarik ohf
Reykjavíkurborg
Seljakirkja
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu
Sjálfstæðisflokkurinn
Sjúkraþjálfun Íslands ehf
T. ark Teiknistofan ehf
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur
Tannréttingar sf
Tollstjóraembættið
TREX - Hópferðamiðstöðin
Túnverk ehf
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins
Útflutningsráð Íslands
V.R.
Verkfærasalan ehf
Verslunin Fríða frænka
Við og Við sf
Vífilfell hf
VSÓ Ráðgjöf ehf
Wilson's Pizza
World Class
Þórtak ehf

**Kjalarnes**
Matfugl ehf

**Seltjarnarnes**
About Fish Íslandi ehf
H.Ó. & B. sf

**Vogar**
V.P.vélaverkstæði ehf

**Kópavogur**
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf
Bílaþvottastöðin Löður ehf
Breiðablik, ungmennafélag
Debenhams á Íslandi ehf
Fagsmíði ehf
Gæðaflutningar ehf
Hvellur - G. Tómasson ehf
Jökulfell ehf
Kjötpól ehf
Kópavogsbær
Kríunes ehf
Nýmót ehf
Rafmiðlun hf
Suðurverk hf
Söluturninn Smári

**Garðabær**
Garðabær
Garðafell ehf
H.Filipsson sf
Nostra Ræstingar ehf
Smíðaverk ehf
Sportís ehf
Wurth á Íslandi ehf

112
Akureyri
dk hugbúnaður
Nói Síríus
Sólsteinar
Ísafjarðarbær
Vestmannaeyjabær
Apótek Vesturlands
Skógarinn í Kringlunni
DS Lausnir
Ölgerðin
PricewaterhouseCoopers
Arion banki
Gólf 617 8830
Lýðheilsustöð

**Hafnarfjörður**
Fjörukráin - Hótel Víking
J.K. Lagnir ehf
RST Net ehf
Sign ehf., skartgripaverkstæði
Skógræktarfélag Hafnarfjarðar
Sólark-Arkitektar ehf sími: 861 2707
Sónar ehf
Tölvustoð ehf
Verkalýðsfélagið Hlíf

**Reykjanesbær**
A. Óskarsson ehf
ÁÁ verktakar ehf, sími : 421 6530; 898 2210
HS Orka hf
Toyota, Reykjanesbæ

**Grindavík**
Einhamar Seafood ehf
Grindvíkurbær
Marver ehf
Sílfell ehf
Þorbjörn hf

**Mosfellsbær**
Elektrus ehf - löggiltir rafverktakar ehf
Gylfi Guðjónsson, ökukennari, sími 6960042
Ingimundur Magnússon ehf
Kjósarhreppur www.kjos.is
Rögn ehf
Seljabrekka ehf

**Akranes**
Glitmálun ehf
Íþróttabandalag Akraness
Runólfur Hallfreðsson ehf

**Borgarnes**
Ferðaþjónustan Húsafelli ehf
Félagsbúið Mófellsstöðum sf
Vegamót, þjónustumiðstöð

**Grundarfjörður**
Fjölbrautaskóli Snæfellinga

**Ólafsvík**
Þrif og þjónusta ehf

**Bolungarvík**
Endurskoðun Vestfjarða ehf

**Tálknafjörður**
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf

**Hvammstangi**
Villi Valli ehf

**Blönduós**
Hársnyrtistofan Flix ehf
Samband austur-húnvetnska kvenna

**Sauðárkrókur**
Aldan - stéttarfélag
Félagsheimilið Ljósheimar
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki
Kaupfélag Skagfirðinga
Skinnastöðin hf
Sveitarfélagið Skagafjörður - Ráðhús

**Hofsós**
Íslenska fánasaumastofan ehf

**Akureyri**
Blikkrás ehf
Gróðrarstöðin Réttarhóll sími: 462 1660
Gúmmívinnslan
Ísgát ehf
Líkamsræktin Bjarg ehf
Lostæti ehf
Pólarhestar ehf
Raftákn ehf
Sjúkrahúsið á Akureyri
Túnþökusala Kristins ehf

**Grímsey**
Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf

**Ólafsfjörður**
Árni Helgason ehf
Sjómannafélag Ólafsfjarðar

**Hrísey**
Norðurskel ehf

**Mývatn**
Hlíð ferðaþjónusta ehf Hraunbrú
Jarðböðin við Mývatn

**Egilsstaðir**
Skógar ehf

**Seyðisfjörður**
Seyðisfjarðarkaupstaður

**Reyðarfjörður**
Fjarðabyggð

**Eskifjörður**
Eskja hf
Breiðdalsvík
Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra

**Selfoss**
Árvirkinn ehf
Hveratún ehf
Rafhönnun og ráðgjöf ehf
Set ehf, röraverksmiðja
Stokkar og steinar sf
Veitingastaðurinn Menam

**Hveragerði**
Eldhestar ehf

**Þorlákshöfn**
Frostfiskur ehf
Grunnskólinn í Þorlákshöfn
Sveitarfélagið Ölfus

**Hella**
Hótel Rangá, við Hellu
Rangárþing - Ytra

**Hvolsvöllur**
Krappi ehf, byggingaverktakar
Kvenfélagið Bergþóra

**Vestmannaeyjar**
Eyjavík ehf
Guðmunda ehf
Ísfélag Vestmannaeyja hf

www.forvarnir.is





**GÓÐIR GESTIR** Arnar og Sæmundur voru á meðal gesta og skemmtu sér vel.



**ANNA JÓNA OG KRISTÍN ÝR** Komu til að líta herlegheitin augum.



**JADEN SMITH** Gerði grín að eyrum föður síns, Will Smith, á blaðamannafundi í Ósló á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Gerir grín að pabba

Jaden Smith, sonur Hollywood-leikarans Will Smith, vakti mikla athygli á blaðamannafundi í Ósló á dögunum en þar er fjölskyldan stödd til að kynna nýjustu mynd táningsins og Jackie Chan, Karate Kid. Jaden, sem er 12 ára gamall, var öryggið uppmálað þegar hann mætti pressunni enda orðin fjölmiðlavanur þrátt fyrir ungan aldur.

Gerði hann meðal annars óspart grín að eyrum föður síns, sem var einnig viðstaddur fundinn, og sagði þau í fjölskyldunni hafa gengið í gegnum ýmislegt við að reyna að fela óvenjulega stór eyru leikarans Will Smith.

Smith-fjölskyldan er öll stödd í höfuðborg Noregs ásamt leikaranum Jackie Chan til að kynna myndina og vera viðstödd sérstaka frumsýningu. Will mun vera svo hrifinn af landi og þjóð að hann lagði fram þá tillögu að landið yrði kallað Nor-Will við mikið fögnuð norsku pressunnar.

Myndin Karate Kid er frumsýnd hér á landi í næstu viku.

# Leynilegt brúðkaup

Leikarinn og hjartaknúsarinn Orlando Bloom hefur nú gengið að eiga unnustu sína, undirfatafyrirsætuna Miröndu Kerr, í leynilegri athöfn í Los Angelses fyrir stuttu. Athöfnin var látlaus en parið vildi ekki hafa brúðkaupið opinbert og sluppu þannig við ágenga fjölmiðla. Bara nánustu vinum og fjölskyldu var boðið. Bloom og Kerr eru nú í brúðkaupsreisu og eru að sögn vina yfir sig hamingjusöm með ráðahaginn.

Parið hefur verið saman síðan árið 2007 en ekki er meira en mánuður síðan Bloom kastaði sér á skeljarnar.



**HJÓN** Leikarinn Orlando Bloom og fyrirsætan Miranda Kerr eru gengin í hnapphelduna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


# Vinnum af ábyrgð gegn áfengisneyslu barna og ungmenna

Rannsóknir sýna að tengsl eru á milli ýmissa neikvæðra hliða áfengis- og vímuefnaneyslu og þess að hefja neyslu áfengis á unga aldri.

Áfengisneysla eykst verulega frá vori síðasta bekkjar í grunnskóla og fram á haust fyrsta bekkjar í framhaldsskóla.

(Samkvæmt rannsóknum Rannsókna og greininga þá höfðu 19,9% nemenda í 10. bekk orðið drukkin síðustu 30 daga vorið 2007. Um haustið sama ár var hlutfallið komið í 47,7% hjá sama árgangi!)

# Tökum höndum saman

- Kaupum ekki áfengi fyrir börn og ungmenni.
- Styðjum börn og ungmenni til þroskandi og uppbyggilegra viðfangsefna.
- Verjum tíma með börnum okkar.
- Verum góðar fyrirmyndir.

Bestu óskir um gleðilega Verslunarmannahelgi.



FRÆ
FRÆÐSLA OG FORVARNIR
Brautarholt 4a 105 Reykjavík S. 511 1588 frae@forvarnir.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KARATE KID FORSÝNING | kl. 1 (laugardag) 8 (sunnudag) | L |
| BABIES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| BABIES LÚXUS | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 (lau) / kl. 10.45 (S) | 16 |
| PREDATORS LÚXUS | kl. 8 - 10.20 / kl. 8 - 10.45 (sun) | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 1 (950kr.) - 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 1 (650kr.) - 3.30 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 3.40 - 5.50 (L) / 1 (950kr.) (S) | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 1 (650kr.) - 5.45 - 8 - 10.20 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BABIES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| PREDATORS | kl. 3.20 (lau) - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| KILLERS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.20 (650kr.) - 5.45 | L |
| THE A TEAM | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| KARATE KID FORSÝNING | 3 Aðeins sunnudag | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KARATE KID FORSÝNING | 8 (lau.) / 3.30 - 8 (sunnudag) | L |
| PREDATORS | kl. 6- 10.30 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 4 (lau.) - 8 - 10 | 12 |
| KILLERS | kl. 4 - 6 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | 8 - FORSÝNING | L |
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 2(900 kr), 4, 6 og 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 2(900 kr), 4 og 6 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 2(600 kr) og 4 | L |
| PREDATORS | 8 og 10.40 - POWER | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50 og 10.10 | 12 |
| THE A - TEAM | 10.10 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| SHREK-3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ensku Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 8 - 10 | L |
| BOÐBERI | kl. 10:30 - 6 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 - 5:50 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER - 3D M/ ensku Tali | kl. 8 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 3:20 - 5:40 - 8 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - ísl tal | kl. 6 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| GROWN UPS | kl. 10:10 | L |


## VANDRÆÐAGEMLINGAR Í HOLLYWOOD

Margar Hollywood-stjörnur hafa átt erfitt uppdráttar um skeið eftir að hafa hagað sér illa en flestar hafa þær snúið aftur eins og ekkert hafi í skorist.




# ÍMYND GIBSONS Í RÚST

**Ímynd leikarans Mels Gibson hefur beðið mikinn hnekki eftir að upp komst um hótanir hans í garð fyrrverandi kærustu sinnar Oksönu Grigorievu.**

**BÍÓBRANSINN**

Á Mel Gibson afturkvæmt í Hollywod?

Mel Gibson hefur lengi verið hátt skrifaður í Hollywood. Stórmynd hans, Braveheart, hlaut fjölda Óskarsverðlauna og áhorfendur flykktust á Leathal Weapon-myndirnar hans og The Passion of the Christ. En núna er ferill hans í bráðri hættu. Upptökur sem eru taldar vera af Gibson að hóta Grigorievu í gegnum síma og kalla hana öllum illum nöfnum birtust á dögunum, þar sem kynþáttahatur kom við sögu. Einnig virtist Gibson viðurkenna að hafa lamið hana.

Leikarinn hefur látið lítið fyrir sér fara síðan upptökurnar voru birtar. Hann hefur ekkert viljað tjá sig um ásakanirnar og aðstoðarmenn hans vilja meina að upptökurnar séu falsaðar. Lögreglan rannsakar nú hvort Gibson hafi lamið Grigorievu en einnig hvort hún hafi reynt að kúga fé út úr honum. Reynist hið síðarnefnda rétt gæti staða mála breyst töluvert honum í hag.

„Ég held að áhorfendur eigi eftir að fyrirgefa honum á endanum," segir leikstjórinn Oliver Stone. „Ef hann myndi leika hatursfullan náunga eða illmenni myndi fólk telja hann trúverðugan. Ef þú finnur einhverja leið til að leika þér að ímyndinni og gera grín að sjálfum þér geturðu fengið almenning aftur í lið með þér."

Henry Fitzherbert, kvikmyndagagnrýnandi The Daily Express, segir í viðtali við BBC að leikarinn hafi gengið of langt. „Ég held að hann sé nánast búinn að vera sem leikari, ekki nema ferill hans verði lagfærður á einhvern ótrúlegan hátt." Andrew Wallenstein hjá kvikmyndablaðinu Hollywood Reporter er á öndverðum meiði og segir að ferill hans sé langt frá því að vera búinn. „Eins slæmt og útlitið er núna fyrir Gibson þá mun hegðun hans á endanum verða flokkuð með mörgum mistökum bandarískra stjarna um árin."

Mikið er til í þessu því fjöldi stjarna hefur snúið aftur sterkari til leiks eftir að hafa orðið sér til skammar á einn eða annan hátt. Má þar nefna Christian Bale sem jós fúkyrðum yfir kvikmyndatökumann myndarinnar Terminator Salvation og Alec Baldwin sem kallaði ellefu ára dóttur sína heimskt, lítið svín. Þremur árum síðar var hann ráðinn sem annar af kynnum Óskarsverðlaunanna. Stórundarleg hegðun Toms Cruise í viðtali hjá Opruh Winfrey þar sem hann hoppaði í sófanum hennar eins og apaköttur þótti einnig skaða feril hans mjög. Hann sneri þó sterkur til baka.

Linda Bell Blue, framleiðandi þáttanna Entertainment Tonight og The Insider, er samt ekki viss um að Gibson geti lagað ímynd sína. „Ég held að eina leiðin fyrir hann sé að biðjast innilega afsökunar fyrir framan almenning í von um að honum verði fyrirgefið og áhorfendur mæti aftur á myndirnar hans. Og ef áhorfendurnir mæta þá fyrirgefur Hollywood honum."

Það sem vinnur gegn Gibson er aftur á móti sú staðreynd að aðeins fjögur ár eru liðin síðan hann hellti sér yfir lögregluþjón sem handtók hann fyrir ölvunarakstur. Þá kom kynþáttahatur einnig við sögu en lögregluþjónninn var gyðingur. Gibson baðst afsökunar á hegðun sinni og sagðist vera hættur að drekka. Frægir vinir hans í Hollywood komu honum þá til aðstoðar en núna heyrist ekki múkk í neinum. Svo virðist sem menn bíði nú eftir næsta skrefi Gibsons í málinu.

freyr@frettabladid.is










# SKEMMTILEGASTA TÓNLISTIN Í FERÐALAGIÐ!




Mannakorn
- Gamli góði vinur
42 bestu lög Mannakorna frá 35 ára ferli




Hvanndalsbræður
– Hvanndalsbræður
Hvanndalsbræður hafa slegið í
gegn með þessari plötu




Helgi Björns og reiðmenn vindanna
– Þú komst í hlaðið
Vinsælasta plata landsins um þessar mundir




100 íslensk lög í fríið
Eitthvað fyrir alla fjölskylduna á sex geislaplötum




Laddi
- Bland í poka
Fyrsta plata vinsælasta skemmtikrafts
Íslands í 20 ár. DVD fylgir




Gunni og Felix
- Ligga ligga lá
Gunni og Felix syngja öll helstu
barnalög Ómars Ragnarssonar




Eurovision Song Contest 2010
Öll lögin úr keppninni




Meira veistu hver ég var
Annar frábær skammtur frá Sigga Hlö
á þremur geislaplötum




Ljótu hálfvitarnir
– Ljótu hálfvitarnir
Þriðja plata Ljótu hálfvitanna er bráðskemmtileg

Gildir til 30. júlí eða á meðan byrgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir leiðir enn kvennaflokkinn á Íslandsmótinu í golfi:

# Veruleg vonbrigði Valdísar

**GOLF** Það var þungt hljóð í ríkjandi Íslandsmeistara eftir annan hringinn í Kiðjabergi í gær. Valdís Þóra Jónsdóttir spilaði hringinn á 83 höggum, tólf yfir pari vallarins.

„Það gengur bara ekki neitt upp hjá mér,“ segir Valdís, sem fékk meðal annars tvo tvöfalda skolla. Hún er samtals á átján höggum yfir pari.

**Staðan í kvennaflokki:**

| Kylfingur (Klúbbur) | Staða |
|---|---|
| 1. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir (GR) | +10 |
| 2. Berglind Björnsdóttir (GR) | +13 |
| 3. Nína Björk Geirsdóttir (GKJ) | +14 |
| 4. Signý Arnórsdóttir (GK) | +16 |
| 5. Tinna Jóhannsdóttir (GK) | +16 |
| 6. Hildur Kristín Þorvarðardóttir (GR) | +16 |
| 7. Valdís Þóra Jónsdóttir (GL) | +18 |
| 8. Þórdís Geirsdóttir (GK) | +20 |
| 9. Eygló Myrra Óskarsdóttir (GO) | +21 |
| 10. Helena Árnadóttir (GR) | +22 |

„Ég var að slá virkilega illa en ef ég á að taka eitthvað eitt út þá eru það púttin. Það duttu einfaldlega engin pútt hjá mér,“ segir Valdís sem vissi ekkert af hverju svona illa gengi. Hún játar því að það sé líklega það versta, að vita ekki hvað væri að.

Hún viðurkennir einnig að aðstæður, sem voru virkilega erfiðar í gær, hafi ekki hjálpað til. „En það þýðir ekkert að skýla sér á bak við það,“ segir Valdís sem er átta höggum á eftir Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur.

„Þetta er ekkert búið og það getur allt gerst. Ég verð að fara að setja einhver pútt í en ég ætla bara að keyra þetta í gang,“ sagði Valdís ákveðin.

Ólafía er með sömu forystu og eftir fyrsta daginn, þrjú högg. Hún endaði hringinn á sínum eina fugli í gær og er tíu höggum yfir pari eftir 36 holur. Berglind Björnsdóttir úr GR er áfram í öðru sætinu en hún lék eins og Ólafía á átta höggum yfir pari í gær.

Nína Björk Geirsdóttir lék best í rokinu í gær, á sex höggum yfir pari. Hún er þar með komin upp í þriðja sætið. - hþh



**ÓSÁTT** Valdís Þóra ásamt Arnari bróður sínum sem var henni til halds og trausts í gær. MYND/VALUR JÓNATANSSON

# Góðir og villtir aðskildir

**Birgir Leifur Hafþórsson er með tveggja högga forystu á Íslandsmótinu í golfi. Veðrið setti mismikið strik í reikninginn hjá kylfingum en aðeins einn lék undir pari í gær. Högg dagsins átti heimamaður sem setti í holu af 110 metra færi.**

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson leiðir enn á Íslandsmótinu í golfi sem fer fram á Kiðjabergsvelli um helgina. Hann lék á einu höggi yfir pari í gær en er með tveggja högga forystu á Heiðar Davíð Bragason og Sigmund Einar Másson sem eru á pari vallarins. Eftir gærdaginn var keppendum fækkað, 72 komust áfram.

Sigurpáll Geir Sveinsson er skammt frá efstu mönnum, hann er samtals á fjórum yfir pari.

„Ég byrjaði vel, var öruggur í púttunum og þetta rúllaði með mér. Svo fékk ég tvo skolla á fyrri níu eftir að hafa verið þrjá undir eftir fjórar holur. Svo snerist vindurinn, það var eins og það væri hliðarvindur í öllum höggunum hjá mér og þá missti ég sjálfstraustið fyrir þessu,“ segir Sigurpáll.

„Ég gaf óþarflega mikið eftir og það var algjör óþarfi að fá sex skolla á seinni níu, ég var ekki að spila svo illa. Ég var aldrei í teljandi vandræðum eða að fá á mig víti. Ég var bara að vippa illa og pútta of stutt,“ segir Sigurpáll sem hefur ekki æft mikið í sumar.

„Ég er bara brattur fyrir framhaldinu, ég get ekki annað en verið sáttur með stöðuna. Það er frábært að fá smá vætu í völlinn til að geta slegið betur inn á flatirnar. En auðvitað vill maður alltaf gera betur,“ segir Sigurpáll sem er ánægður með völlinn.

„Hann er bara þannig að ef þú slærð slæmt högg refsar hann strax. Völlurinn skilur þá góðu frá hinum villtu,“ segir Sigurpáll.

Veðrið í gær lék nokkra kylfinga grátt en Sigurpáll kvartar ekki. „Það var allt í lagi með veðrið miðað við spána. Það var reyndar stífur vindur og frekar leiðinlegur hliðarvindur. En þetta var miklu betra en menn þorðu að vona,“ segir kylfingurinn en veðurspáin fyrir daginn í dag er betri.

Högg dagsins í gær átti heimamaðurinn Haraldur Franklín þegar hann fékk örn á fjórðu holu. Hann var um 110 metra frá holu eftir gott upphafshögg og að holunni var allt upp á móti. Hann notaði 52° fleygjárn og boltinn lenti um sjö metra frá holunni og rúllaði beint ofan í.

Annar heimamaður gerði það gott á fyrsta hringnum, það var Hjalti Atlason sem púttaði aðeins nítján sinnum á flötunum átján. Hann vippaði tvisvar sinnum í holuna og kom sér í góðar stöður. Hann spilaði þann hring á einu höggi yfir pari. hjalti@frettabladid.is



**REGNHLÍFIN UPPI** Sigurpáll við öllu búinn í gær. MYND/VALUR JÓNATANSSON

**Staðan í karlaflokki:**

| Kylfingur (Klúbbur) | Staða |
|---|---|
| 1. Birgir Leifur Hafþórsson (GKG) | -2 |
| 2. Heiðar Davíð Bragason (GHD) | 0 |
| 3. Sigmundur Einar Másson (GKG) | 0 |
| 4. Guðmundur Ágúst Kristjánsson (GR) | +1 |
| 5. Sigurpáll Geir Sveinsson (GK) | +2 |
| 6. Hlynur Geir Hjartarson (GK) | +2 |
| 7. Stefán Már Stefánsson (GR) | +3 |
| 8. Þórður Rafn Gissurarson (GR) | +4 |


NÆSTU LEIKIR
VISA BIKARINN
2010



Undanúrslit

konur

Laugardaginn 24. júlí

Kl. 14:00 ÍBV - Stjarnan Hásteinsvöllur

Kl. 14:00 Valur - Þór/KA Vodafonevöllur

karlar

Miðvikudaginn 28. júlí

Kl. 19:15 FH - Víkingur Ó Kaplakrikavöllur

Fimmtudaginn 29. júlí

Kl. 20:00 KR - Fram KR-völlur

VISA VALITOR
Stuðningsaðilar íslenska boltans



Leikur ársins!

PEPSI DEILDIN

FH-HAUKAR

í Kaplakrika sunnudaginn 25. júlí
klukkan 20.00




actavis Íslandsmeistarar FH



pepsi deildin

Sunnudaginn 25.júlí

ÍBV - Valur kl. 16:00
Hásteinsvöllur

Selfoss – KR kl. 19:15
Selfossvöllur

Stjarnan – Fylkir kl. 19:15
Stjörnuvöllur

Fram– Breiðablik kl. 19:15
Laugardalsvöllur

FH – Haukar kl. 19:15
Kaplakrikasvöllur

Mánudaginn 26.júlí

Keflavík - Grindavík kl. 19:15
Sparisjóðsv. Keflavík



12.990
(fullt verð 15.990)

**McKINLEY FLOCCUS JACKET**
Útivistarjakki með 5.000 mm vatnsheldni og límdum saumum. Litir: Svartur, hvítur, rauður. Dömustærðir.





6.990
(fullt verð 8.990)

**McKINLEY OMEGA PANT**
Útivistarbuxur með 5.000 mm vatnsheldni. Dömu- og herrastærðir.



9.990
(fullt verð 11.990)

**McKINLEY GENIUS RAINSET**
Regnsett, jakki og buxur með 2.000 mm vatnsheldni. Litir: Rautt, blátt, svart. Dömu- og herrastærðir.

# SUMAR Í INTERSPORT

## ALLT FYRIR ÚTIVISTINA OG ÚTILEGUNA



**McKINLEY / ALPHA 4**
**Innra tjald:** Polyester. **Gólf:** PolyEuretan. **Vatnsheldni:** Ytra tjald 3.000 mm, vatnsþétt gólf. **Saumar:** Límdir aðalsaumar. **Stangir:** 3 stk., 9,5-11 mm glasfiber. **Hæð:** 180 cm.




McKINLEY
4 MANNA TJALD
39.990
(fullt verð 44.990)



13.490
(fullt verð 15.990)

**McKINLEY BORA 45**
Tvískiptur 45 lítra bakpoki. Breið mittisól fyrir góðan stuðning við mjóbakið.



29.990

**SALOMON EXIT PEAK MID GTX**
Gönguskór með Gore-Tex vatnsvörn og dempun í sóla. Dömu- og herrastærðir.



8.990
(fullt verð 10.990)

**McKINLEY DISCOVERY TELESCOPIC**
Stillanlegir göngustafir.




5.990

**MCKINLEY NEW CLIMAT TEC**
Nærfatasett, bolur og síðar nærbuxur í brúsa. Dömu-, herra- og barnastærðir.



SVEFNPOKI
10.990

DÝNA
7.490

TILBOÐ
SVEFNPOKI OG DÝNA
14.990
(fullt verð 18.480)

| Þægilegt | Þægindamörk | Jaðarmörk |
|---|---|---|
| +9°C | +6°C | -9°C |

**McKINLEY DALTON TREK**
**Þyngd:** 1500 g. **Fylling:** 580 g. Tecloft. **Ytra byrði:** Polyester. **Stærð:** 225 x 85 cm.

**McKINLEY TREKKER M 25**
Dýna. Lengd: 183 cm. Breidd: 51 cm. Þykkt: 2,5 cm. Þyngd: 860 g.

INTERSPORT

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI SÍMI 856 4610** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 22. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

## > Leonardo DiCaprio

„Að vera uppnefndur hasarkroppur fer í taugarnar á mér. Ég fæ klígju af því.“ Leonardo DiCaprio hefur verið orðaður við mörg súpermódel í gegnum tíðina.

***Hann verður á dagskrá Stöð2 Bíó kl. 20.00 í kvöld í myndinni Man in the Iron Mask.***



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.15

### Lie to Me

Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra með ótrúlega nákvæmum vísindum sem snúa að mannlegri hegðun. Með sálfræði, atferlisfræði og einstökum hæfileikum í að greina í andlitsdrætti skjólstæðinga hvort þeir segi sannleikann eða séu að ljúga, leysir The Lightman Group.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Tudors
### Stöð 2 kl. 22.00

Þriðja þáttaröðin sem segir áhrifamikla og spennandi sögu einhvers alræmdasta og nafntogaðasta konungs sögunnar, Hinriks áttunda. Þótt Hinrik sé hvað kunnastur fyrir baráttu sína við kaþólsku kirkjuna þá er hans ekki síður minnst fyrir kvennamálin.



### SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Húrra fyrir Kela, Kóalabræður, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Disneystundin, Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir, Finnbogi og Felix, Galdrakrakkar
**10.15 Popppunktur** (Skriðjöklar - Gildran) (e)
**11.10 Hlé**
**12.30 Demantamót í frjálsum íþróttum** (e)
**14.30 Landsmót í golfi** (2:2) Bein útsending frá Íslandsmótinu í höggleik sem haldið er á Kiðjabergsvelli.
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Út og suður** (10:15) (Gunnar Þórðarson í Stóragerði) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Fagur fiskur í sjó** (2:8) (Sætasti karfinn í bænum) Þáttaröð um fiskmeti og matreiðslu á því.
**20.05 Hvaleyjar** (3:12) (Hvaler)
**21.00 Sunnudagsbíó – Samræður við guð** (Conversations with God) Bandarísk bíómynd frá 2006 byggð á sannri sögu Neales Donalds Walsch sem var heimilislaus en varð spámaður í andlegum málum og metsöluhöfundur.
**22.50 Allir litir hafsins eru kaldir** (2:3) (e)
**23.40 Hróarskelduhátíðin** (Roskilde) Dönsk heimildarmynd um Hróarskelduhátíðina, eina fjölmennustu tónlistarhátíð sem haldin er í Evrópu árlega. Höfundur myndarinnar er Ulrik Wivel. (e)
**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BBC entertainment

**10.15** Dancing with the Stars **11.15** Dancing with the Stars **12.15** My Hero **12.45** My Hero **13.15** My Hero **13.45** My Family **14.15** My Family **14.45** The Weakest Link **15.30** Robin Hood **16.15** Robin Hood **17.00** Dancing with the Stars **18.20** Tess of the D'Urbervilles **19.15** Dancing with the Stars **19.55** Doctor Who **20.40** Doctor Who **21.25** Doctor Who **22.10** Whose Line Is It Anyway? **22.40** Whose Line Is It Anyway? **23.10** Whose Line Is It Anyway? **23.40** Mistresses

### STÖÐ 2

**07.00 Stóra teiknimyndastundin**
**07.25 Lalli**
**07.35 Harry og Toto**
**07.45 Hvellur keppnisbíll**
**08.00 Algjör Sveppi** Algjör Sveppi, Gulla og grænjaxlarnir, Brunabílarnir, Könnuðurinn Dóra.
**09.05 Ofurhundurinn Krypto**
**09.30 Tommi og Jenni**
**09.55 Ógurlegur kappakstur**
**10.15 Histeria!**
**10.40 Grettir: bíómyndin**
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 America's Got Talent** (8:26)
**14.35 Mercy** (13:22)
**15.20 Gossip Girl** (17:22)
**16.05 The Big Bang Theory** (14:23)
**16.30 Modern Family** (7:24)
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.10 Frasier** (3:24)
**19.35 Ramsay's Kitchen Nightmares** (3:4) Gordon Ramsay heimsækir nú veitingahúsin sem hann hefur hjálpað til við að breyta og byggja upp í gegnum tíðina.
**20.25 Monk** (5:16)
**21.15 Lie to Me** (7:22)
**22.00 The Tudors** (2:8)
**22.50 60 mínútur**
**23.35 Torchwood** (4:13)
**00.25 It's Always Sunny In Philadelphia** (14:15)
**00.45 Lucky Number Slevin** Hörkuspennandi grínspennumynd með stórleikurunum Josh Harnett, Bruce Willis og Lucy Liu.
**02.30 Dead Fish** Bráðfjörug og gráglettin gamanmynd um óvæginn leigumorðingja sem kemur fagurri stúlku til aðstoðar.
**04.05 Monk** (5:16)
**04.50 Lie to Me** (7:22)
**05.35 Fréttir** Fréttir Stöðvar 2 (e)

### SPORT *besta sætið*

**10.20 Þýskaland** Útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Þýskalandi.
**11.30 Þýskaland** Útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Þýskalandi.
**14.15 F1: Við endamarkið** Keppni helgarinnar í Formúlu 1 kappakstrinum krufin til mergjar.
**14.45 RBC Canadian Open** Útsending frá RBC Canadian Open mótinu í golfi.
**17.25 Sumarmótin 2010**
**18.15 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational-mótinu í golfi sem haldið var í Vestmannaeyjum annað árið í röð.
**19.00 Herminator Invitational**
**19.45 Pepsí deildin 2010** Bein útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
**22.00 RBC Canadian Open** Útsending frá RBC Canadian Open mótinu í golfi en til leiks voru mættir nokkrir af snjöllustu kylfingum heims.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**11.30 Premier League World 2010/2011**
**12.00 Kaiserslautern - Liverpool**
**13.45 New York Football Challenge 20** Man. City - Sporting Lissabon
**15.30 Football Rivalries** (Barcelona - Real Madrid)
**16.25 Football Legends** (Ronaldo)
**16.55 New York Football Challenge 20** Bein útsending frá New York Challenge-mótinu þar sem mætast Tottenham og Sporting Lissabon.
**19.20 New York Football Challenge 2** Bein útsending frá New York Challenge-mótinu þar sem mætast New York Red Bulls og Man. City.
**21.30 New York Football Challenge 20**
Tottenham - Sporting Lissabon
**23.15 New York Football Challenge 20**
New York Red Bulls - Man. City

### EXTRA

**16.45 Bold and the Beautiful**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.25 Bold and the Beautiful**
**17.50 Bold and the Beautiful**
**18.10 Bold and the Beautiful**
**18.30 Amazing Race** (2:11) Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.45 Ramsay's Kitchen Nightmares** (2:4) Gordon Ramsay heimsækir nú veitingahúsin sem hann hefur hjálpað til við að breyta og byggja upp í gegnum tíðina og athugar hvort reksturinn er enn í góðum höndum og eins vel rekinn og þegar hann skildi við hann.
**20.35 America's Got Talent** (8:26) Fjórða þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims.
**21.20 Torchwood** (4:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa.
**22.15 ET Weekend**
**23.10 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnur eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**23.40 Fréttir Stöðvar 2**
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### ÍNN

**18.30 Mótoring**
**19.00 Alkemistinn**
**19.30 Eru þeir að fá'nn?**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Eitt fjall á viku**
**21.30 Birkir Jón**
**22.00 Hrafnaþing**
**23.00 Golf fyrir alla**
**23.30 Eldhús meistaranna**

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**11.20 Rachael Ray** (e)
**12.05 Rachael Ray** (e)
**12.45 Dr. Phil** (e)
**13.25 Dr. Phil** (e)
**14.05 Bass Fishing** (7:8)
**14.50 Top Chef** (8:17) (e)
**15.35 Eureka** (10:18) (e)
**16.25 Survivor** (9:16) (e)
**17.15 Sumarhvellurinn** (6:9) (e)
**17.40 Biggest Loser** (13:18) (e)
**19.05 Girlfriends** (17:22) Skemmtilegur gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu. Háðfuglinn Kelsey Grammer er aðalframleiðandi þáttanna.
**19.25 Parks & Recreation** (12:24) (e)
**19.55 America's Funniest Home Videos** (50:50) (e)
**20.15 Psych** (15:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.
**21.00 Law & Order: UK** (12:13) Bresk sakamálasería um lögreglumenn og saksóknara í London sem eltast við harðsvíraða glæpamenn.
**21.50 The Cleaner** (6:13) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki. Þættirnir eru byggðir á sannri sögu fyrrum dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr viðjum vanans.
**22.35 Flashpoint** (13:18) (e) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest. Sérsveitin er kölluð út vegna uppþots í fangelsi en grunar að það sé bara verið að dreifa athyglinni frá flóttatilraun.
**23.25 Life** (14:21) (e)
**00.15 Last Comic Standing** (5:11) (e)
**00.55 Óstöðvandi tónlist**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### BÍÓ

**08.10 Roxanne**
**10.00 High School Musical 3: Senior Year**
**12.00 Garfield Gets Real**
**14.00 Roxanne**
**16.00 High School Musical 3: Senior Year**
**18.00 Garfield Gets Real**
**20.00 Man in the Iron Mask**
**22.10 The Great Raid**
**00.20 The Squid and the Whale**
**02.00 Next**
**04.00 The Great Raid**

### DR 1

**10.00** Postkort fra Sydamerika **10.10** Boxen **10.25** For fuld udblæsning **11.25** Duehøg **11.45** DR1 Dokumentaren **12.45** Inspector Morse **14.30** Sommersang i Mariehaven **15.30** Sigurds Bjørnetime **16.00** Søren Ryge præsenterer **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Min italienske drøm **18.00** Kongemordet **19.00** TV Avisen **19.15** Aftentour 2010 **19.40** SportNyt med superliga **20.05** Taggart **21.15** Eureka **22.00** Sigøjnerbander - Ross Kemp **22.45** På farten i Indien

### NRK 1

**10.35** Änglagård - sommaren etter **12.50** Med lisens til å sende **13.50** 4-4-2 **16.00** Dyreklinikken **16.30** Åpen himmel **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.45** Norsk attraksjon **18.15** Naturens undere **19.05** Millionær i forkledning **19.55** Poirot **20.45** Hemmelige svenske rom **21.00** Kveldsnytt **21.20** Blackjack **22.50** Luftambulansen **23.20** Armstrong og Miller **23.50** Blues jukeboks

### SVT 1

**10.30** Golf: Scandinavian Masters **14.30** Rådjurskidet vid havet **14.55** Sommarkväll med Anne Lundberg **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Minnenas television **17.30** Rapport **18.00** Cleo **18.30** Sportspegeln **19.00** The Tudors **19.55** Hej litteraturen! **20.25** Välkomna nästan allihopa **20.55** Golf: Scandinavian Masters **21.40** Livvakterna **22.40** Mördare okänd





Gerber og Nestlé barnamatur kynna með stolti

"Ef þú elskar börn
þá muntu elska Babies."
- A.O. Scott, The New York Times

Allir elska börnin
BABIES

Gerber
Því lengi býr að fyrstu gerð

Nestlé
Fjölbreytt og gott
veganesti fyrir lífið

Frumsýnd í Smárabíói og Háskólabíói 21. júlí

græna ljósið



# VIÐ EIGUM ÖLL SAMLEIÐ!




## VERNDUN LÍFRÍKIS SJÁVAR ER EITT AF BRÝNUSTU VERKEFNUM SAMTÍMANS

Við Ísland lifa óvenju margar tegundir hvala eða um **20** af alls um **80** þekktum hvalategundum á jörðinni.

Hvalaskoðun er hagkvæmasta og mannúðlegasta nýting hvalastofna við Ísland.

Átta hvalaskoðunarfyrirtæki eru starfandi á Íslandi.

IFAW.org INTERNATIONAL FUND FOR ANIMAL WELFARE

ice whale THE ICELANDIC WHALE WATCHING ASSOCIATION

**VILT ÞÚ STYÐJA ÞENNAN MÁLSTAÐ Í VERKI?** Sendu þá mynd af þér með hvalsporðinn á netfangið: eigumsamleid@gmail.com

> **Thandie Newton**

„Eftir að ég varð móðir fyllt- ist eitthvað upp í öll rými, sem eru ekki full af ein- hverju öðru. Þetta er eins og blaðra sem stækkar og gefur lífinu tilgang“.

***Thandie Newton fer með hlutverk í kvikmynd- inni Crash sem er á dagskrá SkjásEins kl. 21.45 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON ER ÓMARS-MAÐUR

# *Í þá gömlu góðu daga*

Ómar Ragnarsson ber ábyrgð á fyrsta brandaranum sem ég man ljós- lega eftir að hafa heyrt og hlegið að. Það var í sjónvarpsþætti, líklega í upphafi níunda áratugarins, þar sem Ómar fór með gamanmál og sagðist hafa hugsað gríðarlega mikið um Albert Guðmundsson, stjórn- málamann og fyrrum atvinnumann í knattspyrnu, að undanförnu. „Ég er með hann svo mikið á heilanum að höfuðið á mér er orðið Al-bert,“ sagði Ómar og fylgdi djóknum eftir með hláturs-bak- föllum eins og hans er siður. Þetta þótti mér drepfyndið og alla tíð síðan hefur mér þótt vænt um Ómar, eins og fjöldamörgum öðrum. Hversu mikill fýlupúki þarf maður annars að vera til að geta verið illa við Ómar Ragnarsson? Er það ekki athugunarefni fyrir félagsfræðinga framtíðarinnar?

Í það minnsta er ljóst að maðurinn nýtur gríðarlegrar virðingar, eins og ég varð vitni að fyrir nokkrum árum þegar ég sótti spurningakeppni á Grand Rokk sáluga þar sem Ómar var gestaspyrill. Þetta var á þeim árum sem reykingabannið var ein- ungis óraunsæ hugmynd í kollum forræðishygginna stjórnmálamanna, eða svo hélt ég, og á Grand Rokki reyktu nálega allir. Ómar gekk inn í reykjarkófið, rakleitt upp í púltið og bað viðstadda vinsamlegast að reykja ekki meðan á keppninni stæði því reykurinn færi illa í augun á honum. Það var eins og við manninn mælt: Allir, hver einasti maður og kona, drápu í rettunum og virtu ósk Ómars næstu þrjú kort- erin eða svo á eftir án nokkurra andmæla. Flestum virtist heiður að því að láta Ómari líða vel í þennan stutta tíma, og við erum að tala um alvöru reykingafólk sem kallaði ekki allt ömmu sína sem þarna var á ferð.



Svona lagað megna einungis þeir sem eiga slatta inni hjá þjóðinni. Ómar Ragn- arsson er vel kominn að afmælisgjöf- inni sem landsmenn færa honum í dag.

## LAUGARDAGUR



▶ **18.00 Shrek 2** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **18.35 Inside the PGA Tour 2010** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.35 America's Got Talent** STÖÐ 2



▶ **21.45 Crash** SKJÁREINN



▶ **22.35 Túlkurinn** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pálína, Teitur, Sögustund með Mömmu Marsibil, Manni meistari, Konungsríki Benna og Sól- eyjar, Mærin Mæja, Mókó, Elías Knár, Millý og Mollý, Hrúturinn Hreinn

**09.58 Latibær (116:136)**

**10.30 Hlé**

**12.30 Mörk vikunnar** (e)

**13.00 Mótókross** (e)

**13.30 Demantamót í frjálsum íþrótt- um**

**15.30 Landsmót í golfi** (1:2) Bein út- sending frá Íslandsmótinu í höggleik sem haldið er á Kiðjabergsvelli.

**18.40 Táknmálsfréttir**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.40 Popppunktur** (Skriðjöklar - Gildr- an)

**20.45 Ira og Abby** (Ira and Abby) Bandarísk bíómynd frá 2006. Taugaveiklað- ur sálfræðinemi hittir fyrir tilviljun ákaflega mannblendna unga konu sem leggur til að þau gifti sig í hvelli.

▶**22.35 Túlkurinn** (The Interpreter) Bandarísk bíómynd frá 2005. Bandarískum leyniþjónustumanni er falið að grennslast fyrir um túlk sem kemst á snoðir um samsæri um að ráða mann af dögum. At- riði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.45 Venus** (Venus) Bresk bíómynd frá 2006. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. (e)

**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.20 Jesse Stone: Death in Paradise**

**08.00 Yours, Mine and Ours**

**10.00 Top Secret**

**12.00 Shrek 2**

**14.00 Yours, Mine and Ours**

**16.00 Top Secret**

▶**18.00 Shrek 2**

**20.00 Jesse Stone: Death in Paradise**

**22.00 The Big Nothing**

**00.00 Carlito's Way**

**02.20 Proof**

**04.00 The Big Nothing**

**06.00 Man in the Iron Mask**

## STÖÐ 2

**07.00 Flintstone krakkarnir**

**07.25 Lalli**

**07.35 Þorlákur**

**07.45 Kalli og Lóa**

**08.00 Algjör Sveppi** Algjör Sveppi, Harry og Toto, Hvellur keppnisbíll, Gulla og græn- jaxlarnir, Svampur Sveinsson, Áfram Diego, áfram!, Könnuðurinn Dóra

**09.40 Latibær** (16:18)

**10.00 Strumparnir**

**10.50 Daffi önd og félagar**

**11.15 Glee** (20:22)

**12.00 Bold and the Beautiful**

**12.20 Bold and the Beautiful**

**12.40 Bold and the Beautiful**

**13.00 Bold and the Beautiful**

**13.20 Bold and the Beautiful**

**13.45 So You Think You Can Dance** (8:23)

**15.15 So You Think You Can Dance** (9:23)

**16.00 ´Til Death** (4:15)

**16.25 Last Man Standing** (4:8)

**17.15 ET Weekend**

**18.00 Sjáðu**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.56 Lottó**

**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**

**19.29 Veður**

▶**19.35 America's Got Talent** (8:26) Fjórða þáttaröðin af þessari stærstu hæfi- leikakeppni heims.

**20.20 How to Eat Fried Worms** Spreng- hlægileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um fyrsta skóladaginn og baráttu venjulegu krakkanna við strðnispúkana.

**21.45 American Gangster** Sannkröll- uð stórmynd með Denzel Washington og Russell Crowe í leikstjórn Ridleys Scott.

**00.30 X-Files: Fight the Future** Alríkis- lögreglan lokar deild yfirnáttúrulegra atburða eftir fimm ára starfsemi. Mulder og Scully fá ný verkefni og er ætlað að glíma við hryðju- verkamenn.

**02.30 She's the One** Rómantísk gam- anmynd.

**04.05 Raising Arizona** Frábær gaman- mynd um lánlítinn glæpamann og fyrrum lögregluþjónn sem eiga í vandræðum með að eignast barn.

**05.35 Fréttir** Fréttir Stöðvar 2 (e)

## SPORT *besta sætið*

**08.55 Formúla 1 - Æfingar**

**10.00 Reno-Tahoe Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**10.50 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröð- inni í golfi.

**11.15 F1 föstudagur** Hitað upp fyrir kom- andi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum.

**11.45 Þýskaland** Bein útsending frá tíma- tökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Þýskalandi.

**13.20 Veiðiperlur**

**13.50 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá einvíg- inu á Nesinu í þessum frábæra þætti.

**14.40 The Swing**

**15.05 Fjölmiðlafár í Borgarnesi**

**15.45 Sterkasti maður heims**

**16.45 Meistaradeild Evrópu: Inter - Barcelona**

▶**18.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröð- inni í golfi.

**19.00 RBC Canadian Open** Bein út- sending frá RBC Canadian Open motinu í golfi.

**22.00 UFC 116**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.30 Premier League World**

**11.00 New York Football Challenge 20**

New York Red Bulls - Tottenham

**12.50 Ajax - Chelsea**

**14.40 Football Legends** (Ronaldo)

**15.10 1001 Goals** Bestu mörk úrvals- deildarinnar frá upphafi.

**16.05 Kaiserslautern - Liverpool** Bein útsending.

**18.15 HM 2010** Útsending frá leik Portú- gal og Norður-Kóreu á HM 2010.

**20.05 1001 Goals** Bestu mörk úrvals- deildarinnar frá upphafi.

**21.00 New York Football Challenge 20**

New York Red Bulls - Tottenham

**22.45 Kaiserslautern - Liverpool**

Útsending frá vináttuleik Kaiserslautern og Liverpool.

**00.30 New York Football Challenge 20** Bein útsending frá New York Football Challenge-mótinu þar sem mætast Man. City og Sporting Lissabon.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**10.40 Rachael Ray** (e)

**11.25 Rachael Ray** (e)

**12.05 Rachael Ray** (e)

**13.25 Dr. Phil** (e)

**13.25 Dr. Phil** (e)

**14.10 Dr. Phil** (e)

**14.55 Real Housewives of Orange County** (2:15) (e)

**15.40 Being Erica** (11:13) (e)

**16.25 90210** (21:22) (e)

**17.10 Psych** (14:16) (e)

**17.55 The Bachelor** (9:10) (e)

**18.45 Family Guy** (10:14) (e)

**19.10 Girlfriends** (16:22) Skemmtilegur gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.

**19.30 Last Comic Standing** (5:11) Bráð- fyndin raunveruleikasería þar sem grínistar berjast með húmorinn að vopni.

**20.15 The Promotion** Gamanmynd frá árinu 2008 með John C. Reilly og Seann William Scott í aðalhlutverkum.

▶**21.45 Crash** (e) Mynd frá 2004. Sögu- sviðið er Los Angeles og sagðar eru nokkr- ar sögur sem fléttast skemmtilega saman. Myndin lýsir á óvenjulegan hátt lífinu í fjöl- menningarsamfélagi nútímans.

**23.45 Three Rivers** (7:13) (e)

**00.30 Eureka** (10:18) (e)

**01.20 Midnight Bayou** (e)

**02.50 Girlfriends** (15:22) (e)

**03.10 Jay Leno** (e)

**03.55 Jay Leno** (e)

**04.40 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**19.00 Golf fyrir alla**

**19.30 Eldhús meistaranna**

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Grædlingur**

**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi**

**22.00 Skýjum ofar**

**22.30 Mótoring**

**23.00 Alkemistinn**

**23.30 Eru þeir að fá'nn.**

**00.00 Hrafnaþing**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Útsalan er hafin!
Allt að 60% afsláttur
OPIÐ:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 10-17
Lokað á sunnudögum
habitat

ÚTSALAN ER HAFIN!
ALLT AÐ 60 PRÓSENT AFSLÁTTUR
OPIÐ:
Virka daga kl. 10-18
Á laugardögum kl. 10-17
Á sunnudögum kl. 13-17 (í Kauptúni)
TEKK VÖRUHÚS KAUPTÚNI (GEGNT IKEA) SÍMI 564 4499
TEKK COMPANY
Holtagörðum og Kringlunni - www.tekk.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.45

### American Gangster



Sannkölluð stórmynd með Denzel Washington og Russell Crowe í leikstjórn Ridley Scotts. Myndin er sannsöguleg og gerist á 8. áratugnum þegar lögreglumaðurinn Richie Roberts gerði allt sem í hans valdi stóð til að góma eiturlyfjabaróninn Frank Lucas sem þá hélt ríkisbubbunum á Manhattan í helgreipum heróínfíknar.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### So You Think You Can Dance

**Stöð 2 Extra kl. 20.00**

Úrslitaslagurinn heldur áfram og nú eru tíu bestu dansararnir eftir í keppninni. Keppendur þurfa því að leggja enn meira á sig til að eiga möguleika á að halda áfram.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Úrval úr Samfélaginu
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Prússland - Ris og fall járnríkis
**14.00** Andalúsía: syðsta byggð álfunnar
**14.40** Lostafulli listræninginn
**15.15** Dalakofinn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Í boði náttúrunnar
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.15** Auglýsingar
**18.17** Bláar nótur í bland
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Ekkert liggur á: Þemakvöld útvarpsins - Börn
**22.05** Veðurfregnir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**15.25 Nágrannar**
**15.45 Nágrannar**
**16.05 Nágrannar**
**16.30 Nágrannar**
**16.55 Nágrannar**
**17.20 Wonder Years** (4:17)
**17.45 Ally McBeal** (16:22) Ally stressast upp þegar þriðja stefnumót þeirra Victors nálgast og Cage finnur hina eina sönnu á ólíklegum stað.
**18.30 E.R.** (7:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**19.15 Here Come the Newlyweds** (3:6) Skemmtilegur raunveruleikaþáttur í anda Beauty and the Geek þar sem nýgift hjón keppa í allskyns skemmtilegum þrautum um veglega verðlaunaupphæð.
**20.00 So You Think You Can Dance** (8:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins tíu bestu dansararnir eru eftir í keppninni.
**21.25 So You Think You Can Dance** (9:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að vinna þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.
**22.10 Wonder Years** (4:17)
**22.35 Ally McBeal** (16:22)
**23.20 E.R.** (7:22)
**00.05 Here Come the Newlyweds** (3:6)
**00.50 Sjáðu**
**01.15 Fréttir Stöðvar 2**
**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Only Fools and Horses **10.35** Only Fools and Horses **11.05** Only Fools and Horses **11.35** Only Fools and Horses **12.05** Only Fools and Horses **12.35** Lark Rise to Candleford **13.25** My Family **13.55** My Family **14.25** My Family **14.55** My Family **15.25** My Family **15.55** Dancing with the Stars **16.55** Dancing with the Stars **17.55** Robin Hood **18.40** Doctor Who **19.25** Doctor Who **20.10** Doctor Who **20.55** Dancing with the Stars **21.55** Dancing with the Stars **22.55** Whose Line Is It Anyway? **23.25** Whose Line Is It Anyway? **23.55** Whose Line Is It Anyway?

## DR 1

**10.00** På sporet **10.50** Eureka **11.40** Den sidste bonde **12.10** Inspector Morse **13.55** Hvem ved det! **14.25** Vilde roser **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Kaj og Andrea slukker en brand **15.55** Hvad vil du vide **16.00** På optagelse med Livets planet **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Så stort - og så med modeljernbaner **18.00** Merlin **18.45** Aftentour 2010 **19.10** Kriminalkommissær Barnaby **20.45** Drama i dybet **22.45** Rush hour

## NRK 1

**12.00** Skishow på sommerføre **13.20** Munter mat **13.50** Norsk attraksjon **14.20** 20 sporsmål **14.45** 4-4-2 **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Skishow på sommerføre **19.20** Med lisens til å sende **20.20** Sjukehuset i Aidensfield **21.05** Kveldsnytt **21.20** Forhandleren **23.35** Dansefot jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.00** Vinnarna **10.30** Golf: Scandinavian Masters **14.30** Örter - naturens eget apotek **14.50** Allsång på Skansen **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Merlin **17.00** Pip-Larssons **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Sommarkväll med Anne Lundberg **19.00** The Seventies **19.30** Mördare okänd **21.10** Rapport **21.15** Golf: Scandinavian Masters **22.00** Studio 60 on the Sunset Strip **22.45** Wild Wild West




## PERSÓNAN



*Erna Óðinsdóttir*

**Starf:** Klæðskeri.
**Aldur:** 34 ára.
**Fjölskylda:** Þriggja barna móðir í sambúð.
**Búseta:** Býr með fjölskyldunni á Flúðum.
**Stjörnumerki:** Fædd fyrsta mánuðinn á árinu og er því steingeit.

# Mugison samdi útilegulag í jarðarför

Tónlistarmaðurinn Mugison hefur samið lagið „Stingum af“ sem hann ætlar að frumflytja á nýrri tónlistarhátíð sem verður haldin á Hótel Laugarhóli á Ströndum í dag.

Hann fékk hugmyndina að laginu þegar hann var í jarðarför í Mývatnssveit og samdi það nánast á staðnum, eða í erfisdrykkjunni öllu heldur. Lagið er þó langt í frá einhver jarðarfarasálmur heldur hress útileguslagari í anda Hljóma. „Ég held að Gunnar Þórðarson hafi samið þetta lag með mér. Ég veit ekki alveg hvernig það gerðist en ég held ég verði að skrá hann sem meðhöfund að þessu lagi,“ segir Mugison. „Þetta er alveg geðveikt Gunna Þórðar-lag og ég held ég hendi því á Facebook í næstu viku.“

Auk Mugison koma fram á hátíðinni Pétur Ben, Lára Rúnars og hljómsveitin Pollapönk og er aðgangur ókeypis. „Hún Dísa Einars sem er með Laugarhól er föðursystir Rúnu, konunnar minnar. Hún bað okkur um að koma og við ákváðum að kýla saman í gott sprell og taka kassagítarana með. Þetta verður kúl og kasúal með grill í annarri og kassagítarinn í hinni,“ segir Mugison hress að vanda. - fb



**MUGISON** Tónlistarmaðurinn Mugison hefur samið lagið Stingum af, sem er undir áhrifum frá Gunna Þórðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT 2.** ofsi, **6.** tónlistarmaður, **8.** sjáðu, **9.** árkvíslir, **11.** klaki, **12.** vörubyrgðir, **14.** kál, **16.** hæð, **17.** þrí, **18.** lyftist, **20.** 999, **21.** ljómandi.
**LÓÐRÉTT 1.** ílát, **3.** í röð, **4.** baptisti, **5.** umrót, **7.** sígild list, **10.** siða, **13.** hnoðað, **15.** mund, **16.** tímabils, **19.** sjó.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** kk, **8.** skó, **9.** ála, **11.** ís, **12.** lager, **14.** salat, **16.** ás, **17.** trí, **18.** rís, **20.** im, **21.** skær.
**LÓÐRÉTT: 1.** skál, **3.** rs, **4.** skírari, **5.** los, **7.** klassík, **10.** aga, **13.** elt, **15.** tími, **16.** árs, **19.** sæ.




GUÐLAUGUR ÓTTARSSON: ÞETTA VERÐUR TÁKNRÆNN GJÖRNINGUR

# Hljómsveitin Þeyr kemur saman í Norræna húsinu

„Þetta verður svolítið hátíðlegt. Þetta verður ekki svona rokk og ról eins og Rúdólf eða Killer Boogie,“ segir Guðlaugur Kristinn Óttarsson, gítarleikari hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar Þeys.

Þeyr kemur fram á 100 ára afmæli íslensku hljómplötunnar í Norræna húsinu 23. ágúst næstkomandi. Hljómsveitin hætti árið 1983 eftir stuttan en farsælan feril sem hófst, að sögn Guðlaugs, fyrir alvöru þegar hin eiginlega Þeyr varð til í janúar 1981.

„Þetta verður táknræn gjörningur,“ segir Guðlaugur. „Sigtryggur [Baldursson, trommari] verður ekki með, ég veit ekki með Þorstein. Hann er búinn að vera neðanjarðar í 25 ár.“ Guðlaugur segir að hann, Hilmar Örn Agnarsson bassaleikari og söngvarinn Magnús Guðmundsson verði fulltrúar hljómsveitarinnar ásamt allsherjargoðanum Hilmari Erni Hilmarssyni. „Svo verðum við með unga tónlistarmenn sem ætla að stíga á stokk og flytja Þeysverk,“ segir Guðlaugur. „Lögin verða í allt annarri útsetningu með strengjaútsetningar. Prógrammið er að skýrast – það er mánuður í þetta. Við verðum líka með myndasýningar og fyrirlestur.“

Hljómplötuklúbburinn Íslensk tónlist stendur fyrir dagskrá í Norræna húsinu í tilefni af afmæli íslensku plötunnar. Þá verða 100 ár frá útgáfu Dalvísa með Pétri A. Jónssyni. Kynnir verður Freyr Eyjólfsson og ásamt Þey koma meðal annars Garðar Thor Cortes og Ragnar Bjarnason fram.

„Prógrammið er fyrst og fremst helgað 100 ára afmæli íslensku hljómplötunnar og þar sem Þeysararnir voru stór þáttur í að starta þessari rokkbylgju á Íslandi var eðlilegt að við værum með,“ segir Guðlaugur.

Er möguleiki á því að á næsta ári komi hljómsveitin saman og haldi eins og eina rokktónleika?

„Þetta er allavega fyrsta skrefið nú þegar menn eru farnir að tala saman og útsetja tónlistina. En við höfum alltaf haft þá stefnu að þegar Þeysararnir kæmu saman myndum við gera nýtt efni. Sýna hvernig þeir hefðu þróast ef þeir hefðu haldið áfram.“

atlifannar@frettabladid.is



**SKIPULEGGJA ENDURKOMU**

**Guðlaugur Kristinn Óttarsson** og félagar í rokkgoðsögninni Þeyr hyggja á endurkomu í ágúst. Trommarinn **Sigtryggur Baldursson** getur ekki verið með félögum sínum í Norræna húsinu vegna anna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Strandhandboltamót verður haldið í sjöunda sinn í Nauthólsvík í dag og er búist við sannkölluðu sólarstrandaveðri, eða sól og sautján gráðu hita. Sextán lið taka þátt, átta kvennalið og átta karlalið, og koma flestir leikmennirnir úr efstu deildunum hér heima, þar á meðal Bjarni Fritzson og Sturla Ásgeirsson. Einnig tekur atvinnumaðurinn Aron Pálmarsson úr þýska liðinu Kiel þátt í mótinu og sjónvarpsmaðurinn góðkunni **Sveppi**.



Og meira af strandhandbolta því Ólafur Stefánsson hefur nokkrum sinnum tekið þátt í mótinu en óvíst er hvort hann lætur sjá sig í dag. Meiðsli eru að plaga hann, líkt og **Loga Geirsson** sem verður fjarri góðu gamni. Einhverjar líkur eru þó á að Logi láti ljós sitt skína á lokahófi mótsins sem verður haldið í kvöld á skemmtistaðnum B5.

Friðrik Weisshappel afhendir **Ómari Ragnarssyni** afmælisgjöf frá þjóðinni við Café Flóru í Grasagarðinum í dag. Þá kemur í ljós hversu há upphæðin er en Friðrik hefur verið þögull sem gröfin um hana. Heimildir Fréttablaðsins herma þó að góður meirihluti þeirra tæplega 8.000 sem skráðu sig á Facebook hafi látið peninga af hendi rakna. Ómar hyggst troða upp á samkomunni í dag og þá mun Friðrik hafa lofað að baka pönnukökur ofan í allavega fyrstu hundrað sem mæta.



- fb, afb




# Fjörutíu vilja stjórna bíóteki

Tæplega fjörutíu umsóknir bárust um stöðu framkvæmdastjóra bíóteksins sem verður starfrækt í húsnæði Regnbogans við Hverfisgötu. Umsóknarfrestur rann út á miðnætti á fimmtudaginn.

„Þetta fór rólega af stað en svo hrúguðust inn umsóknirnar á síðustu metrunum,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Ásgrímur Sverrisson, sem tók á móti umsóknunum. „Það er mikið af fínu fólki þarna og greinilegt að við eigum hæfileikafólk á mörgum sviðum. Við erum mjög ánægð með þessa breidd sem er í umsóknunum.“ Leitað var eftir manneskju með reynslu af rekstri og stjórnun og að sjálfsögðu var þekking á kvikmyndaheiminum talinn kostur. Að sögn Ásgríms sótti alls konar fólk um stöðuna, þar á meðal úr kvikmyndabransanum.

Stefnt er að því að bíótekið opni í haust. Boðið verður upp á daglegar sýningar á fjölbreyttu úrvali kvikmynda. Einnig verður Regnboginn vettvangur kvikmyndahátíða og hvers kyns viðburða á sviði kvikmynda. Þá mun Kvikmyndaskóli Íslands vera með starfsemi í húsinu yfir daginn, virka daga.

Ásgrímur segir að margir hafi haft samband vegna starfsemi bíóteksins. „Fólk hefur áhuga á að koma þarna inn með afmörkuð verkefni í formi hátíða eða viðburða, sem er alveg frábært. Við viljum hafa sem fjölbreyttasta starfsemi þarna inni.“ - fb



**ÁSGRÍMUR SVERRISSON** Tæplega fjörutíu umsóknir bárust um stöðu framkvæmdastjóra bíóteksins sem verður í Regnboganum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


Nýkomin sending af leður- og tausófasettum
Model: FIO-08
Leður: Svart, hvítt og brúnt.
3ja sæta kr. 255.000,- Nú kr. 191.250,-
2ja sæta kr. 192.000,- Nú kr. 144.000,-
25% afsláttur
Leður: Svart og hvítt.
Stóll kr. 126.000,- Nú kr. 94.500,-
Model: AT-H2189
Leður: Hvítt, svart & brúnt. Með háu og lágu baki.
25% afsláttur
Model: COW WD5876
Borð: 90x190 (270 m. stækkun) / Hvítt og svart
Kr. 145.000,- Nú kr. 108.750,-
Kr. 19.800,- Nú kr. 14.850,-
Model: AT-H2189
Model: COW WD5867
25% afsláttur
Borð: 90x190 (270 m. stækkun) / Hvítt, svart & hnota.
Kr. 175.000,- Nú kr. 131.250,-
25% afsláttur af öllum vörum!
Model: FIO-66
25% afsláttur
3ja sæta kr. 231.500,- Nú kr. 173.625,- Leður: Svart og hvítt.
Stóll kr. 127.000,- Nú kr. 95.250,-
HEIMA HÚSIÐ
heima mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET • FLÍSAR
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



RÓMEÓ OG JÚLÍA
Vesturport
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Borgarleikhúsið


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Lítið skálað á Íslandi



Frá Frakklandi berast þau tíðindi að sala á kampavíni hafi rokið upp undanfarna mánuði og þykir það benda til að kreppunni sé lokið. Ef aukin kampavínssala er marktæk vísbending um batnandi efnahag eru sölutölurnar á Íslandi ekkert til að skála fyrir. Aðeins 1.400 lítrar af kampavíni seldust hér á landi frá janúar fram í júní, samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR. Það er um 900 lítrum minna en á sama tímabili í fyrra en þá hrundi salan eftir að hafa verið 4.900 lítrar á fyrri árshelmingi 2007 og 5.400 lítrar 2008. Íslendingar drekka með öðrum orðum nærri fjórum sinnum minna kampavín en þeir gerðu í hámarki góðærisins.

### Ráðherra skýtur til baka

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar funduðu með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka í tilefni af dómi héraðsdóms um vexti gengistryggðra lána í gær. Fjölmiðlar sátu fundinn og voru fundargestir myndaðir í gríð og erg. Heldur létti stemninguna, sem eðli málsins samkvæmt var þrungin alvöru, þegar **Össur Skarphéðinsson** utanríkisráðherra brá á leik og lét ljósmyndara bragða á eigin meðali. Hann dró upp myndavél, „skaut til baka“ og hafði gaman af. Ráðherrann kvaðst þarna hafa „papparassað“ ljósmyndarana, en í útlöndum kallast þeir „papparazzi“ sem elta frægt fólk og ljósmynda hvar sem til þess næst.



**- bs, óká**

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Nær köfnuð í beinni útsendingu
2. Sakar Íslending á Spáni um ofsóknir og líflátshótanir
3. „Að sjálfsögðu ósigur fyrir okkur“
4. Farið verður eftir óverðtryggðum vöxtum Seðlabankans
5. Vísindamenn komnir á sporið í leitinni að guðseindinni
6. Frekar flókin nauðgun


Vesturport
RÓMEÓ OG JÚLÍA
Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið






© Inter IKEA Systems B.V. 2009

IKEA®

**Verslunin opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

**www.IKEA.is**